



IVR

IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ



Vaxtarsamningur Vestfjarða

til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar

Tillögur Verkefnisstjórnar
um byggðaáætlun fyrir Vestfirði

Janúar 2005

***Vaxtarsamningur
Vestfjarða
til aukinnar
samkeppnishæfni og sóknar***

**Tillögur Verkefnisstjórnar
um byggðaaáætlun
fyrir Vestfirði**

Janúar 2005

Útgefandi: Lónaðar- og viðskiptaráðuneytið
Umsjón og ábyrgð útgáfu: Verkefnisstjórn um byggðaaáætlun fyrir Vestfirði
Ritstjóri: Baldur Pétursson
Prentumsjón: Athygli
Prentun: Svansprent
Ljósmyndir á forsiðu: www.snorrason.is
1. útgáfa
Upplag: 500 eintök
ISBN: 9979-871-49-0

Efnisyfirlit

I. FORMÁLSORD	7
II. NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR	8
III. INNGANGUR	9
III.1 ALMENNT YFIRLIT.....	9
III.2 STÖRF VERKEFNISSTJÓRNAR.....	10
IV. TILLÖGUR VERKEFNISSTJÓRNAR UM BYGGÐAÞRÓUN Á VESTFJÖRDUM	12
IV.1 SVÆÐIÐ OG AFMÖRKUN ÞESS	12
IV.2 HUGMYNDAFRÆÐI, FYRIRMYNDIR OG FORSENDUR.....	12
IV.3 VAXTARSAMNINGUR – SJÁLFBÆR FRAMKVÆMD TIL SÓKNAR	13
IV.4 FRAMTÍÐARSÝN	13
V. VAXTARSAMNINGUR HELSTU EINKENNI	14
V.1 HELSTU EINKENNI VAXTARSAMNINGS	14
<i>Einkenni Vaxtarsamnings</i>	14
<i>Markmið Vaxtarsamnings</i>	14
<i>Framkvæmd Vaxtarsamnings</i>	14
<i>Fjármögnun og kostnaður Vaxtarsamnings</i>	15
V.2 ÁHERSLA Á 3 KLASA / VAXTARKJARNA	15
<i>Klasar Vaxtarsamnings</i>	15
V.3 ÁVINNINGUR AF STARFSEMI KLASA	17
VI. ÞRÓUN EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁLA Á VESTFJÖRDUM	20
VI.1 SVEITARFÉLÖG Á VESTFJÖRDUM - ÁHRIFASVÆÐI	20
VI.2 MANNFJÖLDI.....	20
VI.3 ALDURSSKIPTING	23
VI.4 FJÖLSKYLDUSAMSETNING	26
VI.5 VINNUMARKAÐUR	26
VI.6 ATVINNULEYSI.....	28
VI.7 TEKJUR OG EFNAHAGUR	29
VI.8 FYRIRTÆKI.....	30
VI.9 SAMGÖNGUR.....	30
VI.10 STÖRF Á VEGUM RÍKISINS Á VESTFJÖRDUM	34
VII. SAMKEPPNISHÆFNI - SVOT GREINING	37
VIII. KLASAR TIL AUKINNAR SAMKEPPNISHÆFNI FYRIRTÆKJA OG SVÆÐA	39
VIII.1 NÁMSKEIÐ UM UPPBYGGINGU, REKSTUR OG NÝTINGU KLASA TIL AUKINNAR SAMKEPPNISHÆFNI FYRIRTÆKJA OG SVÆÐA	40
VIII.2 ALÞJÓÐLEG VERKEFNI – NPP, NORA, EES/ESB, SP, OFL.	41
IX. ALÞJÓÐLEG ÞRÓUN, ALÞJÓÐAVÆÐING, HUGMYNDAFRÆÐI OG FYRIRMYNDIR	43
IX.1 ÁHERSLUR Í RÍKJUM OECD.....	43
IX.2 ÁHERSLUR Í BYGGÐAMÁLUM Í FINNLANDI – OULU – VAXTAKJARNI / KLASI	45
<i>Byggðamál</i>	45
<i>Vaxtarsamningur: Growth Agreement 2006 (GA 2006)</i>	45
X. TILLÖGUR VERKEFNISSTJÓRNAR	46
X.1 EINSTAKA TILLÖGUR UM FRAMKVÆMDIR FLOKKAÐAR EFTIR SVIÐUM.	47
X.2 TILLÖGUR SEM ÞEGAR HAFA VERIÐ LAGÐAR FRAM.....	49
X.3 NÝJAR TILLÖGUR	52
1. <i>Uppbygging Ísafjarðarbæjar sem byggðakjarna á Vestfjörðum</i>	52
SJÁVARÚTVEGS OG MATVÆLASVIÐ	53
2. <i>Miðstöð sjókvíarannsóknna sjávarfiskaeldis</i>	53
3. <i>Könnun á samkeppnishæfni rækjuiðnaðar</i>	54
4. <i>Aukin verðmæti sjávarfangs - líftækni</i>	55

5.	<i>Ræktun og eldi risarækju á Reykhólum</i>	56
MENNTA- OG RANNSÓKNARSVIÐ.....		57
6.	<i>Háskólasetur/Þekkingarsetur - Fjárhagslegur grundvöllur</i>	57
7.	<i>Efning nýsköpunarstarfs á Vestfjörðum</i>	58
8.	<i>Efning náms á framhaldsskólastigi – iðn- og verkmenntun</i>	59
MENNINGAR- OG FERÐAÞJÓNUSTUSVIÐ.....		60
9.	<i>Markaðsáttak í ferðaþjónustu á Vestfjörðum</i>	60
10.	<i>Efning menningarmála á Vestfjörðum</i>	61
11.	<i>Bygging hótels á sunnanverðum Vestfjörðum</i>	62
12.	<i>Hornstrandafriðland – landvarsla og stofnun Hornstrandastofu</i>	63
13.	<i>Efning á náttúru- og menningartengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum</i>	64
14.	<i>Héraðsskjalasafn á Ströndum</i>	65
AÐRAR MEGIN TILLÖGUR.....		66
15.	<i>Fjölgun opinberra starfa á Vestfjörðum</i>	66
16.	<i>Stytting á núverandi leið um Vestfjarðaveg nr. 60 frá Flókalundi að Gilsfjarðarbrú</i>	67
17.	<i>Styttingar á núverandi leið um Djúpveg nr. 61 frá Ísafirði að Gilsfjarðarbrú</i>	68
18.	<i>Styttingar á núverandi leið um Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði um Vestfjarðaveg nr. 60 milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar með jarðgangagerð</i>	69
19.	<i>Uppbygging ferðamannaleiða</i>	70
20.	<i>Orkufyrirtæki í Norðvesturkjördæmi</i>	71
21.	<i>Áhersla á sameiningu og samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum</i>	72
22.	<i>Fjölmenningarsetur – landsmiðstöð í málefnum innflytjenda á Íslandi</i>	73
23.	<i>Efning flugsamgangna með Ísafjörð sem miðstöð</i>	74
24.	<i>Átakið „Heilsuþærinn Bolungarvík á nýrri öld“ – fjárhagslegur grundvöllur</i>	75
25.	<i>Landsmiðstöð og stjórnstöð heimahjúkrunar á Ísafirði</i>	76
26.	<i>Gagnvirk miðlun upplýsinga í fjölmenningarlegu samfélagi</i>	77

I. Formálsorð

Opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing á umliðnum árum hefur gert verulega auknar kröfur á hendur einstökum byggðum og svæðum, og fyrirtækjum, um skilvirkni og árangur. Á sama tíma hafa einstök svæði og byggðir víðast hvar fengið aukið hlutverk og ábyrgð á sviði sveitarstjórna- og byggðamála, þar sem víða í heiminum, m.a í Evrópu, hefur framkvæmd og umsjón ýmissa verkefna á sviði byggðamála verið í vaxandi mæli færð frá opinberri stjórnsýslu - frá ríki til sveitarfélaga s.s. ráðuneytum - til svæðanna sjálfra.

Þessi þróun hefur gert auknar kröfur um aukið samstarf á milli hinna ýmsu aðila, innan og utan viðkomandi svæða, opinberra sem einkaaðila, þar sem grunnur að skilvirkri byggðastefnu byggir á fjölmörgum samverkandi efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum. Í þessu sambandi má helst líkja skilvirku starfi á sviði byggðamála við starfsemi fyrirtækja, þar sem samkeppnishæfni einstakra byggða byggir í vaxandi mæli á fjölmörgum þáttum innan og utan þeirra, á sama hátt og samkeppnishæfni einstakra fyrirtækja.

Innan stofnana s.s. OECD má einnig sjá breyttar áherslur á þessu sviði og vaxandi umfjöllun er um svæðisbundinn hagvöxt, og stofnunin hefur aukið athuganir og ráðgjöf á þessu sviði. Þetta gefur sterka vísendingu um að byggðamál eru ekki eitthvað sem er "úrelt eða gamaldags" - heldur er starf á þessu sviði mikilvægur hlekkur í samræmdri og skilvirkri efnahags-, skipulags- og hagþróun einstakra svæða og landa, þar sem alþjóðavæðing og samstarf óháð landamærum skiptir sífellt meira máli. Þróun á þessu sviði er ótvírætt frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) þar sem tekið væri tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta.

Af þessum sökum er alþjóðleg skirskotun, upplýsingamiðlun og aukið alþjóðlegt samstarf afar mikilvægt, á hvaða sviði sem er. Sambærilega þróun má glögglega sjá á sviði atvinnulífs, þar sem alþjóðleg samvinna fer sífellt vaxandi, hvort sem um er að ræða útrás íslenskra fyrirtækja eða erlent samstarf á Íslandi. Sem dæmi má nefna EES-samninginn sem er eitthvert stærsta skref sem tekið hefur verið hér á landi á sviði alþjóðavæðingar og opnað fyrir alþjóðlegt samstarf Íslendinga á hinum margvíslegustu sviðum, s.s. á sviði rannsókna, menntamála og atvinnulífs.

Í þessari áfangaskýrslu Verkefnisstjórnar um byggðaaætlun Vestfjarða er horft til nýrra tíma í nýtingu landsins. Þar þarf landshugsun að víkja fyrir svæðishugsun; byggðakjarna verður að skipuleggja í ljósi styrkleika, tækifæra og samkeppnishæfni, innanlands sem á alþjóðavettvangi. Svæðið umhverfis Ísafjörð hefur ótal margt sem hægt er að nýta til frekari sóknar á innlendum sem erlendum vettvangi. Í þessum efnum skiptir ímynd svæðisins einnig sköpum og helst í hendur við framsækna og skarpa framtíðarsýn.

Sú sýn, verkfæri og markmið sem hér eru sett fram eru veigamikill grunnur að frekari árangri í framtíð varðandi uppbyggingu svæðisins. Byggðamál og árangur einstakra svæða má að vissu leyti líkja við fyrirtæki þar sem árangur byggist á raunhæfu stöðumati og því að taka tillit til breyttra aðstæðna, nýta ný vinnubrögð og tækni til sóknar. Ábyrgð á byggðamálum er að færast í meira mæli til viðkomandi byggðarlaga, sem gerir kröfur um nýjar áherslur. Á sama tíma er mikilvægt að starfsskilyrði atvinnulífs og byggða séu hér samkeppnishæf miðað við okkar samkeppnislönd. Þetta gildir ekki síst þar sem samkeppnishæfni svæða byggist hvað mest á samkeppnishæfu atvinnulífi.

Til að treysta sem best byggðapróun einstakra svæða er afar mikilvægt að skapa kraftmikið, sjálfbært og skapandi ferli, sem hefur ábyrgð á byggðamálum viðkomandi svæða. Tækifærin koma ekki og banka á dyrnar í byggðamálum frekar en en á öðrum sviðum, og því er skilvirkt starf á einstaka svæðum afar mikilvægt. Starfi á sviði byggðamála lýkur hinsvegar aldrei frekar en starfi innan fyrirtækja.

Verkefnisstjórn um byggðaaætlun Vestfjarða

II. Niðurstöður og tillögur

NIÐURSTÖÐUR

Vestfirðir eiga sér mikla möguleika til vaxtar og þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum og tækifærum sem fyrir hendi eru á svæðinu, sem og þeim áherslum og tillögum sem hér eru kynntar. Það er jafnframt mat og framtíðarsýn verkefnisstjórnar að fyrir árið 2020 verði íbúatala svæðisins um 8300 í fjölskylduvænu samfélagi sem verður eftirsótt vegna atvinnutækifæra, góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma, sem byggist á fjölbreyttu, framþróðu, sérhæfðu og samkeppnishæfu atvinnulífi. **Gert er ráð fyrir að íbúum svæðisins fjölgi árlega að meðaltali um a.m.k. 40 eða 0,5%.** Tillögur um aðgerðir skiptast í þrjá flokka: 1. uppbygging byggðakjarna fyrir Vestfirði, 2. tillögur um vaxtarsamning og 3. aðrar tillögur.

TILLÖGUR

1. Uppbygging Ísafjarðarbæjar sem byggðakjarna

Markmið tillögunnar er að efla Vestfirði með Ísafjarðarbæ sem kjarna stjórnsýslu, menntunar og þjónustu. Stjórnvöld taki stefnumarkandi ákvörðun um að Ísafjörður verði byggðakjarni fyrir Vestfirði.

2. Vaxtarsamningur

Gerður verði svokallaður vaxtarsamningur frá 2005 til 2008 sem byggist á nýjum aðferðum við að styrkja hagvöxt einstakra svæða, sbr. Vaxtarsamning Eyjafjarðarsvæðisins. Vaxtarsamningurinn miði öðru fremur að sjálfbæru framkvæmdaferli er hafi það að markmiði að auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt, þróa og styrkja helstu vaxtargreinar þess og efla svæðisbundna sérþekkingu. Meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á eftirfarandi kjarnasviðum:

- 1) Sjávarútvegs- og matvælaklasi
- 2) Mennta- og rannsóknarklasi
- 3) Menningar- og ferðaþjónustuklasi

Ávinningur vaxtarsamnings er að festa í sessi til langs tíma kraftmikið og skilvirkt starf sem miðar að auknum hagvexti svæðisins, auknum fjölbreytileika í atvinnulífi og fjölgun starfa. Starfsemi vaxtarsamnings hefst um mitt ár 2005 og gildi til ársloka 2008. Árlega verði varið 30 - 40 m.kr. til verkefnisins, sem fjármagnað verði af ríki, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi. Skipuð verði stjórn Vaxtarsamnings sem í eigi sæti fulltrúar frá helstu aðilum á Vestfjörðum sem og frá ríki.

3. Tillögur um beinar aðgerðir á einstaka klösum (sviðum)

Samhliða því að starfsemi vaxtarsamnings komi til framkvæmda, er afar brýnt að ráðist verði í aðgerðir á einstaka sviðum. Forgangstillögum um aðgerðir er hér skipt í 4 megin flokka:

1. Sjávarútvegs- og matvælaklasi

- Uppbygging í eldis- og veiðarfæratækni (2003)
- Miðstöð sjókvíarannsóknna sjávarfiskaeldis
- Könnun á smkeppnishæfni rækjuiðnaðar
- Aukin verðmæti sjávarfangs – líftækni
- Ræktun og eldi risarækju á Reykhólum

2. Mennta- og rannsóknarklasi

- Háskólasetur/Þekkingarsetur (2003) – fjárhagslegur grunnur treystur
- Snjóflóðarannsóknarmiðstöð (2003)
- Efling nýsköpunarstarfs
- Efling náms á framhaldsskólastigi – iðn og verkmenntun

3. Menningar- og ferðaþjónustuklasi

- Markaðsáttak í ferðaþjónustu
- Efling menningarmála
- Efling á náttúru- og menningartengdri ferðaþjónustu
- Bygging hótels á sunnanverðum Vestfjörðum
- Hornstrandaríöland – landvarsla og stofnun Hornstrandastofu
- Héraðsskjalasafn á Ströndum

4. Tillögur á öðrum sviðum

- Bættar samgöngur - styttingar á akstursleiðum á Vestfjörðum
- Fjölgun opinberra starfa
- Uppbygging ferðamannaleiða
- Orkufyrirtæki í Norðvesturkjördæmi
- Áhersla á sameiningu og samstarf sveitarfélaga
- Fjölmenningarsetur – landsmiðstöð í málefnum innflytjenda á Íslandi
- Efling flugsamgangna með Ísafjörð sem miðstöð
- Átakið *Heilsuþæringin Bolungarvík* – á nýrri öld – Fjárhagslegur grundvöllur
- Landsmiðstöð og stjórnstöð heimahjúkrunar á Ísafirði
- Gagnvirk miðlun upplýsinga í fjölmennningarlegu samfélagi

Þessum tillögum er öllum lýst aftar í skýrslu þessari. Áhersla er lögð á að hraða framkvæmd þessara tillagna.

III. Inngangur

III.1 Almennt yfirlit

Þann 26. september 2003 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, þriggja manna verkefnisstjórn til að vinna að aðgerðum í byggðamálum á Vestfjörðum. Í skipunarbréfi verkefnisstjórnarinnar kemur eftirfarandi fram:

„Í mars 2003 kom út byggðaaætlun fyrir Vestfirði, sem var unnin af fulltrúum allra sveitarfélaga á Vestfjörðum og fjölda aðila úr atvinnu-, mennta- og menningarlífi Vestfjarða. Byggðaaætlunin er svæðisbundin áætlun sem fellur vel að þingsályktun um stefnu í byggðamálum 2002-2005. Í byggðaaætluninni koma fram margar beinar tillögur um ný verkefni sem talið er mikilvægt að farið verði í á Vestfjörðum. Það er mat ráðuneytisins að margar þessara tillagna séu líklegar til árangurs og að þörf sé á því að skoða þær betur með tilliti til framkvæmdar.

Á grundvelli þessara tillagna sem og þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 hefur iðnaðarráðherra ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til þess að meta framkomnar tillögur, taka nýjar tillögur til umfjöllunar og gera áætlun um framkvæmd þeirra.“ (Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: 2004)

Í verkefnisstjórnina voru skipuð:

Baldur Pétursson, deildarstjóri í iðnaðarráðuneyti, formaður;
Kristján G. Jóhannsson, framkvæmdastjóri Ísafirði;
Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæ.

Í maí 2004 bættust tveir nýir stjórnarmenn við,
Þórólfur Halldórsson, sýslumaður á Patreksfirði og
Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri á Hólmavík.

Starfsmenn verkefnisstjórnarinnar eru: Guðmundur Guðmundsson, Byggðastofnun;
Aðalsteinn Óskarsson, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða; Hrefna Magnúsdóttir, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.

Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er að meta tillögur, taka nýjar til umfjöllunar og gera áætlun um framkvæmd þeirra. Í því starfi er lögð áhersla á verkefni sem líkleg eru til að skila árangri í styrkingu atvinnulífs og annarra búsetuskilyrða. Meðal verkefna nefndarinnar er að huga sérstaklega að aðgerðum sem eru til þess fallnar að styrkja Ísafjörð sem byggðakjarna á Vestfjörðum.

Einnig er hlutverk verkefnisstjórnarinnar að gera tillögur til ráðherra um aðgerðir í byggðamálum fyrir Vestfirði fyrir næstu þrjú ár. Með tillögunum fylgir framkvæmdaaætlun þar sem fram kemur hver beri ábyrgð á framkvæmd einstakra verkefna, áætlun um kostnað þar sem það á við og tímasetning einstakra aðgerða.

Verkefnisstjórnin átti að hraða störfum og skila skýrslu um megintillögur sem fyrst á árinu 2004 og síðan greinargerð um framvindu verksins til ráðherra tvisvar á ári. Áætlað er að verkefninu ljúki eigi síðar en við lok ársins 2006.

Meginþunginn í tillögugerð VBV (Verkefnisstjórn um byggðapróun Vestfjarða) sem hér er að finna er að byggja enn frekar á helstu styrkleikum svæðisins á sviði sjávarútvegs- og matvælaframleiðslu, menntunar og rannsókna og menningar og ferðaþjónustu. Á þessum 3 stöðum byggir VBV helstu tillögur sínar, ásamt því að benda á umbætur í samgöngumálum og samskiptum sveitarfélaga sem geta styrkt umræddar stöðir.

Markmið tillagnanna er fyrst og fremst að auka hagvöxt svæðisins (Vestfjarða) og fjölga atvinnutækifærum og treysta Ísafjörð sem byggðakjarna svo hann geti enn frekar sinnt því lykilhlutverki sínu að vera miðstöð atvinnu, menningar og þjónustu á öllum Vestfjörðum. Samstillt átak sveitarstjórna, atvinnulífs og ríkisvalds er nauðsynlegt til að skila árangri.

Vaxtarsamningur þessara aðila, sem kynntur er hér á eftir, gæti markað Vestfjörðum mikla sérstöðu og markað ný spor í byggðamálum hér á landi, sem aðferðafræði við eflingu byggðakjarna, byggða á aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða.

III.2 Störf verkefnisstjórnar

Vinna verkefnisstjórnar hefur nú tekið um eitt ár og hefur verið unnið ötullega að gagnasöfnun, viðtölum við heimamenn og aðra, á sama tíma og miðlað hefur verið til landsins erlendri ráðgjöf á sviði byggðamála. Samvinna og samstarf hefur verið við Verkefnisstjórn byggðaaætlunar fyrir Eyjafjörð (VBE) og fór hluti stjórnarmanna í október 2003 til Oulu í Finnlandi, ásamt fulltrúum VBE nefndarinnar til að kynna sér finnsku leiðina í byggðamálum, sem þykir nýstárleg, framsækin og árangursrík.

Í starfi verkefnisstjórnar hefur verið lögð áhersla á samspil og aukna samvinnu allra aðila; einstaklinga, samtaka, atvinnulífs, sveitarfélaga og opinberra aðila – sem og aukið samstarf á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Á sama tíma hefur verið lögð sérstök áhersla á samkeppnishæfni svæðisins á öllum sviðum með hliðsjón af þróun alþjóðavæðingar. Segja má að störf verkefnisstjórnar séu nýstárleg – þar sem m.a. er tekið mið af alþjóðlegum áherslum og nýjungum á sviði byggðamála.

Í megin atriðum má segja að áherslur í störfum verkefnisstjórnar megi skipta í 5 flokka

- Gagnasöfnun.
- Samstarf við helstu aðila á svæðinu.
- Upplýsingamiðlun frá erlendum aðilum.
- Skipuleg greining á sóknarfærum svæðisins.
- Minnisblöð til ráðherra um framkvæmd einstakra atriða

Vinna á áðurnefndum áherslusviðum hefur síðan komið fram í margvíslegum verkefnum og samstarfi, við innlenda sem erlenda aðila.

Þann 11. nóvember 2003 var haldinn kynningarfundur á Hótel Ísafirði á vegum nefndarinnar og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins sem bar yfirskriftina *Byggðapróun og samkeppnishæfni*. Fjölmargir aðilar, sem láta sig varða atvinnu- og byggðamál, sátu þann fund og komu aðilar víða að. Í opnunarræðu á þeim fundi sagði iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir að skýra mætti yfirskriftina á þann einfalda hátt að framkvæmd byggðaaætlunar 2002-2005 miði fyrst og fremst að því að byggja upp sterkt atvinnulíf og gott mannlíf á landinu öllu, sem sé ein af meginforsendum þess að efla samkeppnishæfni landsins. Einnig sagði ráðherra frá stuðningsverkefnum í tengslum við nýsköpun og atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni, sem unnin hafa verið í samvinnu við Vestfirðinga. Má þar m.a. nefna verkefni tengd vöruþróun, nýsköpun í starfandi fyrirtækjum og menningartengdri ferðapjónustu.

Á kynningarfundinum flutti Halldór Halldórsson bæjarstjóri erindi um áherslur sveitarfélaga á Vestfjörðum og í stuttu máli sagði hann að áherslur Vestfirðinga væru þær að í vestfirskum byggðum verði uppbygging, íbúum og landslýð til heilla. En megin áherslurnar lægju samt í þeim 84 tillögum sem Vestfirðingar unnu að í sameiningu og settar voru fram í byggðaaætlun fyrir Vestfirði.

Sigmundur Emir Rúnarsson formaður Verkefnisstjórnar byggðaaætlunar fyrir Eyjafjörð kynnti áherslur og tillögur VBE nefndarinnar og þá möguleika sem væru fyrir hendi á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í erindi Baldurs Péturssonar, formanns verkefnisstjórnar, var fjallað um Alþjóðavæðingu og byggðapróun og breyttar áherslur í byggðamálum sem ræddar voru m.a. á ráðstefnu á vegum OECD. Þar kom fram mikilvægi samstarfs, bæði milli svæða og landa, og að klasar gegndu mikilvægu hlutverki í uppbyggingu byggðakjarna. Baldur gerði einnig grein fyrir hlutverki stjórnarinnar og þeim tillögum sem voru komnar af stað.

Karl Friðriksson framkvæmdastjóri Iðntæknistofnunar fjallaði um samkeppnishæfni og byggðapróun og þar kom fram að baráttan í byggðamálum snérist m.a. um sérstöðu, staðsetningu, metnað, viðhorf, þekkingu og fagmennsku.

Í lokaerindi fundarins kynnti Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða verkefni um klasasamstarf fyrirtækja á Vestfjörðum og hvaða hlutverki Atvinnuþróunarfélagið gegndi í þeirri vinnu. Mikilvægt væri að greina, skoða möguleika á þróun og ávinning af klasavinnu.

Í lokin urðu síðan góðar umræður og fyrirspurnir sem sýndu mikinn áhuga heimamanna á byggðamálum. Væntingar fundargesta til verkefnisstjórnarinnar, bæði hjá hinum almenna íbúa og aðilum í atvinnu og viðskiptalífi, voru þær að vinnan myndi skila árangri í eflingu og uppbyggingu byggðar og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Meðal mála sem komið hafa til umfjöllunar og athugunar hjá Verkefnisstjórn er alvarleg staða í atvinnumálum og fækkun opinberra starfa á Vestfjörðum Samkvæmt Hagstofu Íslands fækkaði störfum á Vestfjörðum í opinberri stjórnsýslu um 20 milli ára 2001 og 2002 en samkvæmt skýrslu Verslunarráðs, *Minni umsvif margfalda tækifærin*, fjölgaði opinberum störfum á landinu öllu um 1300 á árunum 2000-2002. Í óformlegri athugun sem gerð var hjá opinberum stofnunum á Vestfjörðum var staðfest að enn fækkaði opinberum störfum þrátt fyrir stefnu ríkisstjórnar um fleiri opinber störf á kjarnastaði á landsbyggðinni.

Til þess að ræða þessi mál var haldinn opinn vinnufundur á Ísafirði með bæjarstjórn, fulltrúum atvinnulífsins, opinberra stofnana og almenningi þar sem rætt var um fækkun opinberra starfa, ógnanir í atvinnulífinu, tækifæri í einkageiranum og tillögur um opinber störf sem hægt er að flytja á landsbyggðina. Á fundinum var einnig rætt um stöðu ýmissa stofnana sem hafa ekki traust fjármagn til reksturs nema til skamms tíma og eru háðar ákvörðunum stjórnvalda eða úthlutunum á fjárlögum á hverju ári. Þessar stofnanir eru m.a Fjölmenningarsetrið á Ísafirði, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og fleiri.

Í kjölfar þessarar umræðu boðaði bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fund í byrjun mars með þingmönnum Norðvesturkjördæmis þar sem farið var yfir stöðu atvinnamála, fækkun starfa og hlutverk ríkisvaldsins og Aþingis. Á þingmannafundinum lýstu sveitarstjórnarmenn einnig eftir stefnu ríkisstjórnar og Aþingis varðandi byggðakjarna og uppbyggingu á landsbyggðinni.

Í niðurstöðum sínum beina þingmenn Norðvesturkjördæmis því til ráðuneyta að tryggð verði starfsemi þeirra stofnana ríkisins sem starfræktar eru á svæðinu, að atvinnutækifærum fjölgi í opinberri þjónustu og atvinnuskapandi verkefni verði færð inn á svæðið á vegum opinberra stofnana svo sem kostur er. Þingmennirnir lýsa einnig stuðningi við tillögur Verkefnisstjórnar byggðaaætlunar og það er mat þeirra að Verkefnisstjórnin eigi að taka til meðferðar þau mál er varða atvinnuþróun á svæðinu og að Verkefnisstjórnin kanni hvort nýta megi hugmyndir að vaxtarsamningi sem unnið er eftir á Eyjafjarðarsvæðinu og gætu nýst til eflingar byggða á Vestfjörðum.

Önnur mál sem til umræðu komu hjá Verkefnisstjórn voru niðurstöður vinnuhóps um háskólasetur á Vestfjörðum sem menntamálaráðherra skipaði í desember 2003. Hlutverk vinnuhópsins var að skilgreina hvernig standa ætti að stofnun háskólaseturs, hvaða starfsemi færi þar fram, skipulag hennar, stjórn og hvernig rekstri skyldi háttað. Ennfremur átti vinnuhópurinn að skilgreina tengsl háskólaseturs við háskóla í landinu, rannsóknarstofnanir, atvinnulíf og menntastofnanir á Vestfjörðum. Vinnuhópurinn fól Byggðarannsóknastofnun Íslands á Akureyri að vinna úttekt á þörf og forsendum fyrir háskólamenntun á Vestfjörðum. Einnig var gerð könnun bæði meðal almennings og fyrirtækja og unnin lýðfræðileg greining á mannfjölda á Vestfjörðum og samsetningu hans.

Helstu tillögur vinnuhópsins voru:

- að framboð á fjarnámi á háskólastigi verði aukið með sérstöku tilliti til fjölbreyttra þarfa Vestfirðinga og annarra íbúa á landsbyggðinni.
- að háskólar verði hvattir og studdir til að bjóða upp á staðbundna kennslu í tilteknum greinum á Ísafirði.
- að þjónusta við háskólamenntun verði eflað á Ísafirði á þeim grundvelli sem lagður hefur verið með Fræðslumiðstöð Vestfjarða.
- að rannsóknir á Vestfjörðum verði eflaðar í samstarfi við þær háskóla- og rannsóknarstofnanir sem nú starfa eða fyrirhuga starfsemi á Vestfjörðum.
- að stofnað verði þekkingarsetur Vestfjarða á grunni Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og með aðild háskóla- og rannsóknarstofnana að starfsemi á Vestfjörðum.

Í skýrslu vinnuhópsins kemur fram að sameiginlegt sé með þeim aðilum sem vinna að þessum málum að þeir líti á eflingu háskólamenntunar og rannsókna sem mikilvægan þátt í atvinnuuppbyggingu Vestfjarða. Að baki liggja sú hugsun að með því að stuðla að aukinni þekkingarstarfsemi sé stutt við nýsköpun og framþróun í atvinnu og mannlífi.

IV. Tillögur Verkefnisstjórnar um byggðapróun á Vestfjörðum

Áður en fjallað er um tillögurnar er nauðsynlegt að gera grein fyrir ákveðnum þáttum sem snúa að heildarsvæðinu og áhrif tillagnanna á það, hvaða hugmyndafræði, fyrirmyndir og forsendur eru fyrir hendi, hvað er átt við með vaxtarsamningi og hvaða ávinning starfsemi klasa hefur.


IV.1 Svæðið og afmörkun þess

Þar sem talað er um íbúafjölda svæðisins er miðað við svæðið frá Gilsfjarðarbotni í vestri til Brúar í Hrutafirði þ.e. allur Vestfjarðakjálkinn og þjónar þessi skilgreining einungis tölfræðilegu hlutverki. Umfjöllun nefndarinnar sem og tillögugerð og áhrif þeirra ná til mun stærra svæðis.

Þrátt fyrir þessa skilgreiningu má ljóst vera að áhrif byggðaaðgerða í þessum kjarna ná verulega út fyrir þetta svæði til austurs og vesturs.

Þessi nágrannasvæði byggðakjarnans í kringum Ísafjörð munu án vafa hafa mikinn efnahagslegan, menningarlegan og félagslegan ávinning af styrkingu hans, ekki síst hvað alla þjónustu snertir.

Jafnframt má ljóst vera að um leið og ákveðin kjarnabyggð styrkist á Vestfjörðum, hefur það ekki einungis jákvæð áhrif á nærliggjandi byggðarlög, heldur og einnig á þau byggðarlög sem fjær liggja á svæðinu.



Öflugur þéttbýliskjarni sem er innan við 1-2 klst. akstursleiðar bætir grannsvæðum aðgengi að þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi, menntun, sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og þar með búsetuskilyrði þeirra. Skilyrði til atvinnurekstrar batna einnig vegna nálægðar við þjónustu, þekkingu, stærri markað, og fleiri viðskiptatækifæri, auk þess sem ferðamannastraumur eykst til þessara svæða.

IV.2 Hugmyndafræði, fyrirmyndir og forsendur

Í störfum nefndarinnar og mótun tillagna hefur verið lögð megin áhersla á samstarf og ráðgjöf við hina ýmsu aðila á svæðinu, einkaaðila sem opinbera aðila, atvinnulíf og launþega – sem og aukið samstarf á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Á sama tíma hefur einnig verið lögð megin áhersla á nýjungar í vinnubrögðum um byggðamál og ráðgjöf erlendra sérfræðinga á sviði byggðamála – þar sem horft er til reynslu og þróunar, með hliðsjón af áhrifum alþjóðavæðingar á samkeppnishæfni atvinnulífs, svæða og einstakra landa. Segja má að forsendum þessara tillagna megi skipta í tvennt.

- Áhersla á sérstöðu og styrkleika Ísafjarðarsvæðisins
- Samkeppnishæfni og starfsskilyrði – forsenda sóknar

Þegar fjallað er um Ísafjarðarsvæðið í þessari umfjöllun er átt við svæði sem hefur bein eða óbein áhrif á öllum Vestfjörðum og til þess fallin að styrkja byggð innan svæðisins, á sama tíma og byggðakjarni á Ísafirði er treystur.

Segja má að störf verkefnisstjórnar séu að nokkru leyti nýstárleg – og taki mið af alþjóðlegum áherslum og nýjungum á sviði byggðamála og því mótast tillögur af þessum áherslum. Í þessu sambandi hefur verið horft til reynslu Finna þar sem kjarnauppbygging byggðar og vaxtarsamningar hafa skilað góðum og markvissum árangri. Kjarni í öflugri byggðapróun er samkeppnishæfni svæða, ekki einungis innan viðkomandi svæða og landa – heldur og ekki síður á alþjóðavettvangi. Jafnframt er í tillögum nefndarinnar stuðst við erlenda reynslu og ráðgjöf á sviði byggðamála, þar sem nýtt er það sem vel hefur tekist erlendis.

IV.3 Vaxtarsamningur – sjálfbær framkvæmd til sóknar

Til að tryggja framgang þessara áherslna verði slíkt gert með sérstöku skipulegu samstarfi einkaaðila og opinberra aðila - sem hér er kallað vaxtarsamningur – einskonar sjálfbæru stjórnunar- og framkvæmdarferli. Í tillögum verkefnisstjórnar er lagt til að vaxtarsamningur gildi frá miðju ári 2005 til ársloka 2008. Stefnt skal að því að hann verði þá tekinn til endurskoðunar á sama hátt og gert hefur verið t.d. í Finnlandi.

Framkvæmdin miðar að frekari uppbyggingu viðkomandi kjarna með klasafyrirkomulagi og samstarfsneti aðila um slíka uppbyggingu, þar sem byggt verði á vinnuaðferðum er því tengjast, m.a með öflugum ráðgjafa- og stuðningsferli á þessu sviði, sjá nánar kafla um klasa. Kostnaður vegna þessa samstarfs verði borinn af þátttökuaðilum, ríki, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi.

Kjarni í þessu starfi er uppbygging klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum sem og öðrum sviðum og verkefnum er þeim tengjast í skipulegt netsamstarf. Víða erlendis hefur starfsemi klasa færst verulega í vöxt, ekki síst til að tryggja aukna samkeppnishæfni viðkomandi starfsemi atvinnulífs og svæða. Klasar geta því átt við hvort sem um er að ræða starfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, þó að í báðum tilvikum sé æskilegt að ákveðnar forsendur í atvinnulífi séu til staðar, s.s. fjöldi fyrirtækja o.fl. Aukið mikilvægi klasa er ekki síst hluti af þróun alþjóðavæðingar og þeim breytingum sem orðið hafa í viðskiptaumhverfi á seinustu árum, ekki síst með auknu frjálsræði á öllum sviðum s.s. innan EES-samningsins.

Sterka klasa í atvinnulífi og byggðum má víða sjá á Vesturlöndum sem öðrum hlutum heimsins, innan Evrópu sem annarstaðar. Verkefnisstjórnin hefur m.a. fengið hingað til lands alþjóðlega sérfræðinga á sviði klasa og kynnt sér slíkt fyrirkomulag erlendis eins og t.d. á Oulu svæðinu í Finnlandi, en þar hefur tekist að byggja upp alþjóðlegan klasa fyrirtækja á rafeindasviði á undanförunum árum, ekki síst á grunni klasa vaxtarsamninga eins og hér er byggt á. Varðandi nánari lýsingu á helstu atriðum Vaxtarsamnings er vísað í síðari kafla.

IV.4 Framtíðarsýn

Það er mat aðila að Vestfirðir eigi sér mikla möguleika til vaxtar, þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru á svæðinu, samhliða nýjum áherslum og aukinni sókn í þau tækifæri sem hægt er að nýta. Það er mat aðila að sýn til framtíðar byggist á þeim styrkleika og þeim miklu tækifærum sem framundan eru og mælt með því að hún verði eftirfarandi:

Fyrir árið 2020 verði íbúatala Vestfjarða um 8300, í fjölskylduvænu samfélagi sem verður eftirsótt vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma, sem byggist á fjölbreyttu, og samkeppnishæfu atvinnulífi.

Kjarninn í þessari sýn er fjölbreytt, framþróað, sérhæft og samkeppnishæft atvinnulíf með sterk alþjóðleg tengsl. Þetta verði grunnur að eftirsóttu og fjölskylduvænu samfélagi, vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma. Fyrir árið 2020 verði íbúatala Vestfjarða komin í um 8.300

Um fjöllun um markmið, fjölgun íbúa og starfa til 2020 og til 2008

Í þessari skýrslu Verkefnisstjórnar er gert ráð fyrir að íbúum Vestfjarða muni fjölga um 600 fram til ársins 2020, eða frá um 7700 í árslok 2004 í um 8300. Þetta þýðir að árleg fjölgun íbúa yrði um a.m.k 40 að meðaltali, eða 0,5%. Sé miðað við 60% atvinnuþátttöku af íbúafjölda þýðir þetta fjölgun starfa um 400 fram til 2020, eða frá 4600 í um 5000.

Sé horft til fyrsta tímabils vaxtarsamnings, þ.e. 2005 – 2008, þýðir þetta fjölgun íbúa um 150 eða frá 7700 í 7850 og fjölgun vinnuafis um 100 eða frá 4600 í 4700.

V. Vaxtarsamningur helstu einkenni

Varðandi helstu atriði þessa kafla er stuðst við efni frá skýrslu um vaxtarsamning Eyjafjarðarsvæðisins, en aðilar frá Verkefnisstjórn byggðaaáætlunar Vestfjarða hafa einnig tekið þátt í þeirri vinnu sem og kynnisferðum erlendis og eiga því hluta að.

V.1 Helstu einkenni Vaxtarsamnings

Einkenni Vaxtarsamnings

- Sameiginleg stefnumörkun fyrir vaxtargreinar á svæðinu
- Tengir saman helstu aðila á viðkomandi sviði á svæðinu í skipulegt netsamstarf
- Samanstendur af 3 vaxtarklösum sem og stuðningsverkefnum

Eins og fram kemur hér eru einkenni vaxtarsamnings tengd sameiginlegri stefnumörkun og samstarfi helstu aðila er miða að uppbyggingu 3 vaxtarkjarna tengslneta er það varðar, eftir efnun og aðstæðum á hverjum stað.

Markmið Vaxtarsamnings

- Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.
- Þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.
- Að fjölga samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum.
- Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
- Að laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu

Markmið samningsins er að auka samkeppnishæfni svæðisins byggða á styrkleikum og tækifærum og efla þannig hagvöxt. Þetta verði gert með því að þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu sem fjölgi um leið samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum. Jafnframt er mikilvægt að nýta með skilvirkum hætti möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum og tengslum og styrkja þannig Vestfirði sem alþjóðlega miðstöð sérþekkingar og laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Sérstök áhersla verði á hina margvíslegu aðferðafræði er treysti samkeppnishæfni atvinnulífs og þar með svæðisins. Eitt af þeim atriðum sem mikilvægt er að vinna að eru nýting á innlendum sem erlendum samanburðarránsóknum á atriðum er varða samkeppnishæfni svæðisins við höfuðborgarsvæðið sem og samkeppnissvæði erlendis. Í þessu sambandi er mikilvægt að efla markvissa umfjöllun um samkeppnishæfni, s.s. með fundum og ráðstefnum, þar sem fengnir verða innlendir og erlendir sérfræðingar á þessu sviði, þar sem samkeppnishæfni er grundvallar forsenda árangurs til lengri tíma lítið.

Framkvæmd Vaxtarsamnings

- Efla uppbyggingu klasa á 3 kjarnasviðum og verkefnum er þeim tengjast
- Veita ráðgjöf um klasa - er nái einnig til aðila utan kjarnasviða, sé þess óskað.
- Einstaka klasaverkefni verða sjálfstæð og óháð.
- Starfsemi einstakra klasa byggist á starfi sem þekkt er í klasaverkefnum.
- Vaxtarsamningur nái frá 2005 til ársloka 2008, en verði þá endurmetinn.
- Aðild að Vaxtarsamningi verði frá ríki, sveitarfélögum, atvinnulífi og stofnunum.
- Ráðinn verði framkvæmdaraðili og ráðgjafi er sinni þessum störfum.
- Skilgreina markmið og starfsemi, m.a. vöxt og fjölda starfa eftir klösum.
- Áhersla verði lögð á samkeppnishæfni, samanburðarránsóknir, verkefni o.fl.

Meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu klasa og tengslneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum og verkefnum er þeim tengjast í skipulegt netsamstarf. Þetta verði gert með áherslum sem byggjast á starfslýsingum sem þekktar eru í klasaverkefnum og einstaka klasaverkefni verði sjálfstæð og óháð og starfi á forræði viðkomandi aðila. Einnig verði sinnt ráðgjöf um aukið samstarf á sviðum utan kjarnasviða verði þess óskað. Mikilvægt er að í upphafi starfstíma verði veitt upplýsingamiðlun s.s. í formi námskeiðs með innlendum og erlendum aðilum um framkvæmd klasa. Vaxtarsamningur, staða, aðgerðir og áhrif - verði einnig metin árlega.

Til að annast framkvæmd þessa verði gerður vaxtarsamningur opinberra aðila og einkaaðila er nái frá 2005 til 2008. Ráðinn verði framkvæmdaraðili og ráðgjafi er sinni þessum störfum. Meðal

verkefna þeirra verði að skilgreina vöxt og fjölda starfa innan klasanna. Það skal áréttað að vaxtarsamningur og uppbygging klasa er engin töfralausn – enda engar töfralausnir til í byggðamálum, eða áherslum er miða að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða. Árangur byggist á langtímaáherslum og vinnu hinna ýmsu aðila, sem að málinu koma.

Fjármögnun og kostnaður Vaxtarsamnings

- Fjármögnun samningsins verði frá opinberum aðilum og einkaaðilum
- Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður verði um 30 - 40 milljónir kr¹, sem skiptist á milli ríkis, sveitarfélaga, einkaaðila og stofnana.
- Kostnaður er m.a. vegna starfsmanna sem sinna ráðgjöf um klasa, þróunarverkefni ofl.
- Kostnaður vegna rekstrar einstakra klasa verður borinn af viðkomandi aðilum.

Gert er ráð fyrir að fyrst um sinn verði fjármögnun að mestu frá ríkinu, þar sem um byrjunarverkefni er að ræða. Á síðari stigum verði hlutur einkaaðila, stofnana og sveitarfélaga á svæðinu hærrí. Kostnaður vegna rekstrar og ráðgjafar einstakra klasa er hinsvegar borinn af viðkomandi aðilum. Í því sambandi er í meginatriðum gert ráð fyrir að í upphafi vinnu á sviði klasa geti viðkomandi aðilar fengið ráðgjöf gegn vægu gjaldi, en síðar verði greitt fyrir slíka ráðgjöf á markaðsverði.

Samstarfsaðilar vaxtarsamnings


Verkefnisstjórnin hefur ekki fjallað ítarlega um það hverjir kæmu að samstafi um vaxtarsamning, en hins vegar er ljóst að æskilegt er að helstu aðilar á svæðinu sem málið varðar komi að slíku samstarfi. Það er því æskilegt að eftirfarandi aðilar komi t.d. að slíku samstarfi. Ríkið, Ísafjarðarbær, fulltrúar annarra sveitarfélaga, samtök atvinnurekenda, samtök launþega og Útflutningsráð. Tekið skal fram að ekki hefur verið rætt við fulltrúa þessara aðila um slíkt samstarf að neinu marki, þó lauslega hafi verið minnst á slíka tillögu sem möguleika. Það er enda í verkahring stjórnvalda að ákveða framhald þessa máls.

V.2 Áhersla á 3 klasa / vaxtarkjarna

Klasar Vaxtarsamnings

Á umliðnum árum hefur vöxtur Ísafjarðarsvæðisins sem og annarra svæða verið að þróast og byggst í meira mæli en áður á aukinni sérhæfingu á ákveðum sviðum sem og styrkleikum svæðisins. Það er því tillaga verkefnisstjórnar að byggt verði á þessum styrkleikum og þeim tækifærum sem þeir um leið skapa með því að styrkja enn frekar þessa 3 kjarna og byggja upp og styrkja klasamyndun á þessum sviðum sem eru:

- Sjávarútvegs- og matvælaklasi
- Mennta- og rannsóknaklasi
- Menningar- og ferðaþjónustuklasi




¹ Rekstrarkostnaður í þessu sambandi inniheldur m.a. aðkeypta sérfræðiþjónustu, ferðakostnað, laun framkvæmdastjóra og ráðgjafa, sem og allan annan rekstrarkostnað. Gert er ráð fyrir að starfsemin verði vistuð innan fyrirtækja sem fyrir eru s.s. Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða – þó að stjórn verkefnisins verði sérstaklega skipuð.

Atvinnustarfsemi á þessum þremur sviðum á Vestfjörðum byggir þegar á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru og hafa byggst upp á umliðnum árum. Ekki er því verið að "búa til" eitthvað nýtt – enda ekki mögulegt að byggja upp klasa frá grunni – þar sem kjarni í slíku ferli myndast af þróun í atvinnulífinu sjálfu. Hinsvegar er hægt – og afar mikilvægt að stuðla að vexti þeirra klasa/kjarna sem fyrir eru – eins og þeirra þriggja sem hér hafa verið nefndir – þar sem þeir hafa sterkustu einkenni af klasa í atvinnulífi á svæðinu.

Einstaka þáttum vaxtarsamningsins verður nú lýst nánar.

Klasar – framkvæmdir - aðgerðir

- Skapa aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu
- Skapa aðstæður til að nýta nýjustu þekkingu á hverju sviði
- Auka samvinnu aðila í rannsóknum og þekkingariðnaðarfyrirtækjum
- Nýta mannauð og styrkja og auka starfsþjálfun og menntun
- Stuðla að innlendum sem erl. tengslanetum milli aðila á viðkomandi sérsviðum
- Bæta samhæfingu aðgerða sveitarstjórna, svæðastjórna og landsstjórnar á sínum sérsviðum



Framkvæmd vaxtarsamnings er að skapa aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu og aðstæður til að nýta nýjustu þekkingu á hverju sviði, með öflugum samstarfi aðila. Þetta verði gert með skilvirku samstarfi aðila í rannsóknum og þekkingariðnaðarfyrirtækjum til að nýta sem best mannauð og styrkja og auka starfsþjálfun og menntun.

Með samstarfinu verði ekki síður stuðlað að svæða-, lands- og alþjóðlegum tengslanetum milli aðila á viðkomandi sérsviðum. Einnig verði stuðlað að samhæfingu og aðgerðum sveitarstjórna, svæðastjórna og landsstjórnar á viðkomandi sérsviðum.

Þrjár stoðir vaxtarsamnings

Til viðbótar því að efla klasastarfsemi og tengslanet byggir starfsemi vaxtarsamnings á þremur megin stoðum, þ.e.

- Hagstæðu starfsumhverfi og góðum samgöngum,
- Framkvæmd tillagna og alþjóðlegum samskiptum
- Stoðstarfsemi við atvinnulíf

Í fyrstu stoð er átt við almenn starfsskilyrði atvinnulífs hér á landi og að þau séu samkeppnishæf miðað við það sem erlendis gerist, þar sem það er afar mikilvæg forsenda fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða. Þessu til viðbótar koma svo starfsskilyrði sem aðilar á Vestfjörðum geta boðið í samkeppni við önnur svæði hér á landi sem erlendis. Þetta er mikilvægt þar sem atvinnulíf er orðið mjög hreyfanlegt og alþjóðlegt. Hluti af starfsskilyrðum eru góðar samgöngur en í skýrslunni er að finna tillögur Verkefnisstjórnar á því sviði.

Í annarri stoð er átt við tillögur þær sem í skýrslunni er að finna og verði með einhverjum hætti komið í framkvæmd, en þeim er skipt í forgangstillögur og aðrar tillögur, flokkaðar eftir áherslusviðum – sjá kafla X. Það er því eitt af þeim verkefnum sem stjórn vaxtarsamnings þarf að sinna, að vinna að því með viðeigandi aðila að þessum tillögum verði komið í framkvæmd, eftir því sem aðstæður og möguleikar gefa tilefni til. Annar hluti þessarar stoðar er að teysta sem best og auka alþjóðleg samskipti aðila á svæðinu. Þetta er mikilvægt til að treysta sem best vaxtarmöguleika svæðisins – þar sem þeir styrkleikar og tækifæri sem nýta má til vaxtar byggja m.a. á auknum alþjóðlegum verkefnum og tengslum sem sífellt fara vaxandi á tímum alþjóðavæðingar.

Í þriðju stoð er átt við stoðstarfsemi við atvinnulíf, s.s. þá þjónustu sem til staðar er hjá ráðgjafaraðilum á vegum opinberra aðila eða einkaaðila, en nefna má aðila s.s. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Þjónusta og ráðgjöf af slíku tagi er mikilvæg t.d. hvað varðar ráðgjafastarfsemi varðandi klasa og netsamstarf aðila, sem og alla aðra þjónustu við atvinnulíf.

V.3 Ávinningur af starfsemi klasa


Ávinningur svæðisins – aukinn hagvöxtur

Opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing hefur gert verulega auknar kröfur til fyrirtækja – en ekki síður til einstakra byggða og svæða um skilvirkari, markvissari og gegnsærri vinnubrögð sem taka mið af þessari þróun, ef ná á árangri á sviði byggðamála.

Á umliðnum árum hefur orðið ótvíræð þróun frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy), þar sem uppruna hagvaxtar má í vaxandi mæli rekja til byggða- og vaxtarkjarna, frekar en einstakra atvinnugreina. Þetta má m.a. sjá á mörgum svæðum innan hinna ýmsu landa bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Aukið hlutverk og ábyrgð á þessu sviði kemur því í vaxandi mæli í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefst nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bera á þessum málum. Sjá nánar umfjöllun í kafla um klasa.

Breyttar aðstæður og þessi þróun byggir ekki síst á aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða, vegna kjarnamyndunar, netsamstarfs og klasa í atvinnulífi. Af þessum sökum er afar mikilvægt fyrir hagvöxt og framþróun viðkomandi svæða að styrkja netsamstarf og klasastarf atvinnugreina sem kostur er.

Verulegur árangur hefur orðið af klasamyndun víða erlendis, s.s. kringum Silicon Valley í Kaliforníu, Oulu í Finnlandi og fjölmörgum svæðum á N-Ítalíu, en þar hefur þróast mikil sérhæfing einstakra svæða, þar sem atvinnulíf er leiðandi á alþjóðamörkuðum á viðkomandi sviðum – sjá meðfylgjandi mynd.



Sem dæmi um vöxt klasa má nefna Oulu svæðið í Finnlandi en þar hefur tekist að byggja upp klasa hátæknifyrirtækja sem er leiðandi á alþjóðamörkuðum – en innan þessa klasa er m.a. fyrirtækjarinn Nokia.

Ávinningur atvinnulífs – bætt afkoma

Hver er annars vegar ávinningur atvinnulífsins af vaxtarkjörunum? Af hverju ættu fyrirtæki að huga að netsamstafi eða klasamyndun? Og er það þess virði? Á sama hátt og það hefur verið ávinningur svæða að styrkja starfsemi klasa og netsamstarf til að efla samkeppnishæfni svæða og hagvöxt þeirra, er það ekki mögulegt nema að vöxturinn komi fyrst frá atvinnulífinu.

Sá árangur sem einstök svæði hafa náð á grunni klasa og netsamstarfs hefur því byggst á auknum vexti fyrirtækjanna – og um leið bættri afkomu og auknum hagnaði. Það er sá ávinningur sem atvinnulíf getur átt von á, takist verkefni á sviði netsamstarfs og klasa í viðkomandi tilfellum.

Á einstaka svæðum, s.s. Ísafjarðarbæ, er þegar fyrir hendi ákveðin kjarnamyndun í atvinnulífi, en "kjarni" málsins er einfaldlega að beita þeim vinnubrögðum sem skila árangri til vaxtar, sóknar og aukinnar samkeppnishæfni, m.a. auknu netsamstarfi fyrirtækja.

Ef fyrirtæki vilja kanna möguleika á auknu netsamstarfi á ákveðnu sviði geta þau einfaldlega óskað eftir aðstoð ráðgjafa sem aðstoða þá fyrirtæki við að greina möguleika og valkosti - óháð því í hvaða starfsemi fyrirtækið er – verði þessar tillögur að veruleika. Gert er ráð fyrir að byrjunaraðstoð verði gegn vægu gjaldi upp að vissu marki, en þá verði um hefðbundna ráðgjafarþjónustu að ræða. Þetta á þó eftir að útfæra nánar.

Aukið netsamstarf hefur ekki síst skilað auknum árangri í ýmsu markaðsstarfi fyrirtækja. Netsamstarf getur þó orðið með ýmsu móti og tengst ýmsum þáttum í starfsemi, allt frá rannsóknum til markaðsmála.

Í erlendum rannsóknum hefur komið fram að árangur af starfsemi klasa einkennist m.a. af miklu netsamstarfi og trausti - samkeppni og samstarfi - miklum hreyfanleika og markvissri upplýsingaöflun - landfræðilegri nálægð - sérhæfðri opinberri fjárfestingu og stefnumótandi forystu og nánu bandalagi aðila. Sjá ennfremur umfjöllun í kafla um klasa.

Starfsemi klasa - Dæmi

Þegar fjallað er um klasa er mikilvægt að fram komi í hverju klasti og netsamstarf felast. Í meginatriðum má segja að aðilar og helstu atriði í starfsemi klasa skiptist í 3 flokka. Þessir flokkar eru: **1.** Leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði og svæði. **2.** Tengsl þeirra við helstu þjónustu- og aðfangasala. **3.** Starfsskilyrði og þjónusta á viðkomandi svæði.

1. Leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði og svæði.

Í fyrsta lagi er um að ræða þau kjarnafyrirtæki sem mynda viðkomandi klasa. Ef um væri t.d. að ræða klasa í ferðaþjónustu væri um að ræða þau fyrirtæki sem hann mynduðu, sem gætu verið ferðaskrifstofur, samgöngufyrirtæki s.s. flugfélög, fyrirtæki sem tengjast ferðaþjónustu o.fl. Um væri að ræða leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði. Á milli þessara aðila væri samstarf sem byggði á gagnkvæmum ávinningi um aukna samkeppnishæfni, vöxt og frekari þróun á einstaka sviðum rekstrar og markaðsmála, sem aðilar koma sér saman um.

Árangursríkir Klasar
- Almenn einkenni -

- Mikil netsamstarf – **traust**
- Samkeppni **og** samstarf
- Mikill hreyfanleiki – **markviss** upplýsingaöflun
- Landfræðileg **nálægð**
- **Sérhæfð** opinber fjárfesting
- **Stofnumótandi forysta** – náð bandalag

© Cluster Navigators Ltd 2003

2. Nettengsl þjónustu- og aðfangasala.

Í öðru lagi er um að ræða tengsl þessara kjarnafyrirtækja við helstu þjónustu- og aðfangasala. Markviss tengsl og samstarf við þessa aðila geta treyst og eft samkeppnishæfni og rekstrarskilyrði klasans. Þetta samstarf er mikilvægt til að hraða þróun og vexti fyrirtækjanna, með sameiginlegum áherslum á þá þætti sem skipta mestu máli fyrir viðkomandi klasa. Í þessu sambandi geta áherslur verið þess eðlis að það borgi sig að vinna að sameiginlegum áherslum í samstafi aðila, þar sem slík vinna væri tæplega á færi eins fyrirtækis.

3. Starfsskilyrði og þjónusta. Grunnurinn að árangursríkum rekstri fyrirtækja og klasa er að fyrir hendi sé samkeppnishæft starfsumhverfi. Í því sambandi er átt við atriði s.s. mannauð, aðgengi að menntuðu og þjálfuðu vinnuafli, aðgengi að fjármagni, starfsskilyrði atvinnulífs almennt, tæknistig á svæðinu, sem og öll önnur innri gerð svæðisins. Þar er átt við atriði s.s. samgöngur innan sem til og frá svæðinu.

Kjarni málsins í starfsemi klasa er einfaldlega að nýta kosti skipulegs samstarfs til að auka samkeppnishæfni viðkomandi fyrirtækja og um leið svæðisins. Með aukinni alþjóðavæðingu og aukinni samkeppni innanlands og erlendis, er nauðsynlegt að beita öllum þeim atriðum sem fyrir hendi eru og gefist hafa vel til að ná auknum árangri.

Á tímum alþjóðavæðingar og breyttra aðstæðna er það einfaldlega meira og meira undir einstaka svæðum komið hvernig þeim tekst að spila úr þeim styrkleikum og tækifærum sem eru til staðar. Á sama tíma hafa kjarnasvæði vaxandi hlutverki að gegna í hagþróun viðkomandi landa, af ástæðum sem rekja má til breyttra aðstæðna, opunar markaða og aukins frelsis á öllum sviðum sem og aukinni alþjóðlegri samvinnu og alþjóðavæðingu, eins og glögggt má sjá m.a. með EES-samningnum. Allt þetta eru breytingar á aðstæðum og starfsskilyrðum sem krefjast um leið breyttra vinnubragða, til að auka samkeppnishæfni og hagvöxt. Eitt af þeim atriðum sem gagnast geta í þessari baráttu er starfsemi klasa - þrátt fyrir að slíkt kunnist ekki að henta í öllum tilvikum.



Í lokin er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvað sé klasi. Nokkrar skilgreiningar eru til á því, en sú sem er hvað þekktust er skilgreining Michael Porters, prófessors við Harvard háskóla í Bandaríkjunum, en hann skilgreinir klasa á eftirfarandi hátt: **“Klasi er hópur fyrirtækja, þjónustuaðila, stofnana og tengdra aðila á sama svæði og á ákveðnu sviði sem keppa hver við annan – en hafa einnig með sér náið samstarf.**

VI. Þróun efnahags- og atvinnumála á Vestfjörðum

VI.1 Sveitarfélög á Vestfjörðum - áhrifasvæði

Vestfirðir, áhrifasvæðið sem verkefnisstjórninni er ætlað að koma með tillögur í byggðamálum um, nær yfir Barðastrandasýslur, Ísafjarðarsýslur og Strandasýslu en eftirtalin 11 sveitarfélög tilheyra Vestfjörðum:

Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Hólmavíkurhreppur, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð

Þeirra fjölmennast er Ísafjarðarbær sem varð til árið 1996 við sameiningu Ísafjarðarkaupstaðar, Flateyrahrepps, Mosvallahrepps, Mýrarhrepps, Suðureyrahrepps og Þingeyrahrepps, en áður höfðu Sléttuhreppur og Snæfjallahreppur í N-Ísafjarðarsýslu verið sameinaðir Ísafjarðarkaupstað.

Annað fjölmennasta sveitarfélagið er Vesturbyggð sem varð til árið 1994 við sameiningu Barðastrandahrepps, Bíldudalshrepps, Patreksahrepps og Rauðasandshrepps. Eini hreppurinn í Vestur-Barðastrandasýslu sem ekki sameinaðist Vesturbyggð þá var Tálknafjarðarhreppur sem er á milli Bíldudals og Patreksfjarðar. Bolungarvíkurkaupstaður er þriðja stærsta sveitarfélagið en önnur sveitarfélög eru Hólmavíkurhreppur sem varð til í núverandi mynd árið 2002 við sameiningu Hólmavíkurhrepps og Kirkjubólshrepps, en áður höfðu Nauteyrahreppur í N-Ísafjarðarsýslu og Hrófbergshreppur sameinast Hólmavíkurhreppi. Reykhólahreppur sem varð til árið 1987 við sameiningu Geiradalshrepps, Reykhólahrepps, Gufudalshrepps, Múlahrepps og Flateyjarhrepps og Súðavíkurhreppur sem varð til árið 1995 við sameiningu Súðavíkurhrepps, Reykjafjarðarhrepps og Ögurhrepps. Fámennustu hrepparnir eru Kaldrananeshreppur, Bæjarhreppur, Broddaneshreppur og Árneshreppur.

Sveitarfélögin deilast síðan í þrjú svæði eftir sýslum þannig:

Norðanverðir Vestfirðir / Ísafjarðarsýslur

Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur

Sunnanverðir Vestfirðir / Barðastrandasýslur

Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur og Reykhólahreppur

Strandir / Strandasýsla


Árneshreppur, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Hólmavíkurhreppur og Kaldrananeshreppur

Við ákvarðanir aðgerða í byggðamálum er nauðsynlegt að skoða fyrst þær undirstöður og samsetningu samfélagsins sem verið er að fjalla um.

VI.2 Mannfjöldi


Sveitarfélögin á Vestfjörðum eru flest fámenn og eru 8 af 11 með færri en 500 íbúa og tvö þeirra með færri en 100 íbúa. Á Vestfjörðum er Ísafjarðarbær langstærsta sveitarfélagið og voru 4.139 íbúar þar þann 31. desember 2003. Rúmlega 53% íbúa Vestfjarða búa í Ísafjarðarbæ. Vesturbyggð er næststærsta sveitarfélagið með 1.073 íbúa og tæplega 14% mannfjöldans og Bolungarvík með 944 íbúa eða um 12% mannfjöldans.

Á árunum 1992 til 2003 fækkaði íbúum á Vestfjörðum um 1850, úr 9.685 í 7.835.



Mynd 1. Mannföldi í sveitarfélögum á Vestfirðum árið 2003.

Heimild: Bygðarannsóknastofnun Íslands




Mynd 4. Mannfjöldaþróun á Vestfirðum frá 1992-2003

Heimild: Hagstofa Íslands

Hlutfall erlendra ríkisborgara á Íslandi hefur aukist á síðustu árum og var 3,5% landsmanna þann 31. desember 2003 og þar af voru hlutfallslega flestir þeirra búsettir á Vestfirðum. Árið 2003 voru 6,2% íbúa á Vestfirðum erlendir ríkisborgarar.


Í skýrslu um athugun á forsendum á þörf fyrir háskólanámssetur á Vestfirðum, sem Bygðarannsóknarstofnun Íslands vann fyrir menntamálaráðuneytið, kemur fram að brottflutningur er meginþekki mannfjöldaþróunar á Vestfirðum nær alla síðustu öld. Um aldamótin 1900 bjuggu um 16% þjóðarinnar á Vestfirðum en árið 2003 var hlutfallið komið niður í 3%.



Mynd 2. Mannfjöldapróun á Vestfirðum frá 1901-2003

Heimild: Bygðarannsóknastofnun Íslands

Þegar mannfjöldapróunin á Íslandi síðustu tíu ár er skoðuð þá kemur í ljós að fólki hefur fækkað mest á Vestfirðum. Mismunandi er eftir sveitarfélögum hvernig þróunin hefur verið en fækkunin hefur verið langmest í Broddaneshreppi 47,1% og Árneshreppi 45,6%. Eini hreppurinn þar sem ekki hefur verið fækkun er Tálknafjarðarhreppur, en þar hefur fólki fjölgað um 0,3% á síðustu tíu árum.




Mynd 3. Mannfjöldabreyting eftir sveitarfélögum 1994-2003

Heimild: Bygðarannsóknastofnun Íslands

VI.3 Aldursskipting

Þegar borin er saman kynja- og aldursskipting á Vestfjörðum í samanburði við landið kemur fram að það er aðallega aldurshópurinn 25-39 ára sem vantar á Vestfjörðum og einnig konur á aldrinum 50-64 ára.


Samsetning íbúafjöldans breytist í takt við þá neikvæðu íbúabróun sem verið hefur í langan tíma og er tilhneigingin sú að ungt fólk á aldrinum 20-39 ára flytjist frekar búferlum og konur þá meira en karlar.



Mynd 4. Samanburður á kynja- og aldursskiptingu á Vestfjörðum og Íslandi árið 2003.

Heimild: Bygðarannsóknarstofnun Íslands

Ef skoðuð er breytingin á kynja og aldursskiptingu á Vestfjörðum á síðustu tíu árum kemur í ljós að hlutfall yngra fólks hefur minnkað. Sérstaklega hefur hlutfall barna yngra en 14 ára minnkað og hlutfall fólks á aldrinum 25-39 ára af báðum kynjum.




Mynd 5. Samanburður á kynja- og aldursskiptingu á Vestfjörðum 1994 og 2003.

Heimild: Bygðarannsóknarstofnun Íslands

Í meira en tuttugu ár hefur flutningsjöfnuður á landsbyggðinni verið neikvæður, þ.e fleiri brottfluttir en aðfluttir, og eru Vestfirðir það landsvæði sem verst hefur farið út úr þessum búferlaflutningum innanlands, sérstaklega þegar horft er til áraanna 1996-2000. Þá fluttu 39,5 af hverjum þúsund íbúum frá Vestfjörðum en á allra síðustu árum hefur aðeins dregið úr þessum brottflutningi og árið 2003 var flutningsjöfnuður á Vestfjörðum 16,7 af hverjum þúsund íbúum.

Á síðari hluta 10. áratugarins var flutningsjöfnuður til Vestfjarða frá útlöndum jákvæður en þá voru aðfluttir frá útlöndum talsvert fleiri en brottfluttir, þrátt fyrir mikla flutninga frá svæðinu.



Mynd 6. Tíðni aðfluttra umfram brottflutta í innanlandsflutningum eftir landssvæðum 1986-1995, 1996-2000 og 2003.

Heimild: Byggingarannsóknastofnun Íslands

Algengast er að fólk skipti um lögheimili á aldrinum 20-29 ára en þegar fólk hefur náð 30 ára aldri dregur mjög hratt úr búferlaflutningum. Hlutfallslega fleiri konur en karlar flytjast búferlum, sérstaklega ungar konur. Konur á aldrinum 18-19 ára eru helmingi líklegri til að flytja en karlar á sama aldri. Flutningstíðni þessa hóps er 61 kona af hverjum þúsund samanborið við aðeins 33 af hverjum þúsund körlum. Á Vestfjörðum virðist fólk vera aðeins eldra þegar það flyst búferlum.

Ef skoðað er nánar hvernig flutningsjöfnuður á Vestfjörðum var árið 2003 kemur í ljós að hann var neikvæður um 130 manns, þ.e 506 manns fluttu til Vestfjarða en 636 fluttu frá Vestfjörðum. Misjafnt er milli sveitarfélaga hvernig jöfnuðurinn er. Í Hólmavíkurbæ og Bæjarbæ er hann t.d jákvæður en á sama tíma er hann neikvæðastur í Vesturbyggð, þrátt fyrir að það sé ekki stærsta sveitarfélagið.

Flutningar á milli landsvæða er mun algengari á Vestfjörðum en flutningur milli sveitarfélaga innan sama landsvæðis eða á milli landa. Tæplega 66% þeirra sem flytja til Vestfjarða koma af öðrum landsvæðum, 19% aðfluttra koma frá öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum og 15% koma erlendis frá. Þeir sem flytja í burtu fara aðallega til annarra landsvæða eða í 73% tilvika, 15% flytur annað á Vestfjörðum og 12% flytur til útlanda. Í 62% tilvika flytur fólk frá Vestfjörðum til höfuðborgarsvæðisins þegar það flytur milli landsvæða.

Tafla 1. Búferlaflutningar eftir sveitarfélögum 2003.

Búseta	Fluttur alls			Fluttur innan sveitarfélags	Fluttur milli svf. innan landsv.		Fluttur milli landssvæða		Fluttur milli landa	
	Aðfl. Umfram brfl.	Að-fluttur alls	Brott-fluttur alls		Að-fluttur	Brott-fluttur	Að-fluttur	Brott-fluttur	Að-fluttur	Brott-fluttur
Allt landið	-133	22.125	22.258	34.860	9.871	9.871	8.550	8.550	3.704	3.837
Höfuðborgarsvæði	373	14.107	13.734	22.696	7.899	7.899	3.690	3.131	2.518	2.704
Landsbyggð	-506	8.018	8.524	12.164	1.972	1.972	4.860	5.419	1.186	1.133
Vestfirðir	-130	506	636	932	94	94	333	464	79	78
Bolungarvík	-16	57	73	105	13	14	33	51	11	8
Ísafjarðarbær	-41	252	293	588	49	32	175	229	28	32
Reykholahreppur	-3	24	27	4	0	4	16	15	8	8
Tálknafjarðarhreppur	-7	17	24	23	2	1	7	19	8	4
Vesturbyggð	-49	56	105	139	2	7	40	82	14	16
Súðavíkurhreppur	-6	27	33	38	14	21	9	4	4	8
Árneshreppur	-2	8	10	0	0	0	8	10	0	0
Kaldrananeshreppur	-9	13	22	12	2	0	11	20	0	2
Hólmavíkurhreppur	6	36	30	20	11	10	19	20	6	0
Bæjarhreppur	6	14	8	3	0	0	14	8	0	0
Broddaneshreppur	-9	2	11	0	1	5	1	6	0	0

Heimild: Bygðarannsóknastofnun Íslands

Það eru einkum fjórar orsakir sem valda breytingum í byggðum landsins og hafa leitt til fólksflutninga af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Breytingar á landbúnaði og fiskveiðum eru hinar hefðbundnu orsakir en aukinn hluti þekkingar í framleiðslu og breytt gildismat fólks eru nýjar orsakir. Þekkingin í framleiðslunni liggur í þeirri tækni sem notuð er við framleiðsluna, vélum, verkþekkingu, markaðssetningu og fleiru þess háttar og við það skapast oft aukin hagræðing sem leiðir til fækkunar starfa í beinni framleiðslu.

Þess í stað skapast störf í stoðgreinum framleiðslunnar, þ.e markaðsmálum, menntun, tækniþróun o.fl. Samkvæmt upplýsingum frá Bygðastofnun eru t.d um 70% starfa í stoðgreinum fiskveiða og fiskvinnslu unnin á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt könnun frá 1997 eru ófullnægjandi atvinnuaðstæður, menntunar- og menningaraðstæður og lífskjaraaðstæður einnig helstu ástæður búseturöskunar. Þessi atriði eiga jafnt við í dag þegar rætt er um ástæður búsetusörkunar á Vestfjörðum.

Meðal atvinnuaðstæðna má nefna of litla fjölbreytni atvinnutækifæra einkum fyrir menntað fólk, að fiskvinnsla og landbúnaður eru ekki samkeppnisfær í kjörum og óöryggi íbúa sjávarbyggða um stöðuga atvinnu. Ófullnægjandi menntunar- og menningaraðstæður eru þær að ekki er kostur á framhaldsnámi, mikill kostnaður við framhaldsnám barna og ófullnægjandi aðstaða til menningarlífs og afþreyingar.

Ófullnægjandi lífskjaraaðstæður s.s hár framfærslukostnaður, hátt vöruverð og fleira getur átt við minni þéttbýlisstaðina, þar sem samkeppni er lítil sem enginn. Aðrir þættir sem hafa áhrif á lífskjaraaðstæður eru t.d. lélegar samgöngur og að ekki séu nægjanlega nútímalegar aðstæður á minnstu þéttbýlisstöðunum.

Vægi fjórða þáttarins, þ.e breytt gildismat fólks, einkum ungs fólks, hefur aukist jafnt og þétt á síðari árum. Nýsköpun, alþjóðahygga, hreyfanleiki í búsetu, sjálfstæði og vaxandi áhugi á umhverfismálum, menningu og bættum lífsgæðum eru allt þættir sem hafa áhrif á breytt gildismat fólks. Það sem hefur valdið þessari breytingu eru m.a bættar samgöngur, sem þó eiga tölvuvert í land með að uppfylla kröfur samfélagsins, upplýsingastreymi í fjölmiðlum, víðferli fólks og bætt almenningmenntun. (Bygðastofnun 2004)


VI.4 Fjölskyldusamsetning

Á Vestfjörðum er meðalfjöldi í kjarnafjölskyldu hærrí samanborið við höfuðborgarsvæðið, Reykjavík og landið í heild, en til kjarnafjölskyldu teljast hjón og fólk í skráðri sambúð með börn 17 ára og yngri, einhleypir karlar og konur sem eru með börn undir 17 ára aldri. Hlutfall einhleypra karla á Vestfjörðum er hærrí í samanburði við landið í heild en hlutfall einhleypra kvenna lægra miðað við landið í heild. Mun færri konur eru einstæðar með börn á Vestfjörðum miðað við t.d höfuðborgarsvæðið eða 9% á móti 15% á höfuðborgarsvæðinu.

VI.5 Vinnumarkaður

Í skýrslu Byggðarannsóknarstofnunar Íslands frá mars 2004, varðandi athugun á forsendum Háskólanámsseturs á Vestfjörðum kemur fram að starfandi fólki á vinnumarkaði hafi fjölgað á landsvísu á árunum 1998-2003. Fjölgunin varð mest á höfuðborgarsvæðinu eða 11% en á landsbyggðinni var fjölgunin 2%. Á Vestfjörðum varð fækkun en ekki fjölgun og var það mest um 7%. Einnig urðu breytingar á aldurssamsetningu starfandi fólks á Vestfjörðum því árið 1998 var hlutfall yngsta aldurshópsins, þ.e 24 ára og yngri 23% af starfandi fólki en var komið niður í 21% árið 2002. Að sama skapi hefur hlutfall 35-64 ára fólks hækkað eða úr 52% í 54% af starfandi fólki.

Ef litið er á greiningu á breytingum á atvinnumarkaði á Vestfjörðum og samanburði við þróun vinnumarkaðar á landinu öllu kemur í ljós að fólki hefur fækkað í frumvinnslugreinunum landbúnaði og sjávarútvegi en fjölgað í þjónustugreinum. Greiningin er byggð á gögnum frá Hagstofu Íslands fyrir árin 1999-2003. Um úrtaksgögn er að ræða og geta frávik því verið töluverð innan einstakra greina og á það einkum við um gögn um Vestfirði þar sem úrtak fyrir landshlutann er ekki stórt. Því verður að taka niðurstöðum með þeim fyrirvara.



Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi starfa

Störf á landinu öllu voru samtals 155.680 í lok árs 2003. Frá 1999 hefur störfum fjölgað á landinu um 3,7%. Á Vestfjörðum hefur störfum fækkað um 6,3%, eru samtals 4.460 störf, eða tæplega 2,9% af heildar starfajölda á landinu.

Frumvinnslugreinar


Störfum í landbúnaði fækkaði um 6,0%, eru samtals 9.710 störf á öllu landinu í lok árs 2003. Á Vestfjörðum helst fjöldi starfa í landbúnaði óbreyttur eða 210. Störfum við fiskveiðar hefur fækkað á landinu öllu um 18,2%, en um 39,0% á Vestfjörðum og eru samtals 500 störf í lok árs 2003.

löngreinar

Störfum í fiskvinnslu á landinu öllu hefur fækkað um 11,4% á tímabilinu frá 1999-2003 og voru samtals 6.360 í árslok 2003. Á Vestfjörðum hefur störfum í fiskvinnslu fjölgað um 6,0% og voru 890 störf í lok árs 2003. Störfum í öðrum iðnaði fækkaði um 7,8% á tímabilinu 1999-2003. Á Vestfjörðum hefur störfum í öðrum iðnaði fækkað um 18,8% og voru 260 störf í lok árs 2003.

Þjónustugreinar

Störfum í verslun og viðgerðarþjónustu á landinu öllu hefur fækkað um 0,4% og voru samtals 21.140 störf á öllu landinu í lok árs 2003. Fjöldi starfa í þessum greinum á Vestfjörðum er óbreyttur eða 400 störf í árslok 2003. Í hótél- og veitingarekstri á landinu öllu hefur fjölgað störfum um 2,4% og voru samtals 5.540 störf á öllu landinu í lok árs 2003. Á Vestfjörðum hefur störfum í þessum greinum fækkað um 25,0% og voru 90 störf í lok árs 2003. Við samgöngur og flutninga á landinu öllu hefur fækkað störfum um 2,5% og voru samtals 10.510 störf á öllu landinu í lok árs 2003. Á Vestfjörðum hefur störfum í þessum greinum fækkað um 29,6% og voru 190 störf í lok árs 2003.



Heimild: Hagstofa Íslands

Í fjármálaþjónustu á landinu öllu hefur fjölgað störfum um 9,3% og voru samtals 5.900 störf á öllu landinu í lok árs 2003. Á Vestfjörðum hefur störfum í þessari grein fjölgað um 16,7% og voru 140 störf í lok árs 2003.

Við fasteigna- og viðskiptaþjónustu á landinu öllu hefur fjölgað störfum um 16,5% og voru samtals 12.030 störf á öllu landinu í lok árs 2003. Á Vestfjörðum hefur störfum í þessum greinum fækkað um 7,7% og voru 120 störf í lok árs 2003.

Störfum í opinberri stjórnýslu á landinu öllu hefur fjölgað um 5,1%, eru samtals 10.810 störf í lok árs 2003. Á Vestfjörðum hefur störfum í opinberri stjórnýslu fjölgað um 2,0%, og voru samtals 510 í árslok 2003. Í fræðslustarfssemi á landinu öllu hefur störfum fjölgað um 24,3%, voru samtals 10.880 störf í lok árs 2003. Á Vestfjörðum hefur störfum í fræðslustarfssemi fjölgað um 33,3% og voru samtals 240 störf, í árslok 2003.

Í heilbrigðis- og félagsþjónustu á landinu öllu hefur fjölgað störfum um 10,5% og voru samtals 22.980 störf í lok árs 2003. Á Vestfjörðum hefur störfum í heilbrigðis- og félagsþjónustu fjölgað um 12,8% og voru samtals 440 störf í þessum greinum í árslok 2003. Störfum í annarri þjónustu á landinu öllu hefur fjölgað um 21,5%, eru samtals 10.720 störf í lok árs 2003. Á Vestfjörðum hefur störfum í annarri þjónustu fjölgað um 60,0%, og voru samtals 160 í árslok 2003.

Svo virðist sem meginmunur á atvinnusamsetningu Vestfjarða og landsmeðaltals er mun hærra hlutfall fiskveiða og fiskvinnslu en á landinu öllu. Áberandi er að hlutfall annars iðnaðar, verslunar og viðgerðarþjónustu og hótél- og veitingareksturs er lágt á Vestfjörðum. Hlutfall viðskiptaþjónustu og annarrar þjónustu er einnig verulega lægra en landsmeðaltal. Innan opinbera geirans er hlutfall stjórnsýslu tiltölulega hátt, en hlutfall fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu undir meðallagi.

Í skýrslu Svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða fyrir starfsárið 2004, kemur fram að á tímabilinu 1990 – 1997 hafi ársverkum fækkað um 19% á Vestfjörðum sem er hæsta hlutfall samdráttar yfir landið. Það sem helst auki líkur á svipaðri þróun sé sú staðreynd að sveitarfélög og opinberar stofnanir hafa dregið saman seglin í framhaldi af fækkun íbúa síðustu ár. Áform ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisfjármálum næstu þrjú árin, til að sporna við þensluáhrifum af völdum virkjanaframkvæmda á Austurlandi, komi væntanlega til með að auka enn á þessa þróun ef ekki eiga sér stað verulegar breytingar á vinnumarkaði.


Árið 1999 störfuðu 35% vinnuafis við sjávarútveg á Vestfjörðum en til samanburðar störfuðu 8,7% við þessa atvinnugrein á landsvísu og 3% á höfuðborgarsvæðinu. Sjávarútvegur skiptir því Vestfirðinga mestu máli með tilliti til hlutfalls vinnuafis sem hefur atvinnu af greininni. Á það skal bent að vægi sjávarútvegs er hlutfallslega enn meira á sumum svæðum Vestfjarða s.s. í Tálknafjarðarhreppi þar sem 64% ársverka er í sjávarútvegi. Breytingar og þróun á vöru og tækni í sjávarútvegi kemur einnig væntanlega til með að hafa nokkur áhrif og jafnvel draga úr eftirspurn eftir vinnuafli í þessari atvinnugrein næstu ár og fækkun starfa í greininni.

Í landbúnaði hefur verið nokkur stöðugleiki á árinu 2003 miðað við allnokkurn samdrátt nokkur ár á undan. Þó er þess að geta að á 10 ára tímabili, þ.e. frá árinu 1992-2002 dróst framleiðsla í mjólk á svæðinu um tæp 30% og framleiðsluréttur um rúm 30%. Lítil sem engin nýliðun er í bændastétt vegna háa verðlags á framleiðslurétti en einnig er líklegt að fækkun grunnskóla eða grunnskólakennslu í strjálmi byggðum fæli ungt barnafólk frá því að hefja atvinnurekstur í vestfirsku dreifbýli. Af þessum sökum má búast við frekari samdrætti í landbúnaði á næstu árum en einnig hafa áhrif þau áform að draga úr stuðningi við atvinnugreinina til samræmis við önnur lönd í Evrópu.

VI.6 Atvinnuleysi

Á síðasta áratug hefur hlutfallslegt atvinnuleysi á Vestfjörðum verið minna en á landsvísu og töluvert minna en hlutfallslegt atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi er misjafnt milli sveitarfélaga á Vestfjörðum en yfirleitt er lítið um atvinnuleysi í minni dreifbýlissveitarfélögum. Í stærstu sveitarfélögunum Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð eru sveiflur í atvinnuleysi mjög svipaðar þó fjöldinn sé meiri í Ísafjarðarbæ.

Aldur hefur töluvert áhrif á líkurnar á atvinnuleysi og mun meiri sveiflur eru hjá yngri aldurshópnum en þeim eldri. Hluta af þeirri sveiflu má skýra með skólagöngu þeirra yngri. En lengd atvinnuleysis er háð aldri þannig að hinir eldri eru að jafnaði mun lengur á atvinnuleysissskrá en þeir yngri.



Mynd 7. Skráð atvinnuleysi á Vestfirðum eftir aldri og lengd atvinnuleysis frá árinu 1991-2002


Heimild: Byggðarannsóknastofnun Íslands

Í áðurnefndri áætlun Svæðisvinnumiðlunar fyrir árið 2004 verður sjónum sérstaklega beint að fjórum hópum atvinnuleitenda. Í fyrsta lagi ungum brottfallsnemendum eða nemendum sem ekki hafa hafið framhaldsskólanám. Í öðru lagi ófaglærðu fullorðnu fólki með einhæfa starfsreynslu, í þriðja lagi atvinnuleitendum af erlendum uppruna og í fjórða lagi atvinnuleitendum með litla eða skerta vinnugetu vegna veikinda, vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála.

VI.7 Tekjur og efnahagur

Meðaltekjur eru mismunandi eftir atvinnugreinum sem og svæðum á landinu. Meðaltekjur eru mun hærrí á höfuðborgarsvæðinu í öllum atvinnugreinum og ef litið er til flest allra atvinnugreina þá kemur í ljós að meðaltekjur á Vestfirðum eru lægri í samanburði við landið í heild, landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið.

Minnstur er munurinn í iðnaði og fiskvinnslu en mestur þegar horft er til fiskveiða sem hefur þó verið aðalatvinnuvegur Vestfirðinga.



Mynd 8. Meðaltekjur eftir atvinnugreinum og svæðum

Heimild: Byggðarannsóknastofnun Íslands

VI.8 Fyrirtæki

Upplýsingar um fjölda fyrirtækja eða stofnana á Vestfjörðum liggja ekki fyrir en af öllum launagreiðendum landsins eru rúm 3% eða 735 á Vestfjörðum. Flestir þeirra eru einyrkjar eða tæplega 65% launagreiðendanna og rúm 29% eru með 2-9 starfsmenn. Á árinu 2003 voru stofnuð 72 ný hluta- og einkahlutafélög á Vestfjörðum eða 3% nýrra fyrirtækja á landsvísi. Þetta þýðir að það voru stofnuð 9,2 fyrirtæki á hverja þúsund íbúa sem er það mesta á landinu. Langflest þessara fyrirtækja eru vegna smábátaútgerðar.

VI.9 Samgöngur

Samgöngur eru mikilvægur hlekkur í atvinnukeðju Íslendinga og hafa þær mikið að segja varðandi samkeppnishæfni atvinnulífsins. Eftir því sem samgöngur og flutningar eru hagkvæmari (verð og hraði) þeim mun samkeppnishæfari eru útflutningsatvinnuvegirnir á erlendum mörkuðum. Hagkvæmir flutningar skila sér til framleiðanda auk þess sem hraðari flutningar skila oft meiri gæðum vörunnar og þar með hærra verði, t.d. í ferskfiskútflutningi. --- Góðar samgöngur eru undirstaða fyrir þróun byggðar og atvinnulífs og þær styrkja gjarnan stærri byggðarlög þar sem fjölbreytt þjónusta er í boði.

Ferðaþjónusta hefur vaxið mjög hér á landi á undanförunum árum og er ferðaþjónusta nú einn stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar. Skilyrði fyrir vexti og viðgangi ferðaþjónustu eru góðar samgöngur til og frá landinu sem og um allt land. Ferðaþjónusta er mjög mikilvæg fyrir landsbyggðina, sérstaklega yfir sumarmánuðina. Ferðatilhögun fólks hefur breyst og þeim erlendu ferðamönnum fjölga sem ferðast á eigin vegum. Þetta eýkur kröfurnar um öruggar og góðar samgöngur.”²

Fiskeiðar, vinnsla og útflutningur fiskafurða eru undirstaða atvinnulífs Vestfirðinga, og nálægðin við fiskimiðin er lífsbjörg þeirra. Hvergi í heilum landshluta á Íslandi hefur þessi atvinnugrein jafn mikilvægu hlutverki að gegna fyrir afkomu íbúanna og framtíð byggðar. Ferðaþjónusta er helsti vaxtarbroddurinn í atvinnulífi Vestfirðinga, og miklir möguleikar eru taldir vera fyrir hendi til uppbyggingar ferðaþjónustu á Vestfjörðum.


² Tillaga stýrihóps samgönguráðherra að samgönguáætlun 2003-2014. Samgönguráðuneytið 2001

Öruggar og hraðar samgöngur eru grundvallarskilyrði fyrir því að þessar atvinnugreinar fái þrífist og nái að vaxa og styrkja byggð á Vestfjörðum til framtíðar. Eigi að síður blasir sú staðreynd við að Vestfirðir eru sá landshluti á Íslandi, þar sem lengst er í land með að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í samgönguáætlun um greiðari samgöngur (flytjanleika samgöngukerfisins), hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna, öryggi í samgöngum og umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Sérstaklega á þetta við um vegi í grunnneti samgöngukerfisins á Vestfjörðum.

Til að treysta búsetu og efla atvinnulíf á Vestfjörðum er lögð áhersla á greiðar og öruggar samgöngur og styttingu ferðatíma. Hraða verður innbyrðis tengingu allra þéttbýliskjarna í fjórðungnum og tengingu þéttbýliskjarnanna og fjölsótttra ferðamannastaða í meginsamgöngukerfinu.

Ýmsar mikilvægar samgöngubætur þola ekki 10-15 ára bið eftir að röðin komi að þeim á vegaáætlun. Mikil verðmæti eru fólgin í því að samgöngubætur séu gerðar í tíma til að tryggja vöxt og uppbyggingu og forða frekari hnignun vestfirskra byggða.

Á Fjórðungssþingi Vestfirðinga haustið 1997 voru samþykktar tillögur starfshóps um stefnumótun í vegamálum fjórðungsins, sem Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) hefur fylgt síðan. Á fjórðungssþingi í september 2004 var lögð fram skýrsla starfshóps FV um samgöngur á Vestfjörðum þar sem lagt er til að fylgja beri eftir stefnumótuninni frá 1997 í öllum meginráttum.



Mynd 9. Bundið slitlag á Vestfjörðum 2004

Heimild: Vegagerðin

Þessar samþykktir í vegamálum hafa gengið hægt eftir og telur starfshópur FV að helstu staðreyndir séu þær að Vestfirðir reki lestina á landsvísi í uppbyggingu vegakerfisins, þungaflutningar aukist stöðugt með tilheyrandi sliti á vegum og áhyggjum af minnkandi öryggi vegfarenda, og bundið slitlag vanti enn á milli einstakra þéttbýliskjarna. Einnig sé óvíst hversu langt sé í land að brýnustu verkefnum ljúki og að heilsárssamgöngur milli samgöngusvæða á Vestfjörðum sé draumsýn ein næstu áratugina nema vegafé verði aukið til muna.

Tillögur starfshóps FV sem samþykktar voru af fjórðungssþingi 2004 snúa í meginatriðum að því að **bæta samgöngur, tryggja heilsárssamgöngur og stytta akstursleiðir á Vestfjörðum**. Verkefnisstjórnin telur að til að ná þessum markmiðum verði eftirfarandi þáttum í samgönguáherslum Fjórðungssambandsins sem og samgönguáætlun flýtt og/eða nýjar áherslur lagðar í samgönguáætlun. Þær tillögur sem verkefnisstjórnin setur fram í þessu sambandi eru birtar sem tillögur nr. 15-18 í kafla X, og eru eftirfarandi og auðkenndar sbr. númer 1 – 5 á mynd 10:

1 og 2: Í tillögu 17 er lögð til stytting á núverandi leið um Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði um Vestfjarðaveg nr. 60 milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar með jarðgangagerð. Við kassa 1 er í grófum dráttum sýnd lega 5,1 km jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar (Hrafnseyrarheiði) auk 6,7 km vegagerðar að göngunum. Við kassa 2 er í grófum dráttum sýnd lega 10,8 km jarðganga milli Dynjandisvogs í Arnarfirði og Vatnsdals í Vatnsfirði á Barðaströnd (Dynjandisheiði) auk 8,2 km vegagerðar að göngunum.

3 og 5: Í tillögu 16 er lögð til stytting á núverandi leið um Djúpveg nr. 61 frá Ísafirði að Gilsfjarðarbrú. Við kassa 3 er í grófum dráttum sýnd lega nýs vegar sem þverar Mjóafjörð í Djúpi um Hnútey um Vatnsfjarðarháls og Vatnsfjörð yfir Reykjafjörð og inn Ísafjörð vestanverðan. Um er að ræða 28,3 km vegagerð og byggingu þriggja brúa við þveranir Mjóafjarðar, Vatnsfjarðar og Reykjafjarðar. Við

kassa 5 er í grófum dráttum sýnd lega nýs 24,6 km vegar sem ýmist er nefndur Tröllatunguvegur, vegur um Arnkötludal eða Stranddalavegur og tengir saman Strandir og Reykhólasveit.



Mynd 10. Helstu vegir á Vestfjörðum 2003 og tillögur um endurbætur
 Heimild: Vegagerðin, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Verkefnisstjórn um byggðaáætlun Vestfj.

4: Í tillögu 15 er lögð til stytting á núverandi leið um Vestfjarðaveg nr. 60 frá Flókalundi að Gilsfjarðarbrú. Við kassa 4 er í grófum dráttum sýnd lega nýs vegar í Reykhólahreppi sem þverar Þorskafjörð við Kinnarstaði, liggur út Hallsteinsnes um Teigsskóg og þverar Djúpafjörð yfir í Grónes og Gufufjörð yfir í Melanes, en lega nýs vegar um Skálanes og inn Kollafjörð er ekki auðkennd. Um er að ræða ca. 31 km vegagerð og byggingu þriggja brúa við þveranir Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar.

Tillaga 18 um uppbyggingu ferðamannaleiða er ekki auðkennd sérstaklega á myndinni en snertir Rauðasandsveg nr. 614 og Örylgshafnarveg nr. 612 að Látrabjargi, vestasta odda Íslands annars vega og hins vegar Strandaveg nr. 643 norður í Arneshrepp á Ströndum.

Stytting vegalengda frá nærsvæðum til Ísafjarðar sem langstærsta þjónustukjarna á Vestfjörðum er afar mikilvæg til þess að markmið byggðaáætlunar um styrkingu byggðar á Ísafjarðarsvæðinu nái fram að ganga. Í greinargerð með þingsályktunartillögu um byggðaáætlun fyrir árin 2002-2005 segir m.a. að “ef svo öflugur þéttbýlisstaður er innan t.d. 2-3 klst. akstursfjarlægðar, fá íbúar á grannsvæðum betri aðgang að þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi, menntun og sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og þar með batna búsetuskilyrði þeirra. Skilyrði til atvinnurekstrar batna líka vegna nálægðar við þjónustu, þekkingu, stærri markað og fleiri viðskiptatækifæri, auk þess að ferðamannastraumur eykst.”

Flug

Á Vestfjörðum er staðan sú að flug er nauðsynlegur þáttur í samgöngum fjórðungsins og mun svo verða um langa framtíð. Því er nauðsynlegt að tryggja til framtíðar greiðar og öruggar flugsamgöngur til og frá Vestfjörðum.

Áhersla er lögð á:

Að tryggja til framtíðar flugsamgöngur til og frá þeim áfangastöðum á Vestfjörðum sem sinnt er með áætlunarflugi. Að viðhalda viðurkenndum flugvöllum í fjórðungnum, sem ekki eru nýttir til áætlunarflugs, því þeir gegna mikilvægu öryggishlutverki og eru jafnframt liður í vaxandi ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Að tryggja öruggt sjúkraflug í fjórðungnum því það skiptir sköpum í samfélagi sem er fjarri sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á borð við hátækisjúkrahús landsins. Mikilvægi Patreksfjarðarflugvallar fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu með áherslu á Látrabjarg.

Viðurkenndum flugvöllum og landingarstöðum á Vestfjörðum hefur fækkað mjög hratt á síðustu tveimur áratugum, úr því að vera 27 talsins niður í einungis níu. Af þeim níu völlum, sem Flugmálastjórn viðurkennir og heldur við, teljast fjórir áætlunarflugvellir. Þeir eru: Bíldudalsflugvöllur, Gjögurflugvöllur og Ísafjarðarflugvöllur með Þingeyrarflugvöll sem skilgreindan varaflugvöll. Hinir fimm eru: Patreksfjarðarflugvöllur, Reykjanesflugvöllur, Arnargerðareyrarflugvöllur, Hólmavíkurflugvöllur og Reykhólaflugvöllur. Þessir vellir þjóna sjúkra- og leiguflugi ásamt almennu einkaflugi.

Hafnir

Síðustu ár hefur rekstrarumhverfi hafna tekið stakkaskiptum. Breytingarnar má einkum rekja til samdráttar í fiskveiðum og lönduðum afla og þess að mjög hefur dregið úr sjóflutningum, en vörur eru þess í stað fluttar landleiðina. Tekjur flestra hafna hafa farið minnkandi og er rekstur þeirra því víða erfiður þó svo að ýmis sóknarfæri séu í sjónmáli, einkum í ferðaþjónustu.

Starfshópurinn tekur undir að samkeppnisstaða hafna á landsbyggðinni verði ekki skert miðað við hafnir á höfuðborgarsvæðinu, að boðað auðlindagjald renni að hluta til fiskihafna og að höfnum verði gert kleift að laga sig að breyttum aðstæðum, hvort heldur er vegna samdráttar eða aukinna umsvifa, t.a.m. í tengslum við uppbyggingu í ferðaþjónustu.

Fjarskipti

Aðgangur að góðum fjarskiptum er jafn mikilvægur og uppbygging hefðbundinna samgangna. Aðgengi hinna dreifðu byggða að s.k. upplýsingahraðbraut mun ráða miklu um þróun og uppbyggingu samfélagsins, s.s. atvinnulífs, menntunar, heilbrigðisþjónustu og stjórnsýslu. Því má fullyrða að öflug fjarskipti munu skipta sköpum fyrir búsetu á Vestfjörðum.


Starfshópurinn tekur undir að mikilvægt er að jafnrétti ríki í aðgengi að grunnnetinu á samkeppnishæfu verði og að þjónusta verði aðgengileg sem flestum óháð búsetu. Slíkt verður varla tryggt án jöfnunar í formi opinberra framlaga við kostnaðarsamar stofnframkvæmdir í tengslum við dreifikerfi. Uppbygging þeirra fjarskiptakerfa, sem nauðsynleg eru til að tryggja öryggi á sjó og landi, verði með þeim hætti að þau nýtist sem flestum. Sérstaklega er þetta mikilvægt á þeim svæðum þar sem byggð er strjál og veðurskilyrði erfið.

Einn mikilvægasti öryggisþáttur í strjálbýli er aðgangur að farsímakerfum. Íbúar í dreifbýli eru flestir meðvitaðir um hve takmörkuð útbreiðsla GSM kerfisins er og notfæra sér því gamla NMT kerfið. Með aukinni sókn ferðamanna til Vestfjarða leiðir þessi staða til mun minna öryggis en ásættanlegt er. Því er nauðsynlegt að byggja upp GSM dreifikerfi, sem nýtir langdrægari senda en þá sem nú eru í notkun, til að ráða bót á þessum annmörkum.

VI.10 Störf á vegum ríkisins á Vestfjörðum

Varðandi upplýsingar um fjölda starfa á vegum ríkisins á höfuðborgarsvæðinu er stuðst við tölur úr skýrslu frá mars 2004, um staðsetningu starfa á vegum ríkisvaldsins - Höfuðborgarsvæðið og Eyjafjarður, sem unnin var af Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar.

Samkvæmt niðurstöðum eru um 343 störf á vegum ríkisvaldsins á Vestfjörðum sem skiptast á níu ráðuneyti. Flest af þessum störfum eru við grunnstofnanir ríkisins eins og sýslumanns- og lögregluembætti, skattstofu og héraðsdómstól, heilbrigðis- og menntastofnanir. Í útreikningum á fjölda starfa, hlutfall starfa af heild og hlutfall starfa á Vestfjörðum er ekki gert ráð fyrir 60 störfum hjá Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vestfjörðum þar sem ekki fengust upplýsingar um heildarfjölda starfa innan þessa málaflokks á landinu öllu. Vegna mikils fjölda starfsmanna hjá ríkinu er erfitt að finna nákvæman fjölda og staðsetningu og af þeim sökum getur verið að einhver starfsemi hafi orðið útundan. Í útreikningum hafa stofnanir sem eru að nokkrum hluta fjármagnaðar af sveitarfélögum, sem og ríkisfyrirtæki sem eru hlutafélög, ekki verið talin með.



Mynd 11. Hlutfall starfa hjá ríkinu eftir ráðuneytum - Höfuðborgarsvæðið - Vestfirðir



Á meðfylgjandi myndum má sjá hlutfall starfa hjá ríkinu eftir ráðuneytum, störf á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og Vestfjörðum hins vegar. Í sumum tilvikum er enginn starfsmaður á sviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þeirra á Vestfjörðum, en þau fimm ráðuneyti sem ekki eru með störf á Vestfjörðum eru forsætisráðuneytið, Hagstofa Íslands, Alþingi, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið

Tafla 2. Samanburður á ríkisstörfum á höfuðborgarsvæðinu og Vestfirðum

	Höfuðborgarsvæðið	Vestfirðir
Fjöldi starfa	12.662	343
Fjöldi íbúa	181.000	7.837
Íbúar á hvert ríkisstarf	14,3	22,8
Hlutfall starfa af heild	72,00%	1,95%
Hlutfall íbúa af heild	62,40%	2,69%
Fjöldi starfa á Vestfirðum miðað við 2,69%		473
Mismunur á fjölda starfa 2004 og 2,69% þ.e. 473 – 343 =		130

Í áður nefndri skýrslu AFE kemur fram að um 17.581 störf séu á vegum ríkisins á landinu, en heildarfjöldi er ekki nákvæmur þar sem ekki fundust starfsmenn hjá öllum stofnunum og sumum var sleppt. Eins og kemur fram í töflu 2 eru 12.662 störf á vegum ríkisins á höfuðborgarsvæðinu eða um 72% en einungis **343** störf á vegum ríkisins á Vestfirðum, en þá eru ekki talin með störf er varða málefni fatlaðra á Vestfirðum. Þessi störf skiptast á milli 17 ríkisstofnana og eru mörg þeirra hjá ríkisstofnunum sem eru nauðsynlegar fyrir samfélagið, eins og heilbrigðis- og menntastofnanir og þegar búið er að taka þau störf frá sést hversu lítil dreifing er innan atvinnusviða á svæðinu.



Væri hlutfall ríkisstarfsmanna á Vestfirðum í takt við íbúafjölda svæðisins sem er 2,69% af heildarfjölda íbúa í landinu öllu, ætti fjöldi ríkisstarfsmanna að vera **473** en ekki 343, þ.e. **130 fleiri**. Aftur á móti þyrfti að fjölga störfum á Vestfirðum um 206 til að ná hlutfallslega sama fjölda ríkisstarfa og höfuðborgarsvæðið. Á Vestfirðum eru 22, 8 íbúar á bak við hvert starf ríkisins en 14,3 íbúar á bak við hvert starf á höfuðborgarsvæðinu.



Þegar skoðuð eru störf hjá stofnunum tengdum sjávarútvegi og rannsóknum á Vestfirðum vekur athygli hversu fá þau eru, miðað við að þessi atvinnuvegur sé sá grunnur sem atvinnulíf og búseta á Vestfirðum byggir á. Sjávarútvegur er atvinnugrein sem er í stöðugri þróun og aðlögun að nýjum aðstæðum og því er mikilvægt að ný sóknarfæri skapist og stutt sé við nýsköpun og tækninýjungar í vinnslu, sölu afurða og fleiru. Mikilvægt er að efla það starf sem unnið er í tengslum við rannsóknir og fjölga störfum á vegum ríkisins hvort sem um er að ræða breytingar í skipulagi, nýráðningar eða ný verkefni.

Ef störfum á vegum sjávarútvegsráðuneytisins á Vestfirðum myndi fjölga um fjögur í tengslum við tillögur um eldis- og veiðarfærataekni, líftækni og uppbyggingu rannsókna og markaðsmála varðandi rækjuiðnað myndi hlutfall starfa fara úr 1,07% í 2,13%, sem samt yrði undir hlutfalli íbúa á svæðinu sem er 2,69%

Engin störf eru hjá öðrum stofnunum í rannsóknnum og vísindum, eins og Orkustofnun, Iðntækistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins á Vestfjörðum, en mikilvægt er að byggja upp þekkingar- og rannsóknarumhverfi í tengslum við klasa iðn- og sjávarútvegsfyrirtækja og einnig í tengslum við orkunýtingu til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.



Ef stöðugildum á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins myndi fjölga um fimm á Vestfjörðum, í tengslum við tillögu um aukningu á nýsköpunarstarfi og rannsóknum tengdum iðnaði færi hlutfallið úr 0% í 0,89% sem er töluvert lægra hlutfall en hlutfall íbúa á svæðinu.

Ekki eru heldur nein störf á starfssviði Hagstofunnar á Vestfjörðum, þrátt fyrir að fjarvinnsla gagna sé það atriði sem stundum hefur verið talað um að ekki sé háð staðsetningu.

Þegar litið er á starfsemi ríkisstofnana á sviði umhverfis- og skipulagsmála og menningarmála má sjá að hlutfall þessara stofnana, eins og annarra stofna tengdum sjávarútvegi og rannsóknum, er undir hlutfalli íbúa á svæðinu. Í tengslum við nýtt þekkingarsetur og uppbyggingu háskólanáms á Vestfjörðum er bundin sú von að bæði menntunarsstig hækkji, rannsóknir og nýsköpun aukist og störfum fjölgi. Hlutfall starfa á vegum menntamálaráðuneytisins á Vestfjörðum er 1,11% en ef störfum myndi fjölga um átta stöðugildi færi hlutfallið í 1,27%. Með þessu má sjá að bæta má enn fleiri stöðugildum við vegna uppbyggingar mennta- og menningarmála á Vestfjörðum til að vera í samhengi við hlutfall íbúa.

Skoða þarf vel alla möguleika til að efla stofnanir í umhverfis- og skipulagsmálum því þessar stofnanir gegna mikilvægu hlutverki á svæðinu, ýmist með staðbundnum rannsóknum eða verkefnum á landsvísu. Aðeins er 1 stöðugildi á vegum umhverfisráðuneytisins á Vestfjörðum, sem er um 0,29% af heildarstörfum, en ef aukning yrði um þrjú stöðugildi í tengslum við tillögur nefndarinnar myndi hlutfallið hækka upp í 1,17%.

VII. Samkeppnishæfni - SVOT greining

Til þess að skoða samkeppnishæfni Vestfjarða við önnur svæði er mikilvægt að gera samkeppnisgreiningu fyrir svæðið og skoða hvað það er í starfsskilyrðum viðkomandi svæðis eða starfsemi fyrirtækja sem æskilegt er að lagfæra. Slíkar greiningar eru mikilvægar sem grunnupplýsingar varðandi stöðumat, stefnumótun og aðgerðir. Einn þáttur í aðgerðum til að styrkja samkeppnishæfni er að fjalla um slík atriði, innan fyrirtækja, klasa, atvinnulífs, svæða sem og einstakra landa. Slík vinna er tímafrek og krefst samvinnu margra aðila en nokkur sveitarfélög á Vestfjörðum eru að vinna að stefnumótun í atvinnumálum nú þegar eða hafa nýlokið þeirri vinnu.

Sameiginleg stefnumótun í atvinnumálum í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum hefur ekki verið gerð og ekki liggur heldur fyrir nákvæm greining á samkeppnisstöðu svæðisins. En til þess að geta fengið örilitla mynd af stöðu svæðisins varðandi samkeppnishæfni er horft til svokallaðrar SVOT greiningar, þ.e styrkleika, og veikleika (þættir innan fyrirtækja og svæðisins í heild) og ógnana og tækifæra (þættir utan fyrirtækja og svæðisins). Við SVOT greininguna er stuðst m.a við upplýsingar frá Bygðastofnun, gögnum frá sveitarfélögnum í tengslum við stefnumótunarvinnu og tillögum úr Bygðaaætlun fyrir Vestfirði.

Ljóst er að margir þættir í SVOT greiningu geta ekki átt við á öllu svæðinu, þ.e Vestfjörðum í heild og eru það m.a samgöngur, stærð sveitarfélaganna og fleiri utankomandi atriði sem hafa þar áhrif. Í eftirfarandi greiningu er tekið mið af samanburði við höfuðborgarsvæðið og reynt að setja niður atriði sem geta að flestu leyti átt við svæðið í heild.

Styrkleikar

Helstu styrkleikar svæðisins eru:

- Öflug þekking í útgerð og vinnslu sjávarafurða
- Skemmtilegt og fjölbreytt ferðamannasvæði
- Stöðugt og gott vinnuafli
- Fjölskylduvænt umhverfi
- Meiri nálægð – persónulegri tengsl
- Lægra fasteignaverð en á höfuðborgarsvæðinu – íbúa/atvinnulíf
- Menningarstarfsemi og afþreying með þátttöku flestra íbúa

Á Vestfjörðum er mikil þekking á sjávarútvegi hvort sem er í útgerð eða vinnslu sjávarafurða. Áratuga þekking á útgerð togskipa á bolfiski og rækju og aldagömul hefð í sókn á grunnmið er til staðar á Vestfjörðum og stjórnendur og vinnuafli búa yfir mikilli þekkingu á úrvinnslu sjávarafurða. Rannsóknir á þessum sviðum geta sótt styrk til svæðisins og samhliða eft þessar greinar.

Ferðamannaiðnaður er einnig vaxandi atvinnugrein. Náttúra og landslag Vestfjarða er í mörgu frábrugðið öðrum landslutum og er í dag helsta aðráttarafl þess. Innan svæðisins eru síðan andstæður og þetta gefur tækifæri til skipulagningar ferða á einstaka svæði eða til Vestfjarða í heild. Ónýtt tækifæri eru m.a í uppbyggingu afþreyingu er tengjast sjó, gönguferðum og menningu. Önnur atvinnustarfsemi er einnig sterk og vaxandi s.s. á sviði heilsugæslu og menntamála. Til staðar er einnig gott vinnuafli, persónuleg tengsl, sem og góðar aðstæður fyrir búsetu á svæðinu, samhliða því að verðlag, s.s. á fasteignum, er lægra en á höfuðborgarsvæðinu. Allt þetta gerir styrk svæðisins mikinn.

Varðandi fjölskylduvænt umhverfi hafa vestfirsk sveitarfélög upp á valkost að bjóða gagnvart höfuðborgarsvæðinu, sem byggir á betri eða jafngóðri opinberri þjónustu, nálægð atvinnu og skóla og öflugum barna- og unglingsstarf.

Menningarlíf hefur löngum verið blómlegt á Vestfjörðum og einn hornsteinn samfélagsins. Vestfirðingar hafa sýnt frumkvæði og vakið athygli fyrir að skapa ungu fólki tækifæri til að rækta menningu sína og litið á það sem lið í forvarnarstarfi. Áfram er litið á að öflugt menningarlíf verði sterkur þáttur í þeim lífsgæðum sem felast í búsetu á Vestfjörðum, auk þess sem það eykur fjölbreytni atvinnulífs.

Veikleikar

Helstu veikleikar svæðisins eru:

- Fjarlægðir – flutningskostnaður mikill.
- Heilsárssamgöngur til Reykjavíkur og innan svæðis erfiðar.
- Fábreytt atvinnulíf
- Ímynd svæðisins má vera skýrari og sterkari.
- Fjármagn skortir til nýsköpunar og rannsókna
- Erfiðara að fá fjármagn (áhættufjármagn) en á höfuðborgarsvæðinu
- Skortur á tækifærum fyrir ungt fólk – menntun/afþreying
- Fá tækifæri fyrir langskólagengna – lágt menntunarstig
- Ónóg starfsemi ríkisins á svæðinu
- Smærri samfélag – minni markaður

Við skoðun þessara veikleika má greina kjarna þeirra í eftirfarandi atriði: óhagræði vegna flutningskostnaðar á markaðssvæði höfuðborgarsvæðisins sem og vegna þeirrar staðreyndar að heilsárssamgöngur til Reykjavíkur eru afar erfiðar, vegna margra fjallvega og ófullnægjandi gæða vegakerfisins á Vestfjörðum. Þetta atriði verður sífellt mikilvægara og krefst úrbóta ekki síst þar sem fyrir liggur að núverandi sjóflutningar munu í stóruáttum mæli fara um vegakerfið.

Ekki er nægjanleg gróska í atvinnulífi sem og skortur á sterkari og jákvæðari ímynd fyrir svæðið. Jafnframt er erfiðari aðgangur að áhættufjármagni en á þéttbýlissvæðinu í kringum Reykjavík. Sum þessara atriða eru á valdi viðkomandi aðila að lagfæra, s.s. bætt ímynd, en önnur atriði, s.s. skortur á opinberri stjórnsýslu á svæðinu og fjarlægð frá mörkuðum og flutningskostnaður til stærra markaðssvæðis, tengist úrbótum í samgöngumálum og falla í verkahring ríkis í samvinnu við sveitarfélög. Önnur atriði eru sameiginlegt úrlausnarverkefni ýmissa aðila.

Verkefni sveitarfélaga hafa aukist en tekjustofnar ekki að sama skapi sem hefur áhrif á framkvæmdir og möguleika byggðanna til að eflast og stækka. Nýliðun fyrirtækja er lítil sem engin og nýsköpun eða þróunarstarf og iðnaður einskorðast oftast við þjónustuiðnað og eru það þá oft einrykjar sem við það fást. Þær áherslur sem og tillögur sem settar eru fram í þessari skýrslu, er ætlað að vinna gegn þeim atriðum sem nefnd eru sem veikleikar og ógnanir, þó að fleira þurfi einnig að koma til.

Ógnanir

Helstu ógnanir svæðisins eru:

- Sterk staða krónunnar og gengissveiflur, skaða samkeppnishæfni samkeppnis- og útflutningsgreina s.s. sjávarútvegs, iðnaðar og ferðaþjónustu og getur torveldað vöxt.
- Fólksfækkun
- Óvissa í atvinnumálum – minnkandi umsvif sjávarútvegs.
- Lítil vöxtur á sviði fjárfestinga og opinberra framkvæmda
- Ungt fólk flytur frá svæðinu
- Neikvæð viðhorf gagnvart flutningi opinberra stofnana
- Neikvæð viðhorf í byggðamálum – skaða tækifæri svæðisins
- Skortur á háhraðatengingum – torveldar nýsköpun og rannsóknir
- Samkeppni um sérhæft vinnuafli

Ógnanir tengjast ýmsum þáttum, innlendum sem alþjóðlegum. Hvað innlendu atriðin varðar, varða þau atriði s.s. þróun gengis, en sterk staða krónunnar hefur verið nefnd sem ógnun við samkeppnis- og útflutningsgreinar og getur skaðað samkeppnisstöðu þeirra og torveldað vöxt. Við þessum atriðum eru ekki til einhlít svör, en þau tengjast m.a. hagstjórn, ríkisfjármálum og peningamálum, tímabundnum umfangsmiklum framkvæmdum. Fólksfækkun virðist líka m.a. tengjast samdrætti í sjávarútvegi á svæðinu. Neikvæð og misskilin viðhorf á byggðamálum virðast hafa skaðað svæðið og því er brýnt að efla faglega umfjöllun um byggðamál. Í umræðu kom einnig fram að það sé ákveðin hættu á stöðnun, takist ekki að styrkja stöðu og vöxt atvinnulífsins.

Aðgangur að góðum fjarskiptum er orðinn jafn mikilvægur og uppbygging hefðbundinna samgangna og mun aðgengi hinna dreifðu byggða að því sem nefnt er upplýsingahraðbraut ráða miklu um þróun og uppbyggingu samfélagsins, svo sem atvinnulífs, menntunar, heilbrigðisþjónustu og stjórnsýslu. Óflug fjarskipti skipta því sköpum fyrir búsetu á Vestfjörðum.

Eins og áður hefur verið nefnt eru helstu orsakir búseturöskunar ófullnægjandi atvinnuáðstæður, menntunar- og menningaraðstæður og lífskjaraaðstæður og er það meðal annars of lítil fjölbreytni í atvinnutækifærum og þá einkum fyrir ungt menntað fólk sem hafa áhrif á að unga fólkið flytur frá svæðinu.

Tækifæri

Helstu tækifæri svæðisins eru:

- Aukin tækifæri í sjávarútvegi – rannsóknir, fiskeldi, veiðarfæri, vöru og tækniþróun
- Aukin tækifæri í ferðaþjónustu – alþjóðamarkaðssetning
- Sóknarfæri á sviði menntunar – háskólanám og fjarkennsla
- Sóknarfæri á sviði rannsókna – náttúru og menningu
- Stækkun og efling stofnana og fyrirtækja – nýsköpun og nýting afurða
- Aukið samstarf og stækkun sveitarfélaga
- Umhverfissvæn atvinnustarfsemi
- Náttúruvernd
- Bættar samgöngur – tenging svæða

Eins og fram kemur á þessari upptalningu eru fjölmörg tækifæri sem blasa við atvinnulífi og Vestfjarðasvæðinu í heild. Þessi tækifæri eru á mörgum sviðum en ekki síst á þeim 3 megin sviðum sem varða sjávarútveg/matvælaíðnað, ferðamennsku og mennta- og háskólanám. Mikil reynsla, nálægð sjávarútvegs, iðnaðar og rannsókna hefur leitt til nýsköpunar á svæðinu og fellur því efling rannsókna og menntunar á þessum sviðum vel að svæðinu og vænta má góðs árangurs.

Sóknarfæri á sviði menntunar og rannsókna eru mikil og mun nýtt þekkingarsetur Vestfjarða byggja á að samtvinna fjarnám, staðbundið nám og rannsóknir. Hér er lagður grunnur að því að skapa svæðinu ákveðna sérstöðu en svæðið á sér einnig sérstöðu í menningu sem á sama hátt má nýta. Ósnortin náttúra svæðisins og fáir sjáanlegir kostir í stóriðju og virkjunum ættu að gefa forsendur til að leggja áherslu á uppbyggingu umhverfissvænnar atvinnustarfsemi og náttúruverndar.

Stækkun atvinnu- og samgöngusvæða innan Vestfjarða munu leiða til eflingar atvinnulífs og skapa því ný tækifæri. Tenging samgöngusvæða við þjóðvegakerfið mun efla sókn á erlenda markaði og stækka markaðssvæði innanlands. Sveitarfélög munu á sama hátt eflast af þessum breytingum. Aukið samstarf sveitarfélaga getur eflt þjónustu og aukið tækifærin til að taka við nýjum verkefnum. Bættar samgöngur hafa bætt verulega aðgengi að Vestfjörðum, jafnt fyrir lengri sem styttri ferðir. Árangur hefur verið af markaðssetningu Vestfjarða erlendis og spáð er fjölgun erlendra ferðamanna á næstu árum. Því er að vænta að efling þessa starfs leiði til enn betri árangurs.


VIII. Klasar til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða

Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að vinna að auknum vexti og samkeppnishæfni atvinnulífs og byggja með öllum þeim leiðum sem hægt er, m.a. með aukinni starfsemi klasa og netsamstarfs. Fjölmörg dæmi eru um árangur á einstaka svæðum með starfsemi klasa, og jafnframt hefur verið rannsakað hvaða þættir það eru sem eru hvað mikilvægastir við uppbyggingu klasa og netsamstarfs í atvinnulífi. Það módel sem hvað helst er horft til í þessari skýrslu er það starf sem unnið hefur verið á þessu sviði á Oulu svæðinu í Finnlandi og hefur þegar verið lýst.

Einnig og ekki síður hefur verkefnisstjórnin unnið að því að fá til landsins erlenda þekkingu er varðar uppbyggingu og ráðgjöf við atvinnulíf til að efla starfsemi klasa og auka netsamstarf á milli fyrirtækja. Þess er þó að geta að ekki er um einhverjar töfralausnir að ræða heldur um langtíma starf sem skilar árangri í þeim tilvikum sem slíkt hentar og þar sem unnið er að málum á markvissan og faglegan hátt til lengri tíma.

VIII.1 Námskeið um uppbyggingu, rekstur og nýtingu klasa til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða

Þann 9. – 10. september 2003 var fengin hingað til lands Mr Ifor Flowcs-Williams frá Nýja Sjálandi, til að halda námskeið um uppbyggingu og eflingu klasa og hvað er hægt að gera til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða með markvissum aðgerðum á þessu sviði. Námskeiðið var hluti af starfi Verkefnisstjórnar um byggðapróun við Eyjafjörð, en að því stóðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Iðntæknistofnun Íslands, Útflutningsráð Íslands, Byggðastofnun og Rannís.



Ifor hefur haldið fjölda námskeiða um þessi mál víða um heim fyrir fyrirtæki, opinbera aðila og alþjóðastofnanir s.s. OECD og Alþjóðabankann. Námskeiðið var ætlað fyrirtækjum, stofnunum, opinberum aðilum, sveitarfélögum, samtökum, atvinnuráðgjöfum og öðrum er fást við að auka samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða, m.a. með markvissri uppbyggingu klasa og tengslaneta í atvinnulífi.

Námskeiðið miðaði að því að efla þekkingu innlendra ráðgjafa og fyrirtækja á þessu sviði og tókst það afar vel. Fjöldi aðila sótti námskeiðið, ekki síst atvinnuráðgjafar, og það lagði grunn að frekari ráðgjöf og störfum innlendra aðila á þessu sviði, sem geta miðlað þessari þekkingu áfram til atvinnulífsins.

Á námskeiðinu var farið í helstu atriði sem skipta máli við aukið netsamstarf og uppbyggingu og var því skipt í 12 flokka, sjá meðfylgjandi box.

Varðandi nánari umfjöllun og ráðgjöf er vísað á ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfa sig á þessu sviði, en nánari upplýsingar má fá hjá Iðntæknistofnun Íslands o.fl.

Klasar og Netsamstarf 12 þrep til vaxtar og þróunar

1. Kynning á notagildi

Kynning á notagildi klasa fyrir mögulegum þátttakendum og þýðingu þeirra fyrir hagþróun viðkomandi svæða,

2. Skilgreiningin á klösum innan svæða

Skilgreining á frumklösum og þróðum klösum og forgangshlutverki þeirra í þróun. Þetta varðar m.a. skilgreiningu á viðfangsefni, umfang, fyrstu skref og þróun.

3. Greining á klasa

Söfnun upplýsinga er varða klasa innan svæðisins. Markmið og ferli skilgreind, umfang, samanburðargreining, fyrstu rannsóknir, tengsl við aðila í atvinnulífi, flokkun og áætlunargerð.

4. Stofnun stjórnar og hlutverk leiðtoga

Stjórn klasa og hlutverk, samstarf opinberra aðila og einkaaðila, aðkoma hagsmunaaðila, hlutverkaskipting – aðkoma ráðgjafa.

5. Stefnumótandi áætlun

Mótun á sýn klasa til framtíðar, þróun á stefnu og áætlunum.

6. Skilgreining á áföngum

Skilgreining á megin viðfangsefnum og framkvæmdaratriðum, tímasetning aðgerða.

7. Aðgerðaráætlun

Forgangsattriði til skamms tíma, fyrstu aðgerðir og áherslur, stofnun vinnuhópa, styrking tengsla, fjölbreytileiki aðgerða, hlutverk verkefnisstjóra.

8. Kynning á klasa

Kynningu á viðkomandi klasa, hverjir standa að samstarfinu, helstu áherslur o.fl.

9. Þróun klasa

Frekari uppbygging og styrking í klasastarfi, með skipulegu starfi og verkferlum.

10. Frekari útfærsla stefnunnar

Útfærsla á stefnu til lengri tíma - samkeppnisgreining, samanburður og frekari þróun. Tengsl við tengda klasa og fyrirtækjahópa, markaðssetning "branding" klasans, árlegir kynningarfundir á svæðinu o.fl.

11. Endurmat á starfinu

Reglulegt mat á starfseminni, samkeppnishæfni klasans, endurmat á verkefnum og áherslum.

12. Aukið umfang og vöxtur

Frekari skref til aukins vaxtar og samkeppnishæfni klasans. Sampætting klasastarfs við efnahagsstarfsemi á svæðinu, tenging við aðra klasa innan og utan svæðis sem og alþjóðlega starfsemi. Aukið hlutverk menntastofnana, rannsóknarstofnana o.fl., miðlun þekkingar og reynslu. Klasar og erlend fjárfesting – klasar sem sjálfbært þróunarferli.

Heimild: Cluster Navigation Ltd.

VIII. 2 Alþjóðleg verkefni – NPP, NORA, EES/ESB, Sp, ofl.

Á umliðnum árum hafa þjóðfélagsbreytingar, og þeir alþjóðlegu straumar og öfl sem nú eru ráðandi í hagkerfum þjóða og alþjóðaverslun, gerbreytt lögmálum, áherslum og vinnubrögðum fyrirtækja og þjóðfélaga í viðskiptum, verðmætasköpun og staðsetningu á framleiðslueiningum.

Verslun er drifkraftur í efnahagslegri framþróun og grunnur að alþjóðlegum viðskiptum og tækni sem breytist með sífelld vaxandi hraða. Á sama tíma hafa tæknibreytingar og framþróun í flutningum og fjarskiptum auðveldað og margfaldað viðskipti og samskipti þjóða og stuðlað að útbreiðslu hnattvæðingar fyrirtækja sem og hagkerfa.

Alþjóðavæðing hefur breytt þeim lögmálum innan fyrirtækja og þjóðfélaga sem áður giltu í alþjóðaviðskiptum sem leitt hefur til opnari markaða samhliða verulega aukinni samkeppni jafnt innan sem á milli einstakra landa. Alþjóðavæðing hefur þannig skapað bæði nýjar og breyttar ógnanir og tækifæri fyrir fyrirtæki, samtök, sveitarfélög, stjórnvöld og einstök lönd. Vaxandi alþjóðavæðing krefst aukins mannafla og fjármagns til alþjóðlegs samstarfs, eigi að vera mögulegt að bregðast við breyttum aðstæðum, nýta tækifæri og forðast ógnir sem þessari þróun eru samfara.

Vegna þessa er talið mikilvægt að einstök svæði taki aukinn þátt í þróun alþjóðavæðingar, með aukinni þátttöku útávið sem innávið, þ.e. með þátttöku í erlendum verkefnum eða samstarfi eða að fá slík verkefni til viðkomandi svæðis. Slík nálgun skapar ýmis sóknarfæri þar sem sérhæfing og þekking fær sín notið í auknu alþjóðlegu samstarfi. Vegna þessa er ekki úr vegi að nefna verkefni s.s. NPP, EES/ESB, NORA, SP o.fl. Þessum verkefnum verður ekki lýst nánar hér en tekið dæmi.

Sem dæmi um alþjóðleg verkefni á sviði byggðamála má nefna að vorið 2002 gerðust Íslendingar aðilar að Norðurslóðaáætlun ESB NPP (Northern Periphery Programme) með samþykkt Alþingis á þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 - 2005. Framlag Íslenskra stjórnvalda til áætlunarinnar eru 25 milljónir á ári til ársins 2006 og eru þau verkefni sem Íslendingar taka þátt í styrkt af þessu framlagi, en verkefnin njóta einnig framlaga og þátttöku samstarfsaðila frá öðrum löndum áætlunarinnar. Heildarfrjármagn áætlunarinnar er um 5 milljarðar Íslenskra króna fyrir árin 2001–2006. NPP byggðaáætlunin er rekin á svipuðum forsendum og rannsóknaráætlanir innan EES-samningsins, þ.e. byggja verður á hagnýtum hugmyndum og rannsóknum. Einstök verkefni fá síðan stuðning, eftir mat sérfræðinga í öllum aðildarlöndunum og er stuðningur einnig háður a.m.k. 40% - 50% mótframlagi umsóknaraðila.

Norðurhéruð Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Skotlands ásamt Færeyjum, Grænlandi og Íslandi eiga aðild að áætluninni. Norðurslóðaáætluninni er ætlað að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir og/eða stunda rannsóknir á sameiginlegum viðfangsefnum norðurhéraða. Áherslur verkefna geta verið af þrennum toga. Í fyrsta lagi verkefni tengd samgöngu- og fjarskiptamálum, í öðru lagi verkefni tengd atvinnuþróun og vistvænni nýtingu náttúruauðlinda og í þriðja lagi verkefni tengd eflingu samfélaga á norðurslóðum. Með aukinni alþjóðavæðingu sem og aukinni ábyrgð einstakra svæða, fyrirtækja og einstaklinga í þeirri þróun, eru verkefni sem NPP telur líkleg til að skila aukinni samkeppnishæfni og árangri á sviði byggðamála.

Nú þegar eru íslenskir aðilar þátttakendur í sjö verkefnum af átján innan áætlunarinnar sem telja verður afar góðan árangur og sýnir um leið þá grósku og möguleika sem íslenskum aðilum bjóðast með byggðaverkefnum sem þessum. Fyrir utan fyrrnefnd verkefni eru Íslendingar einnig aðilar að eftirfarandi verkefnum:

Development by branding the trade mark“ (BRANDR) er samstarfsverkefni milli fjögurra sveitarfélaga á norðurslóðum. Markmið þess er að skoða leiðir til markaðssetningar og ímyndarsköpunar sveitarfélaga t.a.m. með því að þróa „vörumerki“. Akureyrarbær tekur þátt í þessu verkefni.

„*Young Entrepreneur Factory“ (YEF)* er verkefni sem miðar að því að virkja unga frumkvöðla á norðurslóðum. IMPRA–Nýsköpunarmiðstöð tekur þátt í verkefninu og einnig munu nokkur atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni eiga aðild að verkefninu.

„*Rural Business Information Exchange Systems“ (RUBIES)* er verkefni um upplýsingatækni í dreifbýli. Gagnasöfnun um stöðu upplýsingatæknimála í dreifbýli ásamt þróun hugbúnaðar eru meðal aðgerða í verkefninu. Íslenska verkefnið Upplýsingatækni í dreifbýli og Iðntæknistofnun eiga aðild að verkefninu.

1. Háskólinn á Akureyri tekur þátt í símenntunar- og fjarkennsluverkefni sem kallast „*Community Learning Networks“* - <http://edge.ramk.fi>
2. Þróunarstofa Austurlands ásamt nokkrum sveitarfélögum á Austurlandi tekur þátt í verkefninu „*Small Town Networks“* sem miðar að sameiginlegri stefnumótunarvinnu sveitarfélaga. <http://www.smalltownnetworks.com>
3. Byggðastofnun ásamt sex íslenskum þátttakendum taka þátt í Víkingaverkefninu „*Destination Viking - Sagas & Storytelling“* sem varðar uppbyggingu á menningarferðaþjónustu í tengslum við sögu víkinganna. Íslensku aðilarnir eru Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða með verkefni um Gísla sögu, Dalabyggð með Eiríksstaði og Leifsverkefnið, Safnahús Vesturlands með Egilsstofu, Grettistak sf. í Húnaþingi vestra, Reykjanesbær með víkingaskipið Íslending og uppsveitir Árnessýslu með verkefni um Þjórsárdal og Þjóðveldisbæinn. Þetta er jafnframt fyrsta Norðurslóðaverkefnið sem er undir stjórn Íslendinga.
4. Verkefnið „*Rural Business Women“* sem snýr að atvinnusköpun kvenna í dreifbýli. Atvinnu- og jafnréttisráðgjafar í Norðaustur og -vesturkjördæmi koma að verkefninu fyrir Íslands hönd.

Á heimasíðu Byggðastofnunar má finna nánari upplýsingar um áætlunina: <http://www.byggdastofnun.is/ErlentSamstarf/NPP> Einnig má finna upplýsingar um NORA áætlunina á síðunni <http://www.byggdastofnun.is/ErlentSamstarf/NORA>

IX. Alþjóðleg þróun, alþjóðavæðing, hugmyndafræði og fyrirmyndir

IX.1 Áherslur í ríkjum OECD

Í byrjun árs 2003 átti hluti verkefnisstjórnar Byggðapróunar á Vestfjörðum þess kost að sitja alþjóðlega ráðstefnu OECD um byggðamál. Helstu atriði áherslur ráðstefnunnar voru eftirfarandi:³

Á umliðnum árum hafa einstök svæði og byggðir hvarvetna fengið aukið hlutverk og ábyrgð á sviði sveitarstjórna- og byggðamála, þar sem víða í heiminum, m.a í Evrópu, hefur framkvæmd og umsjón ýmissa verkefna á sviði byggðamála verið í vaxandi mæli færð frá opinberri stjórnsýslu s.s. ráðuneytum - til svæðanna sjálfra. Þessi þróun hefur gert auknar kröfur um aukið samstarf á milli hinna ýmsu aðila, innan og utan viðkomandi svæða, opinberra sem einkaaðila, þar sem grunnur að skilvirkri byggðastefnu byggir á fjölmörgum samverkandi efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum. Í þessu sambandi má helst líkja skilvirku starfi á sviði byggðamála við starfsemi fyrirtækja, þar sem samkeppnishæfni einstakra byggða byggir í vaxandi mæli á fjölmörgum þáttum innan og utan þeirra, á sama hátt og samkeppnishæfni einstakra fyrirtækja.

Opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing hefur einnig gert verulega auknar kröfur á hendur einstökum byggðum og svæðum, (eins og fyrirtækjum) um skilvirkari, markvissari og gegnsærri vinnubrögð sem taka mið af þessari þróun, ef ná á árangri á sviði byggðamála. Innan OECD hefur verið í auknum mæli lögð áhersla á rannsóknir, athuganir og ráðgjöf á sviði byggðamála á umliðnum árum, sem kemur m.a. fram í vaxandi og fjölmörgum athugunum OECD á byggðamálum einstakra svæða og landa. Þessar athuganir byggja á fjölmörgum, efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum og tengslum viðkomandi svæða og landa, sem miða að því að treysta og efla sjálfbæra þróun byggða, sem taka mið af þeim breytingum sem orðið hafa á umliðnum árum.

Á nýlegri ráðstefnu OECD taldi framkvæmdastjóri OECD, *Donald Jonston*, að byggðastefna einstakra svæða og landa hafi ekki skilað nægjanlegum árangri. Hann taldi hinsvegar að þróun á þessu sviði væri ótvírætt frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) þar sem tekið væri tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta.

Þessi nýja stefna þyrfti að miða að aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða með auknu samstarfi á milli allra þeirra sem málið varðaði, þar sem aukið hlutverk, ábyrgð og framkvæmd kæmi í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefðist nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bæru á þessum málum. Hann minnti einnig á LEED verkefnið innan OECD, sem sérlega áhugaverðan vettvang í þessu sambandi, þar sem einstakir aðilar, stofnanir, einkaaðilar og háskólar eru aðilar, en starfið miðaði að því að miðla þekkingu á milli svæða og landa á þessu sviði með margvíslegum aðferðum, rannsóknum og verkefnum. Á ráðstefnu OECD var sérstaklega fjallað um eftirfarandi málaflokka:

- **Samkeppnishæfni einstakra svæða**
- **Hlutverk einstakra ríkja við setningu reglna á sviði byggðamála**
- **Ábyrgð atvinnulífs varðandi byggðapróun viðkomandi svæða**
- **Einkenni og ímynd svæða – áherslur og verkefni**
- **Stefna varðandi endurbyggingu þeirra svæða sem eiga í vanda**
- **Hvað geta svæðastjórnir gert á sviði skipulagsmála**

Ekki verður fjallað um hvern þessara þátta í smáatriðum heldur einungis rakin þau megin atriði sem til umfjöllunar voru. Niðurstöður ráðstefnunnar má flokka í eftirtalin atriði:

- **Mikilvægi samkeppnishæfni svæða og byggða**
- **Aukin völd og ábyrgð svæða – aukin dreifstýring**
- **Mikilvægi samstarfs á milli hinna ýmsu hópa um byggðamál**
- **Mikilvægi samstarfs innan sem og á milli svæða og landa um byggðamál**
- **Klasar gegna miklu hlutverki í uppbyggingu byggðakjarna**
- **Aukið sjálfstæði svæða, kallar fram sterkari einkenni og ímynd þeirra**
- **Varðandi byggðamál eru engar töfralausnir til**

Helstu atriði hvers þáttar um sig verða nú nefnd.

³ Sjá einnig vef Verkefnisstjórnar um byggðapróun við Eyjafjörð. http://www.brsi.is/brsi/brsi_pr_byggdaeyja.htm

Mikilvægi samkeppnishæfni svæða og byggða

- Opnun markaða og hagkerfa hefur aukið samkeppni og kröfur á hendur atvinnulífi, fyrirtækjum, svæðum og byggðarlögum, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.
- Byggðastefna er ótvírætt að þróast frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) þar sem tekið er tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta. Þessi nýja stefna þyrfti að miða að aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða með auknu samstarfi á milli allra þeirra sem málið varðaði, þar sem aukið hlutverk, ábyrgð og framkvæmd kæmi í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefðist nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bæru á þessum málum. (*Framkvæmdastjóri OECD, Donald Jonston*)
- Samkeppnishæfni einstakra svæða byggist í vaxandi mæli á öllum þeim atriðum sem varða viðkomandi svæði, s.s. samgöngur, fjarskipti, innri gerð, umhverfi, rannsóknir, nýsköpun o.fl.
- Alþjóðavæðing hefur í mörgum tilvikum breytt þeim leikreglum sem áður giltu á þessu sviði varðandi samkeppnishæfni einstakra svæða. Taka verður mið af nýjum og breyttum leikreglum ef árangur á að nást.
- Byggða- og skipulagsstefna í Kaliforníu byggir á að skapa samkeppnishæft starfsumhverfi og þegar því er náð þá draga opinberir aðilar sig út.
- Í umræðum kom m.a. fram að í vaxandi mæli kepptu einstök svæði við hvert annað í stað einstakra landa. Þannig kepptu svæði eins og París, London, New York og Kalifornía um fólk og fyrirtæki, í mun meira mæli en áður.
- Almenn var talið að einstök svæði ættu meiri möguleika vegna alþjóðavæðingar – þar sem markaðssetja mætti sérstöðu einstakra svæða á markvissari og betri hátt en áður.

Aukin völd og ábyrgð svæða – aukin dreifstýring

- Í Kaliforníu er nú í fyrsta skipti State Plan fyrir Kaliforníu – einskonar byggða- og svæðaskipulag fyrir fylkið. Þetta skýrist af vaxandi þörf á skipulögðum vinnubrögðum á þessu sviði til að tryggja árangur og samkeppnishæfni einstakra svæða sem og atvinnulífs. Aukin ábyrgð og hlutverk svæða, krefst markvissari vinnubragða ef tryggja á vöxt.
- Í Bretlandi hafa stjórnvöld aukið valddreifingu til mikilla muna og minnkað að sama skapi miðstýringu á sviði sveitarstjórnar- sem og byggðamála. Þannig hefur verulegt vald verið fært til einstakra svæða, s.s. Skotlands.
- Í umræðum kom fram að dreifstýring hefði aukist til mikilla muna í Frakklandi á sviði byggða- og sveitarstjórnarmála. Núverandi stjórnvöld í Frakklandi munu leggja enn frekari áherslu á þetta atriði, en þau sem fyrir voru. Til að Frakkland geti eftt sína samkeppnishæfni – þá byggist það ekki síst á samkeppnishæfni einstakra svæða.

Mikilvægi samstarfs á milli hinna ýmsu hópa um byggðamál

- LEED verkefnið innan OECD er sérlega áhugavert, sem vettvangur þar sem einstakir aðilar, stofnanir, einkaaðilar og háskólar eru aðilar, en starfið miðaði að því að miðla þekkingu á milli hópa, svæða og landa á þessu sviði með margvíslegum aðferðum, og verkefnum.

Mikilvægi samstarfs innan sem og á milli svæða og landa um byggðamál.

- Alþjóðavæðing hefur gert það að verkum að samstarf á milli svæða – ekki síst stórra og smárra er mun mikilvægara en áður – þar sem þau stærra virka oft sem aðgangur þeirra smærri að enn stærra markaði – og þau smærri eru mikilvæg undirstaða þeirra stærra.
- Aukið samstarf, samskipti sem og aðgangur er því bæði mikilvægur innávið innan einstakra svæða og landa – en ekki síður útávið. Mikilvægt er að greina stöðu og þróun einstakra svæða ef stefnumörkun á að bera árangur – á sama hátt og í hverju öðru fyrirtæki.

Klasar gegna miklu hlutverki í uppbyggingu byggðakjarna

- Varðandi uppbyggingu á klösum kom fram að mikilvægt væri að fjalla um þetta atriði, ekki síst til að gera það sýnilegra fyrir aðilum á markaði – þar sem þetta væri ekki mjög þekkt – en hinsvegar afar mikilvægt atriði.
- Í Kaliforníu er framhaldsmenntun og rannsóknir og nýsköpun undirstaða að klasamyndun á einstaka svæðum, t.d. í Silicon Valley.
- Erfitt eða ómögulegt er fyrir opinbera aðila að búa til klasa, en hægt er að stuðla að því að örva myndun klasa með hagstæðum skilyrðum. Klasarnir sjálfir myndast með frumkvæði og starfsemi fyrirtækjanna sjálfra – lausnin kemur ekki að utan – hún verður að koma frá aðilum innan svæðisins sjálfs.

Aukið sjálfstæði svæða, kallar fram sterkari einkenni og ímynd þeirra

- Umræður um einkenni og ímynd svæða hafa verið vanræktar sem viðfangsefni og vinna þarf mun markvissara að þessum málum. Segja má að einkenni svæða séu að nokkru svipuð og einkenni eða vörumerki fyrirtækja eða einstakra afurða og eru sem slík mikilvæg atriði í markaðssetningu svæða og þeirri vöru og þjónustu sem þar er í boði.
- Um leið og sjálfstæði svæða innan Evrópu voru brotin niður á tímum Napoleóns, minnkuðu sérkenni þessara svæða. Þetta er nú að snúast við, sem er sífellt betur að koma í ljós - með auknu sjálfstæði svæða verður ímynd þeirra sterkari, s.s. með sérstöku vörumerki fyrir Bretagne. Svæðaeinkenni eru því hvarvetna að aukast.

Varðandi byggðamál eru engar töfralausnir til

- Varðandi byggðáþróun verður að hafa í huga að það eru engar töfralausnir til – árangur á þessu sviði eins og ýmsum öðrum kemur í skrefum með árangri á mörgum sviðum, sem byggir á breiðum grunni frekar er fáum og afmörkuðum atriðum. (*Elisabeth Helander, framkvæmdastjóri byggðastefnusviðs ESB*)
- Byggðamál þurfa í mörgum tilvikum að breytast frá því að vera “viðbrögð við áföllum og vandræðum” til þess að verða “stuðningur við aðlögun og breytingar”. (*Michel Delebarre, borgarsjóri Dunkerque og fyrrum ráðherra sveitarstjórnarmála í Frakklandi*)
- Kalifornía er mesta einstaka landbúnaðarsvæði í heiminum, með miklum fjölbreytileika afurða og er sem svæði með efnahagsstarfsemi sem er það 5. stærsta í heiminum.

IX.2 Áherslur í byggðamálum í Finnlandi – OULU – vaxtakjarni / klasi

Verkefnisstjórn kynnti sér byggðamál í Finnlandi og þær aðferðir sem þar hefur verið beitt með athyglisverðum árangri. Sérstaklega var skoðað hvemig framkvæmd byggðaaðgerða hefur verið á Oulusvæðinu, en það hefur vaxið mjög ört m.a. vegna velgengni fyrirtækisins Nokia.

Byggðamál

Búferlaflutningar í Finnlandi hafa svipuð einkenni og við þekkjum hér. Fólk flyst úr dreifbýli í þéttbýli og frá norðurhéraðum til Helsinki og nágrennis sem er syðst í landinu. Ástandið er hins vegar ólíkt að því leyti að nokkrir aðrir kjarnar hafa byggst upp, svo sem Tampere, Turku, Espoo og Oulu, en markvisst hefur verið unnið að uppbyggingu byggðakjarna í Finnlandi. Mikilvægasta viðfangsefni finnsku byggðastefnunnar á árunum eftir 1990 var að aðlaga framleiðslugreinar alþjóðlegri samkeppni og finna leiðir til að mæta mjög miklu atvinnuleysi, sem var allt að 20% og á sumum svæðum enn hærra. Höfuðáhersla var lögð á að byggja upp greinar sem byggðu á þekkingu fremur en þær hefðbundnu atvinnugreinar þar sem samdráttur hafði orðið. Umfangsmikið net háskóla og tækniskóla skapaði góðan grunn fyrir þessar áherslur, ásamt vísindagörðum og svæðisbundnum rannsóknamiðstöðvum og endurmenntunarmiðstöðvum, en saman mynda þessir aðilar landsnet sem gengur undir nafninu **Centre of Expertise (CoE)**. Kerfið er aðlagð reglum ESB og byggir á ákveðnum prógrömmum sem eru í gangi á hverjum tíma. Vinna við að þróa þessar miðstöðvar var megináhersla í lögum um byggðastefnu, sem sett voru 1994.

CoE var upphaflega hrint í framkvæmd með byggðaaætlun sem samþykkt var fyrir árin 1994-1998. Samkvæmt henni var landinu skipt upp í 11 CoE miðstöðvar, sem hverri um sig voru settar megináherslur í uppbyggingu á afmörkuðum sviðum. Að fenginni góðri reynslu var ákveðið að halda áfram með áætlunina og í núgildandi áætlun fyrir árin 1999-2006 eru 14 miðstöðvar og tvö landsnet.

Vaxtarsamningur: Growth Agreement 2006 (GA 2006)

Segja má að kjarninn í **vaxtarsamningi** sé samkomulag borgaryfirvalda og annarra aðila á viðkomandi svæði og opinberra aðila um að efla vaxtargreinar á ákveðnum sviðum atvinnulífsins. Þau svið sem lögð er áhersla á í OULU eru upplýsingatækni, líftækni, velferðartækni, margmiðlun og fjölmiðlun og umhverfistækni. Samkomulagið felur einnig í sér að sett eru upp tvö stuðningsverkefni, viðskiptaþjálfun og vörustjórnun og flutningatækni. Oulu svæðið stefnir að því að til verði örvandi umhverfi fyrir fyrirtæki, en einnig aðlaðandi aðstæður og góð lífsskilyrði fyrir íbúa svæðisins.

Meginmarkmið **GA 2006** er að efla klasa á afmörkuðum sviðum sem að ofan greinir. Í hverjum klasa er starfandi ákveðinn fjöldi fyrirtækja og þeim tengjast menntastofnanir, rannsóknarstofnanir og fleiri aðilar. Saman mynda þessir aðilar þétt samstarfsnet sem tengja saman fyrirtækjarekstur, rannsóknir og þjálfun starfsfólks, faglaert starfslið og stjórnun á iðnaðarferlum á ýmsum sviðum. Markmiðið er að árið 2006 hafi orðið til 150 ný fyrirtæki í Oulu, 6.000 ný störf og velta fyrirtækja hafi aukist um 1,5 milljarða Evra.

X. Tillögur Verkefnisstjórnar

Tillögur verkefnisstjórnarinnar áttu að taka mið af þeim tillögum sem settar voru niður í Byggðaaáætlun fyrir Vestfirði, en sú áætlun var unnin af fulltrúum allra sveitarfélaga á Vestfjörðum og fjöldi aðila úr atvinnu-, mennta- og menningarlífi Vestfjarða eins og áður hefur komið fram. Á grundvelli þeirra tillagna sem og byggðaaáætlun fyrir árin 2002-2005 hefur verkefnisstjórnin metið framkomnar tillögur, tekið nýjar tillögur til umfjöllunar og gert áætlun um framkvæmd þeirra. Tillögur nefndarinnar taka mið af samkeppnishæfni svæðisins, styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum og einnig var höfð til hliðsjónar stefnumörkun sveitarfélaganna í atvinnumálum. Tillögur þær sem hér eru settar fram skiptast í meginatriðum í þrjá flokka. Í fyrsta lagi er megin tillaga nefndarinnar um uppbyggingu Ísafjarðarbæjar sem byggðakjarna fyrir Vestfirði, í öðru lagi tillögur sem snúa að vaxtarsamningi og sjálfbærri framkvæmd og í þriðja lagi tillögur um beinar aðgerðir á einstaka sviðum.

Þær tillögur sem verkefnisstjórnin hefur þegar lagt fram til ráðherra eru:

- Tillaga um uppbyggingu rannsókna í eldis- og veiðarfærataekni í Þróunarsetri Vestfjarða á Ísafirði.
- Tillaga um snjóflóðarannsóknarmiðstöð á Ísafirði.
- Tillaga um háskólasetur á Ísafirði.

Staða þessara tillagna er eftirfarandi:

1. Uppbygging rannsókna í eldis- og veiðarfærataekni í Þróunarsetri Vestfjarða á Ísafirði.

Tekið er á málinu í byggðaaáætlun fyrir Vestfirði sem samin var af vestfirskum sveitarfélögum frá mars 2002. Í viljayfirlýsingu Háskóla Íslands, Ísafjarðarbæjar, Hafrannsóknastofnunar, Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands er talað um að setja á lagginnar fræða- og háskólasetur á Ísafirði. Eitt af fyrstu verkefnum þess verði að stunda rannsóknir í veiðitækni og eldi undir stjórn Hafrannsóknastofnunar. Hafrannsóknastofnun er með á fjárlögum fyrir árið 2005 fjármagn til að auka við eitt stöðugildi í útibúi stofnunarinnar, auk þess sem stofnunin er með á áætlun kaup á neðansjávarmyndavél til veiðarfærarannsókna, því er mögulegt að hefja starfsemi á þessu sviði. Nauðsyn er á að kaupa aukinn búnað m.a. til úrvinnslu gagna. Til þessa verkefnis sótti Atvest um styrk til Byggðastofnunar fyrir hönd samstarfsaðila til tækjakaupa en þeirri umsókn var synjað. Háskólinn á Akureyri hefur gengið frá ráðningu Einars Hreinssonar, Ísafirði í hálfá stöðu lektors til að sinna veiðarfærarannsóknum. Þann 8. september sl. fékk Háskólinn á Akureyri að gjöf frá LÍÚ dvergkafbát með myndavél sem nýttist vel til rannsókna á vistkerfi sjávar auk þess sem mögulegt er að nýta hann til veiðarfærarannsókna og til styrkja uppbyggingu rannsókna á Ísafirði.

2. Snjóflóðarannsóknarmiðstöð á Ísafirði

Rannsóknarmiðstöðin hefur hafið störf undir stjórn Hörpu Grímsdóttur sem nýkomin er úr framhaldsnámi í Kanada. Miðstöðin er staðsett í Þróunarsetri Vestfjarða í tveimur aðliggjandi skrifstofum og var opnuð með viðhöfn í október sl. Ásamt Hörpu hefur Oddur Pétursson snjóáeftirlitsmaður Veðurstofu Íslands aðsetur í rannsóknarmiðstöðinni. Er litið svo á að hér sé einungis um upphaf starfseminnar að ræða og að Veðurstofan muni byggja upp enn frekari starfsemi á þessu sviði í rannsóknarmiðstöðinni á Ísafirði.

3. Háskólasetur á Ísafirði

Málið er í byggðaaáætlun fyrir Vestfirði og var fylgt eftir af sérstakri skýrslu heimamanna til menntamálaráðherra vorið 2003. Ráðherra skipaði starfshóp og byggja tillögurnar í dag á skýrslu hópsins frá því í maí á þessu ári, þar sem lagt er til að stofnað verði Þekkingarsetur á Vestfjörðum, með aðsetur á Ísafirði, sem verði samnefni fyrir símenntun, háskólanám og rannsóknir í fjórðungnum. Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir 20 mkr framlagi árin 2004 og 2005, hvort ár. Framlagið er samkvæmt samningi menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis vegna framkvæmda Byggðaaáætlunar 2002-2005. Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir að Þekkingarsetur verði byggt á grundvelli starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og stofnana innan Þróunarseturs Vestfjarða, um leið og starfsemin verði útvíkkuð. Menntamálaráðherra hefur skipað starfshóp til að hrinda tillögum nefndarinnar í framkvæmd. Nefndin telur mikilvægt að það sé skýrt í huga heimamanna og stjórnvalda að hér sé um uppbyggingu á háskólastarfsemi að ræða til framtíðar, þar sem jafnt fer fram kennsla sem og rannsóknir.

X.1 Einstaka tillögur um framkvæmdir flokkaðar eftir sviðum.

1. Forgangstillaga um uppbyggingu Ísafjarðarbæjar sem byggðakjarna fyrir Vestfirði

2. Sjálfbær framkvæmd – viðvarandi starfsemi

1. Vaxtarsamningur

- Vaxtarsamningur verði gerður á milli opinberra aðila og einkaaðila um ráðgjöf og uppbyggingu klasa

2. Starfsemi á 3 vaxtarklösum sett af stað

- Sjávarútvegs- og matvælaklasi
- Mennta- og rannsóknarklasi
- Menningar- og ferðaþjónustuklasi

3. Einstaka tillögur flokkaðar eftir sviðum

1. Sjávarútvegs- og matvælaklasi

- Uppbygging rannsókna í eldis- og veiðarfærataekni (2003)
- Miðstöð sjókvíarannsókna sjávarfiskaeldis
- Könnun á samkeppnishæfni rækjuleiðnaðar
- Aukin verðmæti sjávarfangs – líftækni
- Ræktun og eldi risarækju á Reykhólum

2. Mennta- og rannsóknarklasi

- Háskólasetur á Ísafirði (2003)
- Háskólasetur/Þekkingarsetur - Fjárhagslegur grundvöllur
- Snjóflóðarannsóknamiðstöð (2003)
- Efling nýsköpunarstarfs á Vestfjörðum
- Efling náms á framhaldsskólastigi – iðn- og verkmenntun

3. Menningar- og ferðaþjónustuklasi

- Markaðsátak í ferðaþjónustu á Vestfjörðum
- Efling menningarmála á Vestfjörðum
- Efling náttúru- og menningartengdrar ferðaþjónustu
- Bygging hótels á sunnanverðum Vestfjörðum
- Hornstrandafriðland – landvarsla og stofnun Hornstrandastofu
- Héraðsskjalasafn á Ströndum

4. Aðrar megin tillögur

- Fjölgun opinberra starfa á Vestfjörðum
- Bættar samgöngur – styttingar á akstursleiðum á Vestfjörðum
 - Stytting núverandi leiðar um Vestfjarðaveg nr. 60 frá Flókalundi að Gilsfjarðarbrú
 - Styttingar á núverandi leið um Djúpveg nr.61 frá Ísafirði að Gilsfjarðarbrú
 - Styttingar á núverandi leið um Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði um Vestfjarðaveg nr. 60 milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar með jarðgangagerð
 - Uppbygging ferðamannaleiða
- Orkufyrirtæki Norðvesturkjördæmis
- Áhersla á sameiningu og samstarf sveitarfélaga
- Fjölmennningarsetur – landsmiðstöð í málefnum innflytjenda á Íslandi
- Efling flugsamgangna með Ísafjörð sem miðstöð
- Átakið *Heilsuþæring Bolungarvík á nýrri öld* – Fjárhagslegur grundvöllur
- Landsmiðstöð og stjórnstöð heimahjúkrunar á Ísafirði
- Gagnvirk miðlun upplýsinga í fjölmennningarlegu samfélagi

Tillögur að framkvæmd einstakra verkefna flokkaðar eftir sviðum

Samstarfsaðilar Vaxtarsamnings

Sjávarútvegs- og matvæla- klasi

Tillögur

- Uppbygging rannsókna í eldis- og veiðarfæra-tækni (2003)
- Miðstöð sjókvía-rannsókna í sjávarfiskeldi
- Könnun á samkeppnishæfni rækjuiðnaðar
- Aukin verðmæti sjávarfangs – líftækni.
- Ræktun og eldi risarækju á Reykhólum

Mennta- og rannsókna - klasi

Tillögur

- Háskólasetur á Ísafirði (2003) -treysta fjárhagslegan grunn
- Rannsóknarmiðstöð snjóflóða (2003)
- Efling nýsköpunarstarfs
- Efling náms á framhaldsskólastigi iðn og verkmenntun

Menningar- og ferðaþjónustu- klasi

Tillögur

- Markaðsátak í ferðaþjónustu
- Efling menningarmála
- Efling náttúru- og menningartengdrar ferðaþjónustu
- Bygging hótels á sunnanverðum Vestfjörðum
- Hornstrandarfríðland og stofnun Hornstrandarstofu
- Héraðs-skjalasafn á Ströndum

Aðrar megin tillögur

- Bættar samgöngur - stytting leiða innan svæðis og til Reykjavíkur
- Fjölgun opinberra starfa
- Uppbygging ferðamannaleiða
- Orkufyrirtæki Norðvesturkjördæmis
- Áhersla á sameiningu og samstarf sveitarfélaga
- Fjölmenningarsetur – landsmiðstöð í málefnum innflytjenda
- Efling flugsamgangna með Ísafjörð sem miðstöð
- Heilsubærinn Bolungarvík, á nýrri öld - fjárhagslegur grunnur
- Landsmiðstöð og stjórnstöð heimahjúkrunar á Ísafirði
- Gagnvirk miðlun upplýsinga í fjölmenningarlegu samfélagi

X.2 Tillögur sem þegar hafa verið lagðar fram

MINNISBLAÐ

1- 03

Nóvember 2003

Viðtakandi: lőnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir
Sendandi: Verkefnastjórn um byggðapróun á Vestfjörðum

Varðar: **Uppbygging rannsókna í eldis- og veiðarfæratækni í Þróunarsetri Vestfjarða á Ísafirði**

Markmið

Markmiðið er að það verði til öflugt þekkingar- og rannsóknarsetur á háskólastigi. Megin verkefni verða rannsóknir á kjörhæfni og umhverfisáhrifum veiðarfæra og föngun sjávardýra til áframeldis, rannsóknir í fiskeldi með megináherslu á sjókvíaeldi og atferlisrannsóknir á fiski með tilliti til veiða og eldis. Gert er ráð fyrir samstarfi Hafrannsóknarstofnunar, Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og sjávarútvegsfyrirtækja. Með þátttöku þessara aðila er ætlað að tryggja að hægt verði að sinna stærri rannsókna- og þróunarverkefnum og sækja í samstarf og fjármagn á erlendum markaði. Áætlað er að samstarfsaðilar sjái um kennslu í veiðitækni og hluta af kennslu í fiskeldi við Háskólann á Akureyri og sjái um kennslu í ákveðnum tæknigreinum við Háskóla Íslands. Jafnframt yrði gert ráð fyrir að unnið verði að hönnun og þróun veiðarfæra og eldisbúnaðar fyrir fyrirtæki innan sjávarútvegsins.

Áætlað er að Hafrannsóknarstofnun hafi umsjón með rannsóknarstarfinu og því verði sinnt í Þróunarsetri Vestfjarða og tengist þannig beint þeim stofnunum sem þar eru fyrir.

Rök

Margt bendir til þess að kjöraðstæður til eldis sjávardýra, þar með talið á þorski, kræklingi, laxi og steinbít séu á Vestfjörðum. Unnið hefur verið að tilraunum og rannsóknum á þessu sviði mörg undanfarin ár og eru Vestfirðingar framarlega hvað varðar þekkingu á t.d. eldi þorsks og kræklings. Fiskeldi fellur auk þess vel að núverandi atvinnulífi Vestfjarða og ætti því að vera auðvelt að hrinda þessu í framkvæmd. Einnig er vísað til þingályktunartillögu sem vísað var til ríkisstjórnar til úrvinnslu frá 128. löggjafarþingi 2002-2003. Þskj. 52 – 52. mál. Til þess að vinna að eftirtöldum markmiðum er talið nauðsynlegt að efla starfsemi þeirra rannsóknarstofnana sem fyrir eru á svæðinu og hefur Hafrannsóknarstofnun m.a farið fram á aukningu stöðugilda við stofnunina. Mikilvægt er að horfa á þessa þætti í sameiningu.

Ábyrgð á framkvæmd

Sjávarútvegsráðuneyti og önnur fagráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Ísafjarðarbær, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Hafrannsóknarstofnun, fyrirtæki og stofnanir á Ísafirði og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða sem hafa verið í samvinnu með þetta verkefni.

Tímaáætlun

2003. Mikilvægt er að hrinda þessu í framkvæmd sem fyrst og er áætlað að sú undirbúningsvinna sem þegar hefur farið fram haldi áfram.

Kostnaður

15 millj. kr. á ári – vegna aukningar um 2 stöðugildi hjá Hafrannsóknarstofnun. Sjá skiptingu vegna stofnkostnaðar á milli samstarfsaðila í umsókn til Byggðastofnunar. Annar kostnaður vegna efnis, rannsókna og veiðarfæra fer eftir verkefnum hverju sinni. Lögð er áhersla á að það fái fjármagn til þessa verkefnis af fjárlögum ársins 2004. Hugsanlegt er að sækja um fjármagn til tækja og búnaðar í verkefnið Átak til atvinnuþróunar og nýsköpunar.

MINNISBLAÐ
2 - 03

Nóvember 2003

Viðtakandi: lðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir
Sendandi: Verkefnistjórn um byggðaþróun á Vestfjörðum

Varðar: **Snjóflóðarannsóknamiðstöð á Ísafirði**

Á fjárlögum ársins 2003 var veitt 4. m.kr tímabundið framlag til undirbúnings rannsóknamiðstöðvar snjóflóða á Ísafirði. Unnið er að undirbúningi málsins á vegum Veðurstofu Íslands og Ísafjarðarbæjar. Miðað er við að miðstöðin geti hafið rekstur á árinu 2003 með ráðningu forstöðumanns.

Markmið

Markmiðið er að stofna snjóflóðarannsóknamiðstöð á Ísafirði sem hefði það hlutverk að sinna mælingum og rannsóknum á snjóflóðum og skriðuföllum, uppmælingum á flóðum, gagnasöfnun og skráningu, rannsóknum á virkni varnargarða og tilraunum með nýja, rannsóknum á samgöngumannvirkjum, vegstæðum og jarðgöngum, könnun á áhrifum varnarvirkja á skipulag og byggð. Í langtímamarkmiði er stefnt að því að stofna skrifstofu með 4-6 starfsmönnum í samvinnu samgöngu- og umhverfisráðuneyta sem fengi sérstaka fjárveitingu í rannsóknir á vegstæðum og áhrifum ofanflóða á mannvirki.

Rök

Það umhverfi, landslag og veðurfar sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða auðvelda aðgengi rannsóknaraðila vegna m.a mælinga og skráningar á áður nefndum þáttum. Það liggur fyrir minnisblað veðurstofustjóra, Magnúsar Jónssonar, þar sem hann lýsir yfir vilja til að hrinda þessu í framkvæmd. Ekki er til fjármagn innan Veðurstofunnar til þess og verður fjármagn að koma annars staðar frá.

Ábyrgð á framkvæmd

Umhverfisráðuneyti í samstarfi við önnur fagráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Veðurstofa Íslands, Vegagerðin, Náttúrustofa Vestfjarða, Landmælingar Íslands, Landsbjörg o.fl.

Tímaáætlun

2003 - Mikilvægt að hrinda þessu í framkvæmd sem fyrst og nýta það fjármagn sem þegar hefur verið veitt til verkefnisins.

Kostnaður

Ráðning forstöðumanns í 50% stöðu + stofnkostnaður. Sjá nánar greiðsluáætlun frá Veðurstofu frá 2004 – 2006.

Viðtakandi: lðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir
Sendandi: Verkefnisstjórn um byggðapróun á Vestfjörðum

Varðar: Háskólasetur á Ísafirði

Meginhugmynd

Þegar hefur verið lagður grunnur að háskóla- og rannsóknarumhverfi með stofnun Þróunarseturs Vestfjarða og Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Fyrir liggur að efla frekar starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar og finna henni framtíðarhúsnæði þannig að hún geti betur unnið að uppbyggingu háskólanáms og veitt nemendum þá þjónustu og aðbúnað sem nauðsynlegur er talinn. Uppbygging háskólanáms er annar af lykilþáttum í starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar en hinn þátturinn er endur- og símenntun. Leggja verður áherslu á að tryggja að framlag til rekstrar Fræðslumiðstöðvarinnar standi undir þeim verkefnum sem miðstöðinni er ætlað að sinna.

Markmið

Í takt við þróunina á Vestfjörðum undanfarin ár, tillögu í stefnumótun í byggðamálum, áherslur í byggðaaætlun fyrir Vestfirði og tillögur í skýrslu Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands hafa Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Ísafjarðarbær sameinast um að vinna að uppbyggingu rannsókna og háskólanáms. Það verði gert með því að tengja saman á einum stað þá starfsemi sem er til staðar í Þróunarsetri Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða, væntanlega rannsóknamiðstöð eldis- og veiðitækni og önnur viðamikil rannsóknarverkefni sem eru í undirbúningi. Fyrsta skrefið í þá átt er að koma á fót háskólasetri þar sem nemendum í háskólanámi er búin góð aðstaða og fræðimenn geta nýtt til kennslu og rannsóknarstarfa. Húsnæðið er til staðar, Vestrahúsið á Ísafirði, og kostnaðaráætlun liggur fyrir. (sjá meðfylgjandi skýrslu samstarfshóps Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Fjórðungssambands Vestfjarða, Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða um uppbyggingu háskólanáms og rannsókna á Vestfjörðum).

Rök

Með því að tengja þetta allt saman skapast kjarni að öflugri þekkingar- og rannsóknarsamfélagi, sambærilegt við hugmynd að þekkingarsetri sem sett er fram í skýrslu vinnuhóps menntamálaráðherra um háskólasetur á Austurlandi. Einnig samræmast slíkar hugmyndir vel þeim markmiðum sem koma fram í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 sem samþykkt var á Alþingi í maí 2002. Orðrétt er markmiðið: *að bæta möguleika fólks á Vestfjörðum og Austurlandi til að afla sér háskólamenntunar og skapa þar um leið forsendur fyrir fjölbreytilegra atvinnulífi og sérhæfðari störfum. Að efla fræðslu og rannsóknarstarf háskólastofnana og heimamanna í þessum landshlutum og vera nemendum og kennurum þeirra hvatning til að efna til og efla samstarf við fyrirtæki og stofnanir í landshlutunum.*

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneyti og önnur fagráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Samstarfshópur um uppbyggingu háskólanáms og rannsókna á Vestfjörðum, háskólar og rannsóknarstofnanir, fyrirtæki og stofnanir.

Tímaáætlun

2003 – Mikilvægt er að geta byrjað strax á undirbúningi.

Kostnaðaráætlun

Heildarstofnkostnaður áætlaður rúmar 95 millj. kr. Búnaður samtals rúmar 24 millj. þar af eru 10 millj. þegar til. Frágangur og flutningur 71 millj. kr. Sjá áætlun vegna stofnkostnaðar og reksturs í skýrslu samstarfshóps. Lögð er áhersla á að það fái stóran fjármagn til þessa verkefnis af fjárlögum ársins 2004.

X.3 Nýjar tillögur

1. Uppbygging Ísafjarðarbæjar sem byggðakjarna á Vestfjörðum

Tillaga

Með hliðsjón af þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, umfjöllun iðnaðarnefndar, Samband íslenskra sveitarfélaga, sem og fleiri gögnum og viðtölum er það tillaga verkefnisstjórnar að stjórnvöld taki stefnumarkandi ákvörðun um að Ísafjörður verði byggðakjarna fyrir Vestfirði. Áherslur í þessa veru verði útfærðar nánar, m.a. í næstu byggðaáætlun.

Markmið

Markmiðið er að efla Vestfirði með Ísafjarðarbæ sem kjarna stjórnsýslu, menntunar og þjónustu á Vestfjörðum. Mikilvægt er í þessu sambandi að horfa ekki eingöngu til uppbyggingar atvinnulífs heldur stefna líka að því að efla hvers kyns þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi og annað sem bætir mannlíf og dregur fólk að. Uppbygging Ísafjarðarbæjar sem byggðakjarna verði m.a. unnin með hliðsjón af tillögum í byggðaáætlun fyrir Vestfirði. Samhliða uppbyggingu Ísafjarðarbæjar sem byggðakjarna verði þjónusta á öðrum atvinnusvæðum Vestfjarða treyst í sessi. Yrði slík ákvörðun tekin myndi það væntanlega m.a. fela í sér að horft yrði til Ísafjarðarbæjar sem eins af byggðakjörnum þegar nýjar stofnanir eru staðsettar eða flutningur starfa eða útibúa á sér stað.

Rök

Á umliðnum árum hefur opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing gert verulega auknar kröfur á hendur einstökum byggðum og svæðum, og fyrirtækjum, um skilvirkni og árangur. Á sama tíma hafa einstök svæði víðast hvar fengið aukið hlutverk og ábyrgð á sviði sveitarstjórna- og byggðamála, þar sem framkvæmd og umsjón ýmissa verkefna m.a. á sviði byggðamála hafa verið færð frá opinberri stjórnsýslu til svæðanna sjálfra. Þessi þróun hefur gert auknar kröfur um stærri og öflugri byggðakjarna sem og aukið samstarf á milli hinna ýmsu aðila, innan og utan viðkomandi svæða, opinberra sem einkaaðila. Mikilvægt er að treysta sem best helstu byggðakjarna landsins, með stefnumarkandi ákvörðun stjórnvalda. Uppbygging Ísafjarðarbæjar sem byggðakjarna á Vestfjörðum treystir sjálfbæran hagvöxt svæðisins, styrkir nágrannabyggðalög, eykur samkeppnishæfni svæðisins og er auk þess í samræmi við nýlegar áherslur erlendis sem innanlands.

Tekið er undir tillögur byggðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga um að byggð verði upp öflug kjarnasvæði sem hafi burði til að treysta búsetu í viðkomandi landshlutum og vera þannig kjölfesta fyrir byggð í landinu öllu. Ísafjarðarbær er eitt þessara svæða og mikilvægt er að unnið verði markvisst að því að treysta stöðu hans sem slíks, sbr. einnig umfjöllun meirihluta iðnaðarnefndar um þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, þar sem fjallað er um mikilvægi byggðakjarna m.a. á Ísafirði. Sérstaklega skal bent á að Ísafjörður er næst stærsti byggðakjarni landsbyggðarinnar sé miðað við að höfuðborgarsvæðið nái upp fyrir Akranes og austur fyrir Selfoss. Talið er nauðsynlegt að skyrari línur og ákvarðanir fáið frá stjórnvöldum um uppbyggingu byggðakjarna til þess að hægt sé að byggja tillögur og verkáætlanir í aðgerðum í byggðamálum á Vestfjörðum út frá þeim ákvörðunum. Í þessu sambandi má helst líkja skilvirku starfi á sviði byggðamála við starfsemi fyrirtækja, þar sem samkeppnishæfni einstakra byggða byggir í vaxandi mæli á fjölmörgum þáttum innan og utan þeirra, á sama hátt og samkeppnishæfni einstakra fyrirtækja, sem endurspeglar styrkleika þeirra.

Ábyrgð á framkvæmd

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti í samstarfi við önnur ráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Ísafjarðarbær, sveitarfélag, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, fyrirtæki og stofnanir.

Tímaáætlun

Ákvörðun tekin 2005.

Kostnaðaráætlun

Hefur ekki verið metinn. Kostnaður getur m.a. verið fölginn í framkvæmd um uppbyggingu – en verði slíkt ekki gert kann fórnarkostnaður að myndast á ýmsum sviðum, sem verður jafnvel enn hærrí.

SJÁVARÚTVEGS OG MATVÆLASVIÐ

2. Miðstöð sjókvíarannsóknna sjávarfiskaeldis

Tillaga

Stofnuð verði miðstöð fyrir rannsóknir í sjávarfiskaeldi í sjókvíum með áherslu á þorsk. Horft er til þess að á Vestfjörðum hafa haldist í hendur aukið þorskeldi og auknar rannsóknir á vegum stofnana og starfstöðva Hafrannsóknastofnunar, (Hafró) Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins (Rf) og Náttúrustofu Vestfjarða (NV). Hugmyndin fellur að fyrri tillögu um eflingu eldis- og veiðarfærarannsóknna og nýrri tillögu um stofnun rannsóknasviðs innan Þekkingarseturs Vestfjarða.

Markmið

Tillagan er í beinu framhaldi af tillögu verkefnisstjórnar nr 1-03, nóv. 2003. Markmiðið er að efla rannsóknir á eldi sjávarfiska með áherslu á þorsk. Með tilkomu slíkrar miðstöðvar sem hefði á að skipa rannsóknasjókvíum og öðrum búnaði yrði hægt að sinna öllum helstu rannsóknum sem nauðsynlegar eru í þorskeldi á einum stað – undir stjórn aðila sem sérmenntaðir eru á sviði líffræði og fiskalífisfræði í samráði við starfandi aðila í greininni á suinnan- og norðanverðum Vestfjörðum. Ennfremur er markmiðið með slíkri sjókvíarannsóknastöð, í samvinnu við menntastofnanir s.s. Hólaskóla, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands að koma á fót rannsóknatengdu námi í tengslum við Þekkingarsetur Vestfjarða.

Rök

Rannsóknir í þorskeldi í heiminum eru skammt á veg komnar og mikil nauðsyn er talin á því að efla þær til muna svo að hægt verði að gera þorskeldi að arðbærri atvinnugrein. Skipta má þorskeldi í tvo meginhluta, annarsvegar framleiðslu og eldi seiða í strandeldisstöðvum og hinsvegar eldi seiðanna upp í sláturstærð í sjókvíum. Á sama hátt má skipta upp rannsóknum og þróun í þorskeldi. Segja má að rannsóknum á seiðastiginu hafi verið fundinn ákveðinn farvegur auk rannsókna í kynbótum. Má þar vísa til starfsemi Hafró, Iccod hf, Stofnfishs hf, Hólaskóla o.fl. Rannsóknir á eldi í sjókvíum hafa hinsvegar verið vegalausar þrátt fyrir sívaxandi matfiskeldi á þorski. Sjávarútvegsráðuneyti hefur stutt við framþróun greinarinnar með úthlutun sérstaks eldiskvóta. Þar hafa eldisaðilar náð mikilsverðri reynslu af eldi þorsks og miðlað henni, en einnig hefur verið gerð krafa um að þessir sömu aðilar setji upp og vinni að rannsóknarverkefnum. Nú er að koma í ljós að erfitt er fyrir eldisaðila að uppfylla þær kröfur sem setja verður slíkum verkefnum. Eðli málsins samkvæmt er erfitt að samræma kröfur, um marktækar tilraunauppsetningar og staðlaðar rannsóknir og kröfur til hagkvæms matfiskeldis. Uppbygging sérstakrar rannsóknaraðstöðu með sjókvíum og öðrum búnaði er því talin mikilvæg. Lagt er til að fyrsti áfangi miðstöðvarinnar verði settur upp við Ísafjarðardjúp þar sem saman fer:

- Góðar umhverfisaðstæður og nálægð við þjónustu.
- Öflugir aðilar í þorskeldi og vinnslu sjávarafurða.
- Staðsetning og ákvarðanir um eflingu og sérhæfni útibúa rannsóknastofnana á þessu sviði þ.e. Hafró og Rf. Einnig ber að geta rannsókna og áætlun um eflingu starfsemi NV í Bolungarvík varðandi umhverfissvöktun.
- Tillaga um stofnun Þekkingarseturs Vestfjarða með áherslu á rannsóknir í eldis- og veiðarfæratækni og tenging rannsókna við kennslu á háskólastigi sem mun m.a. gefa nemum á sviði líffræði, fiskeldisfræði og sjávarútvegsfræði kost á að stunda rannsóknartengt nám.
- Bein og óbein áhrif sem slík starfsemi hefur á almennt atvinnulíf á svæðinu.

Ábyrgð á framkvæmd

Sjávarútvegsráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Byggðastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknarstofnun, Náttúrustofa Vestfjarða, Þekkingarsetur Vestfjarða, fyrirtæki í fiskeldi.

Tímaáætlun

Starfsemi hefjist á árinu 2005 og verði til langframa.

Kostnaðaráætlun

Stofnkostnaður vegna sjókvía og búnaðar 8 milljónir króna. Miðað við að tryggja rekstur fyrsta starfsár sem áætlaður er 5,3 mkr, næmi heildarkostnaður 13,3 mkr. Eftir fyrsta starfsár er miðað við að náðst hafi full nýting á aðstöðunni og hún standi undir rekstri.

3. *Könnun á samkeppnishæfni rækjuiðnaðar*

Tillaga

Könnuð verði samkeppnishæfni rækjuiðnaðar á Íslandi og gerðar úrbætur ef það sýnir sig að iðnaðurinn búi við lakari kjör hér en annars staðar í heiminum.

Markmið

Rækjuiðnaðurinn hér á landi sitji við sama borð og í nágrannalöndunum með tilliti til opinberra gjalda og fleiri þátta.

Rök

Samkvæmt upplýsingum Samtaka fiskvinnslunnar er spáð enn frekari samdrætti í rækjuafli íslenskra skipa fiskveiðiárið 2004-2005 eða úr 29 þús. tonn í um 19 þús. tonn, munar þar mestu minni veiði á Íslandsmiðum. Mikilvægi innflutts hráefnis mun því enn aukast ef halda á sömu framleiðslu og á síðustu árum, sem hefur verið um 65 til 70 þús. tonn á ári að verðmæti um 12 milljarðar. Rækjuiðnaðurinn er því að vera margt um líkur stóriðju, sem nýtir innlenda orkugjafa, vatn og vinnuafli til að vinna afurðir úr innfluttu hráefni til sölu á ný á erlenda markaði.

Á Vestfjörðum starfa nú 5 rækjuverksmiðjur og er áætlað að þær vinni rúmlega 25 þús. tonn af rækju á ári, velta þeirra sé um 4 milljarðar og að hjá þeim starfi um 150 manns sem má áætla að sé hátt í 20% starfa í fiskiðnaði á svæðinu. Hér er því um að ræða lykilfyrirtæki í atvinnulífi Vestfjarða. Stór hluti hráefnisins eða um 80% er frosið og að mestu leyti keypt miðað við heimsmarkaðsverð. Þessar verksmiðjur eru því í beinni alþjóðlegri samkeppni og því mikilvægt að starfsumhverfi sé ekki lakara en í samkeppnislöndunum. Árferði hefur verið slakt í rækjuiðnaði á undanförunum árum og því enn mikilvægara að reynt verði að sporna við samdrætti í þessari grein, sem er svo mikilvæg fyrir Vestfirðinga.

Ábyrgð á framkvæmd

Sjávarútvegsráðuneyti, iðnaðar- og viðskiparáðuneyti, Samtök fiskiðnaðarins.

Aðrir þátttakendur

Fyrirtæki í rækjuiðnaði, sveitarfélög.

Tímaáætlun

Á árinu 2005.

Kostnaðaráætlun

Kostnaður hefur ekki verið metinn.

4. Aukin verðmæti sjávarfangs - líftækni

Tillaga

Hrint verði af stað rannsóknaverkefni varðandi skipulega leit að lífverum með áhugaverð efni fyrir líftækniíðnað í tengslum við nýtt þekkingarsetur og samstarfsstofnanir þess. Rannsóknarstofnanir á svæðinu verði eflidar til að geta tekið þátt í slíku verkefni.

Markmið

Auka verðmæti sjávarfangs og nýta þá kosti sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða í líftækni.

Rök

Á Vestfjörðum eru ákjósanlegar aðstæður fyrir ákveðin svið líftækni. Annars vegar þar sem samþjöppun er á hráefni fyrir úrvinnslu lífefna, s.s. rækjuskel, slóg og annan úrgang frá bolfiskvinnslu. Hins vegar ákjósanlegar landfræðilegar aðstæður til söfnunar sjávarlífvera með tilliti til rannsókna á lífefnum og/eða erfðaefnis. Slíka rannsókn er hægt að samþætta rannsóknum á umhverfisaðstæðum vegna fiskeldis. Mikilvægt er að rannsóknastofnunum á svæðinu verði gert kleift að taka þátt í rannsóknarverkefnum á þessu sviði í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu.

Ábyrgð á framkvæmd

Sjávarútvegsráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Hafrannsóknastofnun, Háskóli Íslands.

Aðrir þátttakendur

Umhverfissráðuneyti, Náttúrustofa Vestfjarða, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, líftækniyrirtæki og fyrirtæki á svæðinu.

Tímaáætlun

2005- 2008.

Kostnaðaráætlun

Kostnaður hefur ekki verið metinn.

5. Ræktun og eldi risarækju á Reykhólum

Tillaga

Koma upp tjarnaeldi fyrir risarækju á Reykhólum. Rækjan yrði síðan seld á innanlandsmarkaði og jafnvel til útflutnings.

Markmið

Koma upp tjarnaeldisbúgarði á Reykhólum í atvinnuskyni til þess að efla einhæft atvinnulíf í Reykhólahreppi og nýta þær náttúruauðlindir sem fyrir hendi eru (nóg af jarðvarma, ferskvatni og landrymi). Um er að ræða eldi risarækju í ferskvatni. Komið hefur verið upp klakstofni á Íslandi og leit stendur yfir að áhugasömum aðilum til að koma að tjarnaeldi á risarækjum. Markmiðið er að skapa arðvænlega fjárfestingu sem gæfi eigendum sínum arð og skapaði ný störf. Enn fremur gæti þessi starfsemi aukið ferðamannastraum til Reykhóla en reynsla frá Nýja Sjálandi sýnir einmitt það. Þar eru 90% af framleiðslunni seld á veitingastað sem rekinn er samhliða eldinu en 10% eru seld ferðamönnum sem koma til að skoða virkjunina og/eða tjarnaeldið á risarækjunum.

Rök

Niðurstöður úr tilraunum á tjarnaeldi í Ölfusi benda til þess að ná megi sambærilegum árangri og á Nýja Sjálandi hvað varðar dánartíðni rækja í tjarnaeldinu. Öllum tilraunum viðvíkjandi eldinu er lokið með jákvæðum niðurstöðum. Búið er að koma upp sjúkdómalausum klakstofni á Íslandi. Mikið er af ónýttum jarðvarma á Reykhólum og má sérstaklega nefna að frá Þörungaverksmiðjunni streymir sífellt út í sjóinn 60°C heitt vatn engum til gagns, eftir að verksmiðjan er búin að nýta 100° heitt vatnið á Reykhólum við þurrkun á þangi og þara. Fyrir liggur viðskiptaáætlun (miðað við 6 hektara tjarnaeldisbúgarð) með SVÓT- greiningu, rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðsstreymi miðað við ýmsar forsendur. Niðurstöður tilraunarinnar voru jákvæðar og styðja það að eldi á risarækjum geti verið hagkvæmt á Íslandi.

Ábyrgð á framkvæmd

Reykhólahreppur. Líklegasta rekstrarform er hlutafélag. Væntanlegt klak- og uppeldisfyrirtæki sem selur smárækjur til áframeldis í tjörnum mun sjá um og bera ábyrgð á framkvæmd og uppsetningu tjarnabúgarðs. Væntanlegt hlutafélag mun að öðru leyti vera ábyrgt fyrir rekstrinum.

Aðrir þátttakendur

Þörungaverksmiðjan á Reykhólum, Orkuveita Reykjavíkur, Orkubú Vestfjarða, sjávarútvegsráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, Bygðastofnun, Nýsköpunarsjóður,

Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir uppsetningu fyrsta tjarnaeldisbúgarðs á Íslandi í atvinnuskyni árið 2005 og að fyrsta slátrun úr tjarnaeldi fari fram það ár. Mótun dreifileiða á innanlandsmarkað verði lokið 2005-2006 og að sala á fyrsta skammti til innlendra aðila fari fram árið 2005.

Kostnaðaráætlun

Fyrir liggur vonduð viðskiptaáætlun frá desember 2004 og unnin var hjá Hagmálum fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Þar liggur fyrir fjárhagsáætlun þar sem gengið er út frá fullum afköstum 6 hektara tjarnaeldisbúgarðs. Fyrir liggur að fastur kostnaður er mikill við að koma grunni tjarnaeldis upp, en viðbótarkostnaður á hvern aukahektara verður minni við fleiri hektara sem þýðir einnig að meðalkostnaður á hektara lækkar.

Stofnkostnaður eða upphafs fjárfesting (miðað við 6 hektara tjarnaeldisbúgarð) er tæplega 100 milljónir króna. Reikna má með að það taki hátt í eitt ár að koma tjarnaeldi í full afköst. Gert er ráð fyrir ágætum hagnaði í fyllingu tímans, en það fjármagn sem þarf til að tjarnaeldi verði að veruleika þarf að koma inn í tjarnaeldisfyrirtæki á fyrstu árum starfseminnar. Fjármagnið sem þarf fer þá í stofnkostnað og hugsanlega einnig í rekstur fyrst um sinn á meðan framleiðsla, dreifileiðir og markaðir eru að þróast.

Í viðskiptaáætlun Orkuveitunnar er reiknað með að stofnkostnaður sé fjármagnaður að hálfu með innlögðu hlutafé og hálfu með langtímaláni til 10 ára á 10% vöxtum.

MENNTA- OG RANNSÓKNARSVIÐ

6. Háskólasetur/Þekkingarsetur - Fjárhagslegur grundvöllur

Tillaga

Fjárhagslegur grundvöllur Þekkingarseturs Vestfjarða verði tryggður. Ráðinn verði framkvæmdastjóri sem verði samræmingaraðili og hafi yfirumsjón með starfseminni. Sett verði í forgang að fjarnám háskólanna í landinu verði aukið og þjónusta við háskólanema verði bætt. Rannsóknarverkefni fyrir tilstuðlans Þekkingarseturs hefjist næsta haust. Vegna Þekkingarseturs Vestfjarða og aukinna umsvifa Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, verði gert ráð fyrir fjölgun stöðugilda.

Markmið

Tryggja Þekkingarsetri fjárhagslegan grundvöll til uppbyggingar. Áætlað er að meginhlutverk Þekkingarseturs verði á tveim sviðum. 1. Háskólanám, bæði staðbundin kennsla og fjarnám. 2. Rannsóknir m.a. í samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir sem eru með starfsemi á svæðinu. Símenntunin verði áfram í umsjón Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Rök

Samkvæmt samantekt á störfum á vegum ráðuneytana á Vestfjörðum þá er hlutfall starfa sem tengjast menntun einungis um 1,03% en hlutfall íbúa er um 2,69%. Ekki liggja fyrir upplýsingar um menntunarstig á Vestfjörðum en það er almennt lægra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Í könnun Byggðarannsóknastofnunar Íslands⁴ kemur fram að einungis 10% svarenda hefur lokið fyrstu háskólagráðu og 1% hefur lokið framhaldsnámi á háskólastigi. (Í skýrslunni er þetta rakið með framhaldsnám o.fl.). Breytingar í atvinnuháttum með færri störfum í hefbundnum atvinnugreinum á Vestfjörðum kallar á annarsvegar ný störf fyrir starfsfólk og þá mjög líklega endurmenntun þess. Hinsvegar að skapa ný störf innan annarra atvinngreina og byggja upp nýjar. Bæði þessi atriði gera kröfu á uppbyggingu menntunar jafnt á framhalds- sem háskólastigi og eflingu rannókna. Einnig skal bent á að á vegum OECD hafa komið frama skýrar vísbendingar um að háskólastarfsemi sé afar mikilvægur þáttur í því að efla byggðakjarna og samkeppnishæfni einstakra svæða. Þetta stafar af því að æðri menntun s.s. háskólastarfsemi hefur veigamikil áhrif á samkeppnis-, efnahagsþætti og atvinnulíf á viðkomandi landsvæði – umfram það sem talið hefur verið.⁵ Skýr dæmi um þetta má sjá víða erlendis, s.s. í Bandaríkjunum, Evrópu sem og á Íslandi.

Í nóvember 2003 lagði nefndin fram tillögu um Háskólasetur á Ísafirði, sem byggðist á tillögum sem samstarfshópur á vegum heimamanna lagði fram í apríl 2003. Tillagan var í takt við þróunina á Vestfjörðum, tillögu í byggðaáætlun 2002-2005, áherslur í byggðaáætlun fyrir Vestfirði og tillögur í skýrslu Byggðarannsóknastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Tillaga heimamanna var að sameinast um að vinna að uppbyggingu rannsókna, háskólanáms og símenntunar á Vestfjörðum. Í maí s.l. skilaði síðan starfshópur menntamálaráðuneytisins um háskólasetur á Vestfjörðum tillögum um stofnun háskólaseturs/þekkingarseturs á grunni Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og hafa heimamenn fjallað um þessi mál síðan. Þessi tillaga tekur því mið af þróuninni undanfarið ár og kemur sem viðbót við þá tillögu, sem nefndin lagði fram í nóvember á síðasta ári.

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Fræðslumiðstöð Vestfjarða, háskólar og rannsóknarstofnanir, fyrirtæki og stofnanir.

Tímaáætlun

2005 – Ráðning framkvæmdastjóra Þekkingarseturs og starfsmanna og samstarfssamningar gerðir við aðila Þekkingarseturs um aukin umsvif og þjónustu á Ísafirði.

Kostnaðaráætlun

Framlag iðnarráðuneytis og menntamálaráðuneytis til eflingar háskólanámi á Vestfjörðum árin 2004 og 2005 samtals 40 milljónir verði nýtt í þessu skyni. Frá árinu 2006 verði fjárhagslegur grundvöllur Þekkingarsetursins tryggður á fjárlögum.

⁴ Skýrsla Byggðarst. Íslands *Háskólanámssetur á Vestfjörðum – Athugun á forsendum og greining á þörf.* 2004

⁵ Recommendations from 'The response of higher education institutions to regional needs' (OECD 1999)

7. *Efling nýsköpunarstarfs á Vestfjörðum*

Tillaga

Efla ráðgjöf til að bregðast við fækkun starfa og lækkun meðallauna á Vestfjörðum. Lögð verði áhersla á að auka fjölbreytni atvinnulífs með eflingu nýsköpunar og markaðsstarfs í nýjum og starfandi fyrirtækjum og skapa þannig arðvænleg störf.

Markmið

Stuðla að breytingum í atvinnulífi á Vestfjörðum með eflingu nýsköpunar og markaðsstarfs í nýjum og starfandi fyrirtækjum. Í tillögum að vaxtarsamningi fyrir Vestfirði er gert ráð fyrir eflingu klasasamstarfs á Vestfjörðum, eflingu rannsókna, eflingu þróunarstarfs og eflingu háskólanáms. Allt eru þetta aðgerðir sem munu fæða af sér nýjar hugmyndir sem þarf að útfæra til þess að þær leiði af sér ný og arðvænleg störf. Markmiðið er að geta brugðist við og veitt þessum hugmyndum brautargengi með að efla samhliða ráðgjöf á sviði nýsköpunar og markaðsmála innan Vestfjarða. Efling starfsemi stofnana á þessu sviði styður einnig markmið um eflingu byggðakjarna.

Rök

Í markmiðum Byggðaaætlunar 2002-2005 er lagt til að auka nýsköpunarstarf í landinu og hafa þannig áhrif á fjölbreytni atvinnulífs. Samkvæmt þessu markmiði hefur verið stuðlað að uppbyggingu Nýsköpunarmiðstöðvar IMPRU á Akureyri og hefur þessi uppbygging haft jákvæð áhrif á nýsköpunarstarf í landinu. Áhrif þessarar starfsemi er þó mest í og við Akureyri og nýtur það umhverfi einnig nálægðar við öfluga háskóla- og rannsóknastarfsemi og starfsemi frumkvöðlaseturs.

Á Vestfjörðum er Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða með skilgreint hlutverk á sviði nýsköpunar samkvæmt markmiðum samstarfssamnings Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Byggðastofnunar og félagið er í samstarfi við IMPRU á þessu sama sviði. Verið er að vinna að stofnun frumkvöðlaseturs undir forystu Súðavíkurhrepps, verkefnið er unnið í samstarfi við nágrannasveitarfélög og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur veitt ráðgjöf og mun félagið einnig koma að framkvæmd verkefnisins. Markmiðið er að frumkvöðlasetrið stuðli að fjölgun nýsköpunarfyrirtækja jafnt innan sveitarfélagsins og atvinnusvæðisins.

Tillögur vaxtarsamnings fyrir Vestfirði, frumkvöðlasetur og aðrar aðgerðir kalla á fjölgun stöðugilda af hálfu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og samstarfsstofnana félagsins á landsvísi s.s. Impru og Byggðastofnunar. Slík fjölgun er afar mikilvæg til að styrkja þróun byggðakjarna og gefa um leið möguleika að geta eftir núverandi starfsemi á öðrum atvinnusvæðum Vestfjarða utan beins áhrifasvæðis byggðakjarna.

Ábyrgð á framkvæmd

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, IMPRA/Iðntæknistofnun, Byggðastofnun, Nýsköpunarsjóður og sveitarfélög á Vestfjörðum.

Tímaáætlun

Einu stöðugildi verði komið upp á árinu 2005 og tveimur á árinu 2006.

Kostnaðaráætlun

Kostnaður við hvert stöðugildi er áætlaður um 8 mkr, er þá tekið tillit til kostnaðar vegna ferða og samskipta innan Vestfjarða. Við fjármögnun verði horft til framkvæmdaraðila og gildandi byggðaaætlun hvers tíma.

8. Efling náms á framhaldsskólastigi – iðn- og verkmenntun

Tillaga

Leitað verði leiða til að auka framboð Menntaskólans á Ísafirði á námi að loknum grunndeildum iðnnáms, þannig að verknámsnemar á Vestfjörðum standi jafnfætis þeim sem taka bóknám til stúdentsprófs.

Markmið

Möguleikar framhaldsskólanema á Vestfjörðum til að ljúka sínu verk- og bóknámi heima í héraði verði auknir. Að ungir Vestfirðingar standi þar með jafnfætis ungmennum í öðrum landshlutum varðandi möguleika til náms.

Rök

Jafnir möguleikar til náms eru grundvallar réttindi í lýðræðisþjóðfélagi auk þess sem möguleikar ungs fólks til þess að mennta sig geta haft afgerandi áhrif fyrir byggðapróun landshluta. Þrátt fyrir mikla uppbyggingu Menntaskólans á Ísafirði undanfarin ár hafa verknámsnemendur ekki átt þess kost að fullnuma sig við skólann – heldur hafa þeir orðið að sækja til Reykjavíkur eða Akureyrar til þess að ljúka sveins- og meistaraþrófi að loknum grunndeildum.

Brýnt er að vel sé staðið að uppbyggingu Menntaskólans á Ísafirði og honum tryggðir fjármunir til þess að bjóða fjölbreytt nám á bæði bók- og verknámsbrautum, ekki síst í iðn- og tæknigreinum. Skólinn býður nú nám í mál- og rafiðnum, 1. og 2. stig vélstjórnar og grunndeild byggingariðnar. Sá hængur er á námsframboðinu að einungis er um grunnám að ræða. Til að ljúka sveinsþrófi hafa nemendur því þurft að sækja í aðra verkmenntaskóla. Hefur hlotist af þessu byggðaröskun og atgervisflutningur sem komast mætti hjá.

Fjölbreytt námsframboð á framhaldsskólastigi hefur áhrif á hagsmuni atvinnulífsins á svæðinu sem jafnframt leiðir til þess að íbúarnir hafa fjölbreytta þekkingu og færni sem nýtist fyrirtækjum og stofnunum til nýsköpunar og framþróunar. Mikilvægt er að efla tengsl milli Menntaskólans, fyrirtækja á svæðinu og kjarnaskóla í viðkomandi greinum með það að markmiði að auka námsmöguleika nemenda.

Í ársskýrslu um skólahald Menntaskólans fyrir árið 2003 kemur fram að sókn að dagskólanum hefur aukist um u.þ.b 25% undanfarin þrjú ár. 430 nemendur voru skráðir dagskólanemendur á haustönn 2004 en í fjórðungnum búa um 500 manns á framhaldsskólaaldri. Þess má geta að Menntaskólinn á Ísafirði er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum.

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneyti, Menntaskólinn á Ísafirði.

Aðrir þátttakendur

Fyrirtæki og sveitarfélög á Vestfjörðum.

Tímaáætlun

2005 -

Kostnaðaráætlun

Menntaskólanum hefur boðist styrktarfé úr héraði til tækjakaupa að upphæð 7 mkr, húsnæðið er til staðar og þarfnast lítilla lagfæringa. Kostnaður við aukið verknám hefur ekki verið metinn.

MENNINGAR- OG FERÐAÞJÓNUSTUSVIÐ

9. *Markaðsátak í ferðaþjónustu á Vestfjörðum*

Tillaga

Hrinda af stað markaðsátaki í ferðaþjónustu á Vestfjörðum með stofnun Markaðsskrifstofu Vestfjarða sem hefði heildarumsjón með markaðs- og kynningarmálum. Auka við og samþætta það fjármagn sem nú er til staðar í þessum málaflökki á Vestfjörðum. Áður en það skref verður stigið þarf að ljúka undirbúningsvinnu og útfærslu slíkrar skrifstofu. Til skoðunar komi skilgreining á aðráttarafli og sérstöðu Vestfjarða í samanburði við önnur landssvæði.

Markmið

Beitt verði markvissum og faglegum vinnubrögðum í markaðs- og kynningarstarfi gagnvart innlendum og erlendum ferðamönnum með markaðssetningu Vestfjarða sem einnar heildar. Með þessu er markmiðið að viðhalda og auka markaðshlutdeild Vestfjarða sem áfangastað ferðamanna. Aukningin á fjölda ferðamanna leiðir af sér aukna heildareyðslu ferðamanna á svæðinu sem þar af leiðir aukningu á tekjum og eflir rekstur ferðaþjónustuaðila sem þar starfa.

Rök

Ferðaþjónustan er vaxandi grein í landinu og spáð er áframhaldandi vexti hennar á komandi árum. Þessi þróun skapar tækifæri til að efla núverandi ferðaþjónustu á Vestfjörðum og nýsköpun innan greinarinnar og ná þannig að viðhalda og helst að auka núverandi markaðshlutdeild. Slíkt gerist ekki nema með markvissri vinnu við að greina tækifæri og úrlausn verkefna. Ferðaþjónustan á Vestfjörðum byggist hinsvegar upp að stærstum hluta af litlum fyrirtækjum sem taka meginhluta tekna á stuttum tíma. Þessir aðilar hafa ekki bolmagn í viðtækar markaðsaðgerðir hvorki á innlendum né erlendum mörkuðum. Hið sama gildir um aðkomu sveitarfélaga að markaðsstarfi en sveitarfélögin hafa talsvert komið að ferðaþjónustu t.d. tjaldstæðum og í kynningarstarfi. Þessir aðilar hafa reitt sig á starf Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og ferðamálafullrúa félagsins og kynningarstarf Ferðamálasamtaka Vestfjarða. Færa má þau rök að með því að beita saman öllum þessum aðilum megi nýta betur það takmarkaða fjármagn sem er til staðar í dag. Slíkt réttlætir einnig að aukið fjármagn komi til þessarar starfsemi þegar til lengri tíma er litið.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur unnið greiningarvinnu í markaðsmálum ferðaþjónustunnar og sett fram tillögur til umræðu um endurskipulag þessara mála á Vestfjörðum. Á 49. Fjórðungspingi Vestfirðinga í september 2004 var samþykkt ályktun um markaðsmál ferðaþjónustu og var þar samþykkt að fela stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að taka upp viðræður við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ferðamálasamtök Vestfjarða og sveitarfélög um skipulag markaðssetningar og upplýsingagjafar í ferðaþjónustu. Þessi skipulagning felur í sér að skoðað verði ítarlega stofnun markaðsskrifstofu fyrir Vestfirði.

Ábyrgð á framkvæmd

Sveitarfélög á Vestfjörðum, Fjórðungssamband Vestfirðinga, samgönguráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Tímaáætlun

Framkvæmd undirbúningsvinnu í lok árs 2004 og í upphafi árs 2005. Stofnun markaðsskrifstofu verði eigi síðar en haustið 2005.

Kostnaðaráætlun

Áætlað er að fjármögnun rekstrar markaðsskrifstofu, sem nemur um 7,5 mkr verði að meirihluta til í höndum sveitarfélaga á Vestfjörðum og Ferðamálasamtaka Vestfjarða. Það er algjört lykilatriði að lokið sé við nauðsynlega undirbúningsvinnu og tryggt við stofnun skrifstofunnar að það sé til fjármagn til þess að framkvæma áætlaðar markaðsaðgerðir á fyrsta starfsárinu. Áætlað er að undirbúningsvinna og upphafsmarkaðsfé verði:

Undirbúningsvinna	3,8 millj kr.
Upphafsmarkaðsfé	5,0 millj kr.
Samtals kostnaður	8,8 millj kr.

10. Efling menningarmála á Vestfjörðum

Tillaga

Efla menningarstarfsemi og menningartengda ferðaþjónustu á Vestfjörðum og að Vestfirðir og mögulega Norðvesturkjördæmi verði sem heild við skipulag og uppbyggingu þessara mála. Stefnt verði að því að sveitarfélög á Vestfjörðum auðgi menningarstarfsemi og leggi áherslu á menningu sem hluta af atvinnu og búsetuskilyrðum á svæðinu.

Markmið

Mótuð verði stefna um menningarstarfsemi á Vestfjörðum og óskað eftir samningi við menntamálaráðuneytið á grundvelli hennar. Fjórðungssamband Vestfirðinga, fyrir hönd sveitarfélaganna, beiti sér fyrir stefnumótuninni og gerð rammisamningsins. Samningurinn verði til a.m.k þriggja ára og gert verði ráð fyrir að ný verkefni og aukið fjármagn komi inn í samninginn á meðan hann er í gildi. Í kjölfarið verði stofnað Menningarráð og Menningarsjóður Vestfjarða.

Sjóðurinn fái fjármagn frá ríki og sveitarfélögum samkvæmt menningarsamningi og hann verði í vörslu Menningarráðsins. Menningarráðið skuli hafa starfsmann sem sinnir menningarmálum í fjórðungnum í umboði og undir stjórn þess. Helstu verkefni Menningarráðs Vestfjarða yrðu að vera samstarfsvettvangur um menningarmál í fjórðungnum og fylgja eftir þeirri stefnu sem mótuð hefur verið, að stefna að nánara samstarfi menningarstofnana, áhugafólks, félagasamtaka og sveitarfélaga en nú er, að marka stefnu í einstaka flokkum menningarmála, s.s sögu, minjum, söfnum, hátíðum, verkefnum og viðburðum. Einnig að unnið verði að því að á hverju svæði Vestfjarða verði sköpuð góð aðstaða til fjölbættrar menningarstarfsemi. Mynduð verði þrjú samstarfssvæði um menningarmál á Vestfjörðum sem yrðu **Austur– Barðastrandasýsla og Strandasýsla, Vestur – Barðastrandasýsla og Ísafjarðarsýslur**. Með samningnum er þess vænt að aukið fjármagn komi frá ríki og sveitarfélögum til menningarmála á Vestfjörðum og að það fjármagn sem lagt er til nýttist vel.

Rök

Í stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 er eitt af meginmarkmiðum að „auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilega kosti fyrir borgarana í búsetu og lífsstíl“. (Byggðaaætlun 2002-2005). Í byggðaaætlun fyrir Vestfirði kemur fram að „öflugt menningarlíf á Vestfjörðum verði áfram sterkur þáttur í þeim lífsgæðum sem felast í búsetu á Vestfjörðum, auk þess sem það eykur fjölbreytni atvinnulífs.“

Sveitarfélög í landinu hafa verið hvött til að móta sér menningarstefnu og í skýrslu starfshóps um menningarmál á landsbyggðinni, sem skipaður var af menntamálaráðherra árið 2000 er lagt til að á grundvelli slíkrar stefnumótunar geti sveitarfélögin samið við menntamálaráðuneytið um fjárhagsgrunn menningarstarfs. Vinnuhópur á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga skoðaði stöðu menningar á Vestfjörðum og er vinna hans grunnurinn að áherslum sem settar hafa verið fram í stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum. Haft var til hliðsjónar afrakstur vinnu sem sveitarfélög á Austurlandi lögðu í gerð stefnumótunar og samningur sem gerður var í kjölfarið á milli sveitarfélaganna og menntamálaráðuneytisins um framlög til menningarmála á Austurlandi til þriggja ára. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 1999, voru settar 250 m.kr. til menningarhúsa á Ísafirði og hefur því fé verið varið til endurgerðar gamla héraðssjúkrahússins, tónlistarsalar og Edinborgarhúss.

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneyti og sveitarfélög á Vestfjörðum.

Aðrir þátttakendur

Fjórðungssamband Vestfirðinga, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, félag og fyrirtæki á Vestfjörðum.

Tímaáætlun

2005 –

Kostnaðaráætlun

Ekki endanlega verið metinn. Áætlað að sveitarfélögin veiti aukið fjármagn til málaflokksins og að samningur náist við ríkið um aukið fjármagn. Drög að samningi á milli sveitarfélaga liggur fyrir. Horft er til sambærilegs samnings á Austurlandi vegna skiptingu fjármagns á milli ríkis og sveitarfélaga.

11. Bygging hótels á sunnanverðum Vestfjörðum

Tillaga

Byggja hótél á Patreksfirði innan tveggja ára, bæta úr brýnni þörf fyrir góða hótélgistingu á sunnanverðum Vestfjörðum og stuðla þannig að aukinni sókn ferðamanna til Vestfjarða.

Markmið

Fjölga gistimöguleikum innan svæðisins og auka fjölbreytni í gæðum með byggingu fyrsta flokks hótels. Ferðaþjónusta á Vestfjörðum geti keppt á jafnréttisgrundvelli við önnur svæði og stutt verði við frekari uppbyggingu grunngerðar s.s gístaðstöðu.

Rök

Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem er í hvað mestum vexti á Íslandi. Ferðamenn dreifast þó afar ójafnt um landið, sem endurspeglast meðal annars í keyptri gistiþjónustu. Utan höfuðborgarsvæðisins eru Vestfirðir það svæði sem fæstir leggja leið sína til. Vegna kröfu ferðamanna um aukin þægindi er brýnt að á Vestfjörðum sé í boði fyrsta flokks gistiþjónusta "á hverri dagleið" eins og raunin er víðast hvar annars staðar á landinu. Nú er Hótél Ísafjörður eina fyrsta flokks hótelið á Vestfjörðum, og sambærilegt hótél á sunnanverðum Vestfjörðum myndi styrkja stöðu þess mikið, og raunar einnig Hótels Stykkishólms og Hótels Eddu á Laugum í Dalasýslu. Málið varðar þannig grunngerð ferðaþjónustunnar og er byggðaverkefni sem hefur jákvæð áhrif á þá atvinnugrein langt út fyrir sunnanverða Vestfirði.

Í skýrslunni Auðlindin Ísland (2002) færir Ferðamálaráð veigamikil rök fyrir því að hið opinbera komi að byggingu hótels á sunnanverðum Vestfjörðum, en þar segir á bls. 11: *"Ein ástæða þess (að fáir leggja leið sína til Vestfjarða) er skortur á góðri aðstöðu. Hér er því lagt til að gerð verði undantekning á því sjónarmiði sem fram kemur í þessari skýrslu um afskipti hins opinbera varðandi uppbyggingu gistirýmis. Fundin verði leið til að byggja gott hótél á Suðurfjörðum Vestfjarða eða Barðaströnd til að ferðaþjónusta nái að festa þar tryggari rætur og til að mögulegt verði að nýta Látrabjarg og nágrenni þess við vestasta odda Evrópu.*

Þetta er m.a. lagt til í ljósi þess að slík rekstrareining getur ekki orðið að veruleika á almennum markaði við núverandi aðstæður. Óraunhæft er að reikna með að tekjur af gistingu standi undir meiru en daglegum rekstri og þar af leiðandi er eins gott að taka tillit til þess frá byrjun."

Vesturbyggð hefur lýst yfir áhuga á að nýtt hótél verði byggt við Félagsheimili Patreksfjarðar á Patreksfirði. Þar er til staðar margháttuð aðstaða s.s. eldhús og salir sem nýtast hóteli að fullu og lækka stofnkostnað umtalsvert. Patreksfjörður er stærsti þéttbýlisstaðurinn á sunnanverðum Vestfjörðum og næstur Látrabjargi, og þar er heilbrigðisstofnun og miðstöð opinberrar stjórnsýslu.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneyti, fyrirtæki og félag í ferðaþjónustu, Vesturbyggð, Ferðamálaráð.

Aðrir þátttakendur

Táknafjarðarhreppur, Byggðastofnun.

Tímaáætlun

Mikilvægt er að hrinda þessu í framkvæmd sem fyrst með það að markmiði að selja megi gistingu í hótelinu sumarið 2006.

Kostnaðaráætlun

Endanleg kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir. Ljóst er hins vegar að tapkostnaður svæðisins í heild, vegna skorts á gistirými af þessari stærð og gæðum, skiptir milljónum. Vegna þessa er lögð áhersla á að fjármagn fái stílt til þessa verkefnis af fjárlögum ársins 2005.

12. Hornstrandafriðland – landvarsla og stofnun Hornstrandastofu

Tillaga

Efla rannsóknir og þekkingu á málefnum friðlandsins á Hornströndum með stofnun Hornstrandastofu, ásamt því að tryggd verði fjármagn fyrir heilsársstarfi við umhirðu og landvörslu friðlandsins á Hornströndum. Rannsóknar- og þekkingarstofan verði í tengslum við starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík og upplýsingamiðstöð ferðamála á Ísafirði.

Markmið

Byggja upp nýja rannsóknar- og þekkingarstofu sem kölluð verði Hornstrandastofa. Rannsóknarhluti hennar verði hjá Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík en upplýsingahluti hennar í tengslum við upplýsingamiðstöð ferðamála á Ísafirði. Hlutverk Hornstrandastofu verði að tryggja frekari rannsóknir á sérstöðu friðlandsins á Hornströndum og aðliggjandi landssvæði s.s. Jökulfjörðum og Snæfjallaströnd. Unnið yrði að rannsóknarverkefnum tengdum menningu, sögu og náttúru svæðisins.

Rök

Rannsóknir sem þegar hefur verið unnið að eru m.a í refarannsóknnum, mannfæði, jurtafæði, bjargfuglum o.fl. Hornstrandir og Jökulfirðir eru langstærstu óbyggðir Íslands þar sem engin vélknúin umferð er á landi. Sérstaða svæðisins er óumdeild og ber að veita henni enn frekari athygli með stofnun Hornstrandastofu og með því að tryggja fjármagn fyrir landvörslu sem ekki sé einungis 8-12 vikur á ári heldur sé yfir vor, sumar og haust en starfskrafturinn nýtist svo á öðrum tíma til skipulagningar, stefnumótunar, samráðs við landeigendur, sumarbústaðaeigendur, ferðaþjónustuaðila og rannsóknaraðila.

Þessi tillaga tekur til eflingar á Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík, eflir rannsóknir, bætir þekkingu á friðlandinu og eflir ferðaþjónustu á svæðinu.

Ábyrgð á framkvæmd

Umhverfisráðuneyti og Ísafjarðarbær sem hefur séð um landvörslu sl. tvö sumur skv. sérstökum samningi við Umhverfisstofnun sem er undirstofnun umhverfisráðuneytis. Til greina kemur að Ísafjarðarbær haldi utan um Hornstrandastofu og landvörslu áfram komi til þess aukið fjármagn.

Aðrir þátttakendur

Landbúnaðarráðuneyti, Bolungarvíkurkaupstaður, Náttúrustofa Vestfjarða.

Tímaáætlun

2005- 2006.

Kostnaðaráætlun

7 milljónir kr. á ári.

13. Efling á náttúru- og menningartengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum

Tillaga

Efla náttúrutengda ferðaþjónustu og að Vestfirðir skapi sér sérstöðu á því sviði. Efla menningartengda ferðaþjónustu á Vestfjörðum en sú ferðaþjónusta felur í sér að kynna og auka skilning á menningarlegri sérstöðu þjóðarinnar og svæðisins í fortíð og nútíð.

Markmið

Náttúrutengd ferðaþjónusta leggur jafnt áherslu á verndun og þróun menningar einstakra svæða sem og náttúru þeirra. Því liggja þræðir náttúru- og menningartengdrar ferðaþjónustu á margan hátt saman. Sveitarfélög á Vestfjörðum stefna nú að samvinnu um menningarmál og tillaga liggur fyrir um sameiginlega markaðsskrifstofu. Að lokum ber að nefna evrópsk samstarfsverkefni NBT sem 15 vestfirsk fyrirtæki standa að undir stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Því er það rökrétt framhald að hafin verði vinna að sameiginlegum markmiðum allra sveitarfélaga á Vestfjörðum í tengslum við uppbyggingu náttúru- og menningartengdrar ferðaþjónustu. Sett verði að markmiði gerð samnings á milli sveitarfélaga um eflingu ferðaþjónustunnar á öllu svæðinu, með náttúrutengda ferðaþjónustu sem eitt markmið, líkt og menningarmálasamningur sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Fjórðungssamband Vestfirðinga, fyrir hönd sveitarfélaganna, hafi frumkvæði að gerð rammisamnings. Haldið verði áfram með alþjóðleg verkefni á sviði náttúru- og menningartengdrar ferðaþjónustu og auka fjármagn til nýrra verkefna.

Rök

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu náttúrutengdrar ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Svæðið hefur tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum í því skyni og hlotið viðurkenningar, bæði innlendar og erlendar. Ein niðurstaða þessarar vinnu er að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða stýrir nú verkefni sem 15 ferðaþjónustufyrirtæki koma að. Lögð er áhersla á uppbyggingu náttúrutengdrar ferðaþjónustu í afþreyingu, verkefnið er hluti af stærra evrópsku samstarfsverkefni, Nature Based Tourism. Það stefnir því í að náttúrutengd ferðamennska verði vaxandi grein innan ferðaþjónustunnar. Það frumkvöðlastarf sem hefur verið í gangi á Vestfjörðum hefur einnig sannað að Vestfirðir hafi alla burði til að skapa sér sérstöðu og að þar verði byggð upp þekking á þessum málum á Vestfjörðum sem nýtast mun öðrum svæðum landsins.

Ýmis verkefni tengd menningarferðaþjónustu og falla undir eftirtalin áherslusvið: Galdraslóðir á Ströndum, Á slóðum Gísla Súrssonar, Að lifa af landinu, Siglingaleiðir við Breiðafjörð, Hlunnindasýning á Reykhólum, Heimsporið Vestfirðir, Útgerðar- og verslunarsaga á Vestfjörðum og Vetrarferðamennska hafa verið í gangi á Vestfjörðum. Í nokkrum af þessum verkefnum er samvinna margra aðila bæði innanlands sem erlendis og tengjast þau verkefni m.a atvinnulífi og rannsóknum. Þessi alþjóðlegu verkefni á sviði byggðamála s.s NPP og, NORA, eru mikilvæg til að styrkja svæðin. Þau færa mikilvæga þekkingu yfir landamæri, hafa samlegðaráhrif fyrir atvinnulíf og rannsóknaraðila og auka samkeppnishæfni sem m.a treystir og stækkar markaði.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, umhverfisráðuneyti, sveitarfélög á Vestfjörðum.

Aðrir þátttakendur

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Ferðamálasamtök Vestfjarða, fyrirtæki í ferðaþjónustu á Vestfjörðum, stofnanir tengdar menningu og ferðamálum.

Tímaáætlun

2005-2008.

Kostnaðaráætlun

Ekki verið metinn.

14. Héraðsskjalasafn á Ströndum

Tillaga

Byggja upp héraðsskjalasafn fyrir Strandasýslu á Hólmavík.

Markmið

Héraðsskjalasafnið myndi markvisst annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala frá afhendingarskyldum aðilum, þ.e. embættum, stofnunum og félögum á Ströndum, skrásetja þau og gera aðgengileg notendum og á allan hátt. Leitast yrði við að varðveita og efla þekkingu á sögu umdæmisins. Jafnframt myndi safnið safna skjölum einstaklinga og félagasamtaka, auk ljósmynda, hljóð- og myndbanda, sem varða sögu Stranda eða íbúa þess á einhvern hátt. Jafnframt verði hugað að möguleikum þess að safnið geti nýst sem geymslusafn fyrir gögn Þjóðskjalasafns.

Rök

Héraðsskjalasafn hefur aldrei verið stofnsett í Strandasýslu og gögnum sem eiga heima á slíku safni hefur aldrei verið safnað á markvissan hátt. Skil frá opinberum aðilum á skilaskyldum gögnum til Þjóðskjalasafns af svæðinu hafa einnig verið mjög af skornum skammti, hvorki sveitarfélög eða sýslumaður hafa sinnt lagalegri skyldu um að senda frá sér gögn. Skjöl sveitarfélaga, stofnana og félaga sem hætt hafa starfsemi eru í sérstakri hættu af þeim völdum og enginn ákveðinn aðili gengur á eftir að þeim sé skilað á viðeigandi safn eða varðveitt við viðunandi aðstæður. Það er staðreynd að vegna þessa liggja víða um sýsluna ómetanleg menningarverðmæti; bækur, skjöl, ljósmyndir og fleiri gögn og heimildir í eigu félaga, stofnana og einstaklinga undir skemmdum. Á hverju ári fer hluti af þessum menningararfi forgörðum, skjöl og gögn eyðileggjast vegna lélegra geymsluskilyrða eða er einfaldlega fleygt.

Þau héraðsskjalasöfn sem næst eru svæðinu eru staðsett á Ísafirði, Hvammstanga og í Dalasýslu. Þessi söfn hafa ekki þjónað Ströndum og fjarlægð til þessara staða er of mikil til að samnýting og samvinna við þau sé möguleg. Áhugi fyrir stofnun Héraðsskjalasafns á Ströndum hefur aukist mikið síðustu ár og ljóst er að það gæti orðið vettvangur menningarverkefna og rannsókna á sögu svæðisins. Jafnframt gæti slíkt safn orðið miðstöð fyrir fræðimenn í héraðinu og lykilaðili við miðlun og skrásetningu sögulegs fróðleiks, eins og víða er í öðrum sýslum. Það eru því bæði varðveislusjónarmið og hugmyndir um nýtingu efnisins í héraði sem ráða því að áhersla er lögð á að héraðsskjalasafn sé staðsett á Ströndum.

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneytið og Hólmavíkurbætur.

Aðrir þátttakendur

Þjóðskjalasafnið, sveitarfélög í Strandasýslu.

Tímaáætlun

Fullgert safn fyrir 1. júní 2006.

Kostnaðaráætlun

Leitað verði eftir stofnframlagi úr ríkissjóði, en endanleg kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

AÐRAR MEGIN TILLÖGUR

15. *Fjölgun opinberra starfa á Vestfjörðum*

Tillaga

Fjölga störfum á vegum ríkisins á Vestfjörðum þar sem hlutfall slíkra starfa er fyrir neðan hlutfall íbúafjölda svæðisins. Sérstakur starfshópur á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga verði skipaður til að útfæra nánari tillögur í málinu.

Markmið

Störfum í opinberri þjónustu á Vestfjörðum fjölgi og þekking og reynsla núverandi þjónustustofnana verði nýtt til fullnustu. Lagt er til að ríkið standi við þá fyrirætlun sína að nýta þá starfsemi sem er fyrir á stöðunum þegar verið er að bæta við störfum hjá hinu opinbera. Þannig verði nýtt sú þekking og aðstaða sem til er á hverju svæði og stofnanir þar eflar með fleiri verkefnum frá ríkinu.

Rök

Í stefnumótandi áætlun um byggðamál fyrir árin 2002-2005 er lögð áhersla á nýtingu sóknarfæra í atvinnulífi sem m.a. taka mið af sóknarfærum í opinberri þjónustu. Talað er um að mikilvægt sé að skapa góð starfsskilyrði og stutt verði eftir megni við uppbyggingu hinna ýmsu greina. Í opinberri þjónustu yrði lögð áhersla á að störfum og verkefnum verði fjölgað utan höfuðborgarsvæðisins með markvissu átaki og að stofnunum sem þjóna eigi öllu landinu yrði valinn staður í helstu byggðarkjörnum á landsbyggðinni. Efla þyrfti þær stofnanir sem fyrir eru á stöðunum og að við hagræðingaraðgerðir í opinberum rekstri, sem m.a. leiða til fækkunar starfa í útibúum og svæðisskrifstofum, verði þess gætt að byggja þar í staðinn upp starfsemi sem þjónar öllu landinu.

Komið hefur fram að auka verði fjölbreytni atvinnulífs á Vestfjörðum. Ríkisvaldið getur haft þar bein áhrif á með því að styrkja starfsemi sína á svæðinu og nýti sér þær stofnanir sem eru til staðar, bæði til að auka staðbundna þjónustu og til að vinna verkefni á landsvísi. Hér er í raun ítrekun á eldri tillögum, m.a. tillögur nefndar sem sett var á laggirnar samhliða nefnd um endurskoðun kjördæmaskipunar og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin skilaði tillögum um áætlun ráðuneyta um tilflutning opinberra starfa sem ríkisstjórn Íslands lagði áherslu á að hrint yrði í framkvæmd á skipulegan hátt (sjá framsögu fjármálaráðherra 11. apríl 2000). Og tillögu í byggðaaætlun 2002-2005 um flutning opinberra starfa.

Fram hefur komið í skýrslu nefndarinnar að til þess að ná jafnvægi á milli íbúafjölda og fjölda starfa á vegum ríkisins þá þyrfti að fjölga störfum á Vestfjörðum um 206. Fá störf eru hjá stofnunum tengdum menntun og menningu og eru einungis störf innan Menntaskólans og RÚV þar á meðal. Áherslur ríkisins í byggðaaætlun eru að auka menntunarstig og fjölbreytni í námsvali og er mikilvægt að styðja við og efla þessa þætti á Vestfjörðum. Hjá stofnunum tengdum sjávarútvegi og rannsóknum er mikilvægt að ný sóknarfæri skapist og stutt verði við nýsköpun og tækninýjungar. Byggja þarf upp þekkingar- og rannsóknarumhverfi í tengslum við klasa iðn- og sjávarútvegsfyrirtækja og styrkja aðrar stofnanir í rannsóknum og vísindum eins og t.d. Orkustofnun, Iðntæknistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, en engin störf eru hjá þessum stofnunum á Vestfjörðum.

Einnig þarf að skapa möguleika til að efla stofnanir á sviði umhverfis- og skipulagsmála því þær stofnanir gegna mikilvægu hlutverki á svæðinu, ýmist með staðbundnum rannsóknum eða verkefnum á landsvísi. Stofnanir á þessum sviðum, sem og fleirum, eru undir hlutfalli íbúa á svæðinu sem er 2,69%.

Ábyrgð á framkvæmd

Forsætisráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Aðrir þátttakendur

Önnur ráðuneyti og sveitarfélög á Vestfjörðum, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

Tímaáætlun

Mikilvægt að hrinda þessu í framkvæmd sem fyrst.

Kostnaðaráætlun

Ekki verið metinn.

16. Stytting á núverandi leið um Vestfjarðaveg nr. 60 frá Flókalundi að Gilsfjarðarbrú

Tillaga

Stytting núverandi leiðar um Vestfjarðaveg nr. 60 frá Flókalundi að Gilsfjarðarbrú.

Markmið

Ljúka vegagerð með bundnu slitlagi frá þéttbýlisstöðum í Vestur-Barðastrandarsýslu inn á þjóðveg nr. 1, hringveginn, á gildistíma nógildandi 12 ára samgönguáætlunar. Lagt er til að gerðar verði sem fyrst þær styttingar sem best eru til þess fallnar að stytta ferðatíma og auka umferðaröryggi á þessari leið.

Rök

Í samþykktu svæðisskipulagi fyrir Reykhólahrepp og Dalasýslu frá 6. janúar 1996, er gert ráð fyrir að framtíðarvegur um Gufudalssveit í Reykhólahreppi sneiði hjá tveimur viðsjárverðum fjallvegum, sem eru Ódrjúgsháls og Hjallaháls, en liggja þess í stað þvert yfir Þorskafjörð við Kinnarstaði, um Teigsskóg út á Hallsteinsnes, þveri þar mynni Djúpaþarðar og Gufufjarðar og tengist núverandi vegstæði á Melanesi. Þessi vegagerð styttir núverandi akstursleið um 22,2 km., en hún styttir ferðatíma hlutfallslega mun meira þar sem vegur um umrædda hálsa er mjög seinfarinn vegna mikils langs halla og fjölmargra U og S beygja, auk þess sem háлка og veðurhæð er þar oft mikil. Vegagerðin vinnur nú að gerð matsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir þessa leið og í henni er þessi valkostur nefndur leið B.

Í Kjálkafirði mun vegur einnig styttast þar sem sneiða þarf hjá erfiðum snjóastað í botni fjarðarinnar. Vegurinn frá Flókalundi að Gilsfjarðarbrú er um 140 km og þar af eru malarvegir um 88 km. Gera má ráð fyrir að samanlagt muni leiðin styttast um 25 km.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneytið og Vegagerðin.

Aðrir þátttakendur

Reykhólahreppur og Vesturbyggð með gerð skipulagsáætlana og veitingu framkvæmdaleyfa.

Tímaáætlun

Undirbúningur hefjist 2005 – Flýta núverandi áherslum í gildandi samgönguáætlun.

Kostnaðaráætlun

Endanleg kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir. Sjá nánar í samgönguáætlun til 2014.

17. *Styttingar á núverandi leið um Djúpveg nr. 61 frá Ísafirði að Gilsfjarðarbrú*

Tillaga

Stytting núverandi leiðar um Djúpveg nr. 61 frá Ísafirði að Gilsfjarðarbrú.

Markmið

Ljúka vegagerð með bundnu slitlagi frá þéttbýlisstöðum við Ísafjarðardjúp inn á Þjóðveg nr. 1, hringveginn, á gildistíma nágildandi 12 ára samgönguáætlunar. Hafist verði handa sem fyrst við þau tvö verkefni sem nú eru á teikniborðinu og munu stytta ferðatíma umtalsvert, auka umferðaröryggi og ljúka vegagerð á þessari leið.

Rök

Þverun Mjóafjarðar í Djúpi. Lokið er umhverfismati á þverun Mjóafjarðar um Hrótey um Vatnsfjarðarháls og Vatnsfjörð, yfir Reykjafjörð og inn Ísafjörð vestanverðan. Um er að ræða lagningu 28,3 km langs vegar og byggingu þriggja brúa. Vegurinn er um 1 km lengri en núverandi sumarvegur yfir Eyrafjall, en stýttir vetrarleiðina út fyrir Vatnsfjarðarnes um 33 km. Að þessari vegagerð lokinni verður komið bundið slitlag á Djúpveg allan í Ísafjarðardjúpi.

Tröllatunguvegur. Vegur um Arnkötludal og Gautsdal hefur verið nefndur Tröllatunguvegur. Hann mun tengja saman Strandir og Reykhólasveit og skapa þannig eitt atvinnu- og þjónustuvæði. Samhliða því mun vegalengdin frá norðanverðum Vestfjörðum inn á Þjóðveg 1 stytta um rúmlega 40 km. Arðsemi veglagningarinnar er veruleg enda nýtist hún þremur af fjórum samgöngusvæðum Vestfjarða. Vegurinn er ekki á vegaáætlun, en einkaaðili hefur hafið undirbúning að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Vegurinn frá Ísafirði um Djúp, Steingrímsfjarðarheiði og Tröllatunguheiði að Gilsfjarðarbrú er um 260 km og verður allur lagður bundnu slitlagi að lokinni lagningu Tröllatunguvegar sem er um 25 km. Verða þá um 456 km til Reykjavíkur frá Ísafirði þessa leið, sem er um 40 km styttra en núverandi leið um Djúpveg í Hrótafirði og Holtavörðuheiði.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneytið og Vegagerðin.

Aðrir þátttakendur

Súðavíkurreppur, Hólmavíkurreppur og Reykhólahreppur með gerð skipulagsáætlana og veitingu framkvæmdaleyfa.

Tímaáætlun

Undirbúningur hafinn 2005 – Flýta núverandi áherslum í gildandi samgönguáætlun.

Kostnaðaráætlun

Endanleg kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir. Sjá nánar í samgönguáætlun til 2014.

18. Styttingar á núverandi leið um Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði um Vestfjarðaveg nr. 60 milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar með jarðgangagerð

Tillaga

Stytting á núverandi leið um Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði um Vestfjarðaveg nr. 60 milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar með jarðgangagerð.

Markmið

Ráðist verði samhliða í gerð tvennra jarðganga er tengi saman Dýrafjörð og Vatnsfjörð á Barðaströnd. Horft er til þess að fyrir liggja tillögur Alþingis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um Ísafjarðarbæ sem eitt þriggja kjarnasvæða á Íslandi. Heilsársvegur á láglandi er grundvallarforsenda þess að gera norðanverða og sunnanverða Vestfirði að einu atvinnu-, skóla- og þjónustusvæði með Ísafjörð sem byggðakjarna. Er það í samræmi við vestfirska byggðaaætlun. Eðlilegt er að við forgangsröðun framkvæmda af hálfu hins opinbera verði gengið út frá tillögum um byggðakjarna jafnframt því að leggja áherslu á samgöngubætur sem greitt gætu fyrir sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Starfshópurinn leggur áherslu á að þessar aðgerðir í vegamálum eru til þess fallnar að gera Ísafjörð sem aðgengilegastan fyrir íbúa á öðrum hlutum Vestfjarða. Sérstaklega á þetta við um þá 1400 íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum sem búa í Vesturbyggð og Tálknafirði.

Rök

Núverandi leið frá Patreksfirði um Barðastrandarveg, Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði til Ísafjarðar er 177 km. Bundið slitlag er á milli Ísafjarðar og Þingeyrar 48 km og úr botni Vatnsfjarðar innan Flókalundar til Patreksfjarðar 63 km, en á milli Flókalundar og Þingeyrar eru burðarlitlir malarvegir um 68 km., þar af er vegurinn um Dynjandisheiði um 30 km langur og í allt að 500 metra hæð. Vegurinn um Hrafnseyrarheiði er mun styttri en mjög brattur og yfirleitt ófær með öllu 4-5 mánuði á ári. Með gerð jarðganga annars vegar milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og hinsvegar undir Dynjandisheiði úr Dynjandisvogi í Vatnsfjörð styttist þessi leið um 37 km og verður aðeins um 140 km. Þá ber að hafa í huga að með gerð þessara jarðganga verður til stysta mögulega leið frá Ísafirði til Reykjavíkur eða um 390 km.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneytið og Vegagerðin.

Aðrir þátttakendur

Ísafjarðarbær og Vesturbyggð með gerð skipulagsáætlana og veitingu framkvæmdaleyfa.

Tímaáætlun

Undirbúningur hefjist 2005 - Stefna ber að því að gerð beggja jarðganganna auk aðliggjandi vega verði lokið árið 2014.

Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

19. Uppbygging ferðamannaleiða

Tillaga

Uppbygging ferðamannaleiða á Vestfjörðum.

Markmið

Þegar verði hafist handa við að endurbyggja malarvegi að þeim stöðum sem mest aðráttarafi hafa fyrir ferðamenn og tengdir eru vegakerfinu. Þessar samgöngubætur skipta gríðarlega miklu máli fyrir uppbyggingu ferðaþjónustunnar á þessum svæðum.

Rök

Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem hvað mestur vaxtarbroddur er í á Vestfjörðum, en það sem stendur henni hvað helst fyrir þrifum eru slæmar vegasamgöngur. Einkum er hér er um að ræða tvö svæði á Vestfjörðum sem ástæða er til að njóti forgangs að þessu leyti.

Látrabjarg og Rauðisandur. Mörg þúsund ferðamenn koma á ári hverju að Látrabjargi, flestir akandi og á eigin vegum. Afar brýnt er að lagfæra Örylgshafnarveg (612) úr botni Patreksfjarðar um Örylgshöfn og Hvallátra að Bjargtöngum og Keflavík annars vegar og hins vegar Rauðasandsveg (614) frá Örylgshafnarvegi yfir á Rauðasand að Lambavatni og áfram niður á sandinn. Gera þarf vegslóða úr Keflavík yfir á Rauðasandsveg og opna þannig fyrir hringakstur um Látrabjarg og Rauðasand, en slík framkvæmd myndi greiða mikið fyrir umferð og bæta aðgengi ferðamanna á þessum slóðum umtalsvert. Vegir sem hér um ræðir eru samtals um 80 km.

Árneshreppur. Árneshreppur á Ströndum er einnig mjög fjölsóttur áfangastaður ferðamanna sem líður fyrir slæmar vegasamgöngur. Afar brýnt er að gera úrbætur á Strandavegi (643) alveg norður í Norðurfjörð, en frá Drangnesvegi er hann tæpir 90 km.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneytið og Vegagerðin.

Aðrir þátttakendur

Vesturbyggð, Hólmavíkurhreppur, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur með gerð skipulagsáætlana og veitingu framkvæmdaleyfa.

Tímaáætlun

Undirbúningur hefjist 2005 - Ljúka vegagerð fyrst með malarslitlagi en að fullu með bundnu slitlagi árið 2016.

Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

20. Orkufyrirtæki í Norðvesturkjördæmi

Tillaga

Orkufyrirtæki í Norðvesturkjördæmi verði sameinuð. Starfsemi Rarik á Vesturlandi og Norðurlandi vestra verði sameinuð Orkubúi Vestfjarða hf. Höfuðstöðvar fyrirtækisins verði á Ísafirði.

Markmið

Að byggja upp sterkt orkufyrirtæki í Norðvesturkjördæmi, sem væri betur í stakk búið til að takast á við aukna samkeppni í framleiðslu og sölu á raforku. Höfuðstöðvar slíks fyrirtækis á Ísafirði myndu tryggja tæknistörf á svæðinu. Búast má við að velta Orkubús Vestfjarða hf. myndi þrefaldast við þessa aðgerð.

Þessi tillaga er í samræmi við tillögu 1.9.1 í Bygðaaáætlun Vestfjarða en þar segir m.a. ” Orkubú Vestfjarða hf. er öflugt orkufyrirtæki með víðtæka þekkingu og reynslu í rekstri virkjana og dreifikerfis. Fyrirtækið er með stærri vinnuveitendum á Vestfjörðum og mikilvægur hluti í fjölbreytni atvinnulífs. Hægt er að efla fyrirtækið enn frekar með því að taka við auknum verkefnum. Dæmi um slík verkefni er stækkun rekstrarsvæðis til nálæggra landshluta og auknar rannsóknir á virkjunarkostum vatns, vind- og sjávarfalla”

Rök

Þessi aðgerð myndi einnig styrkja Ísafjörð sem byggðakjarna.

Ábyrgð á framkvæmd

lönaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Orkubú Vestfjarða hf, Rarik.

Tímaáætlun

2005- 2006.

Kostnaðaráætlun

Kostnaður hefur ekki verið metinn, en reiknað er með að fyrirtækið greiði hann sjálft og aukin hagkvæmni rekstrar muni skila því á stuttum tíma.

21. Áhersla á sameiningu og samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum

Tillaga

Samstarf og sameining sveitarfélaga á Vestfjörðum. Sameining sveitarfélaga á sér stað um allan heim vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á almennri tækni og samgöngum. Með sameiningu færast verkefni og völd til sveitarfélaganna. Til að svo geti orðið er lykilatriði að sveitarfélögin verði eflað sem stjórnsýslueiningar með sameiningu og samstarfi.

Markmið

Efla staðbundið lýðræði, auka gæði þjónustunnar og styrkja byggðarlögin með öflugri sveitarfélögum. Skerpa sameiginlegan skilning ríkisvaldsins og sveitarfélaganna á nánú samstarfi og samráði um málefni sveitarfélaga og ríkis. Tryggja fjárhagslegt sjálfsforræði sveitarfélaga og bæta búsetuskilyrði íbúanna.

Aukið samstarf, samskipti sem og aðgangur er því bæði mikilvægur innávið innan einstakra svæða sem landa, en ekki síður útávið. Mikilvægt er að greina stöðu og þróun einstakra svæða ef stefnumörkun hjá þeim á að bera árangur á sama hátt og í hverju öðru fyrirtæki. Á sama tíma eru verkefni og völd að færast í auknum mæli til sveitarfélaga á ýmsum sviðum, hér á landi sem í nálægum löndum. Þessi verkefni eru oft of viðamikil til að lítil sveitarfélög ráði vel við slíkt. Einnig má nefna verkefni og atriði er varða aukin alþjóðleg samskipti og eftirlit s.s. hagsmunagæslu vegna EES-málefna, en margar EES-tilskipanir koma til framkvæmda hjá sveitarfélögum. Öll þessi þróun, vaxandi umfang og ábyrgð sveitarfélaga vegna ýmissa mála, krefst nýrra áherslna af hálfu þeirra, ekki síst til aukinnar samvinnu og / eða sameiningar - þar sem þá er oft hægt að vinna að viðkomandi málefnum með hagkvæmari hætti en áður.

Rök

Miklar breytingar eiga sér nú stað víðs vegar um heim, m.a. á sviði byggðamála. Alþjóðavæðing hefur gert það að verkum að samstarf á milli svæða, ekki síst stórra og smárra, er mun mikilvægara en áður, þar sem þau stærri virka oft sem aðgangur þeirra smærri að enn stærri markaði, á sama tíma og þau smærri eru mikilvæg undirstaða þeirra stærri.

Stærri sveitarfélög hafa möguleika á að taka að sér ný verkefni sem gerir þau sjálfstæðari og öflugri sem stjórnsýslueiningu. Sameining eflir byggðarlögin og er raunhæf byggðaaðgerð til eflingar viðkomandi svæðis.

Hagræn og byggðaleg rök mæla með sameiningu sveitarfélaga. Þá hefur tækni breyst það mikið sem og samgöngur og önnur áhrif alþjóðavæðingar; að eldri hugmyndir um stjórnsýslueininguna sveitarfélög eru í raun úreltar. Sveitarfélög eru með elstu stofnunum landsins og byggja að grunni til á möguleikum íbúanna að fá þjónustu út frá aðstæðum í landinu fyrir tíma bifreiða, fullkominna vega og samskiptatækni með rafrænum hætti.

Ábyrgð á framkvæmd

Sveitarfélög á Vestfjörðum, félagsmálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Önnur ráðuneyti. Sem dæmi má nefna samgönguráðuneyti en bættar samgöngur eru lykilatriði við sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum. Sameiningarmál á Vestfjörðum hafa ákveðna sérstöðu út frá samgöngumálum.

Kostnaður

Ekki verið metinn, en líkleg hagræðing vegna samlegðaráhrifa.

22. *Fjölmenningarsetur – landsmiðstöð í málefnum innflytjenda á Íslandi*

Tillaga

Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum verði sjálfstæð stofnun sem heyri undir félagsmálaráðuneyti, sett verði löggjöf um starfsemi hennar og fjárhagslegur grundvöllur hennar tryggður með framlögum á fjárlögum. Aukið verði við stöðugildi stofnunarinnar til að mæta þörf og verkefnum.

Markmið

Starfsemi Fjölmenningarseturs verði fest í sessi og hún gerð að miðstöð í málefnum innflytjenda sem þjóni öllu landinu, með sérstaka áherslu á þróun þjónustu í dreifbýli. Fjölmenningarsetrið verði miðstöð upplýsinga, menntunar og rannsókna í málaflokknum. Eitt meginhlutverk Fjölmenningarsetursins yrði að tryggja innflytjendum og farandverkafólki aðgengi að upplýsingum um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi og á íslenskum vinnumarkaði. Rekin yrði ein samræmd upplýsingaveita á netinu í samvinnu við þá aðila sem veita innflytjendum margvíslega þjónustu. Hlutverk Fjölmenningarsetursins yrði einnig að samræma og samþætta hlutverk ýmissa ráðuneyta varðandi málefni innflytjenda, efla fræðslu um mannréttindi, jafnrétti með sérstöku tilliti til fjölmenningarlegs samfélags, ólíks uppruna, menningar, tungumáls og trúarbragða og vinna að stefnumótun í málefnum innflytjenda í samvinnu við ráðuneyti velferðar- og fjölskyldumála.

Rök

Starfsemi Fjölmenningarsetursins hefur verið tilraunaverkefni á vegum félagsmálaráðuneytisins undanfarin þrjú ár og hefur stofnunin haft það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við útlendinga sem búsettir eru á Íslandi. Brýnt er að tryggja áframhaldandi starfsemi á þessu sviði því ýmis mikilvæg verkefni hafa verið unnin í Fjölmenningarsetri í samvinnu við ýmsa aðila, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga á þessu tímabili. Má þar m.a nefna upplýsingavef og upplýsingasíma setursins. Upplýsingasíminn hefur þjónað öllu landinu og er stefnt að því að bæta við tungumálum og auka þjónustuna á þessu sviði. Aukin verkefni og þjónusta hafa kallað á aukinn starfsmannafjölda en einungis eitt stöðugildi er við stofnunina sem engan veginn annar þeirri eftirspurn og þjónustu sem þarf að veita.

Í sjávarþorpum á landsbyggðinni og nú á hálendinu er oft fyrsti viðkomustaður fólks sem flytur til Íslands erlendis frá. En þá er þörfin auðvitað mest fyrir upplýsingar, íslenskukennslu o.s.frv. Málefni útlendinga er vaxandi málaflokkur og aðkallandi byggðamál, og því mikil þörf á að bregðast sem fyrst við þeirri staðreynd að Ísland sem til skamms tíma var óvenju einsleitt er nú á miklum hraða að verða að fjölmenningarlegu samfélagi. Þjónustustofnun á vegum ríkisins eins og Fjölmenningarsetur hefur því afar veigamiklu hlutverki að gegna í því að auðvelda aðlögun fólks að þessari breyttu samfélagsgerð.

Samþykkt var á Alþingi árið 2000 að stofnuð yrði nýbúamiðstöð á Ísafirði og hafa dæmin sannað að þetta verkefni sem stofnað var til á landsbyggðinni hefur gengið vel. Staðsetningin hefur reynst vera mikill styrkur fyrir starfsemina því nálægð og þekking á þeim stöðum þar sem þörfin er mest, er grundvallaratriði.

Með því að halda áfram og auka starfsemi Fjölmenningarseturs skapast samstarfsvettvangur í málefnum innflytjenda fyrir stjórnvöld og þannig er hægt að samræma þjónustu ríkis, sveitarfélaga og frjálsra félagasamtaka við innflytjendur.

Ábyrgð á framkvæmd

Félagsmálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Önnur ráðuneyti, fyrirtæki, stofnanir og frjáls félagasamtök.

Tímaáætlun

2005-2006 - Lög um stofnunina sett á vörþingi 2005 – Starfsemi hefst haust 2005 eða sem fyrst á árinu 2006.

Kostnaðaráætlun

Aukning úr 1 stöðugildi í 5 á tímabilinu – 7 - 8 millj. kr. pr.stöðugildi.

23. Efling flugsamgangna með Ísafjörð sem miðstöð

Tillaga

Efla flugsamgöngur á Vestfjörðum með aukinni starfsemi flugfélags eða útibús þess, allt árið um kring. Miðstöð flugfélagsins yrði á Ísafirði.

Markmið

Markmiðið er að fá til Ísafjarðar flugfélag eða útibú þess, með starfsemi á svæðinu allt árið um kring. Tengd yrðu saman verkefni í sjúkra- og áætlunarflugi á Vestfjörðum og verkefni fyrir grænlenku heimastjórnina. Þjóna mætti samgöngum við Gjögur og Bildudal með flugi um Ísafjörð, t.a.m. í samstarfi við Flugfélag Íslands. Þannig mætti hugsanlega fækka beinum ferðum milli þessara staða og Reykjavíkur en hugsanlega halda uppi tíðari ferðum, þar sem flugtími frá Ísafirði og á staðina er helmingi minni en frá Reykjavík. Þetta ætti að geta orðið til þess að föst verkefni væru til staðar yfir veturinn og frá maí til október gæti viðkomandi félag sinnt almennu leiguflugi og flugi með ferðafólk út frá Ísafirði og þannig sinnt vaxandi markaði. Slík þjónusta hefur ekki verið fyrir hendi í nær áratug, en á þeim tíma hefur ferðamönnum á svæðinu fjölgað mikið. Þar að auki mætti gera rammisamning um verkefni fyrir t.a.m. Náttúrustofu Vestfjarða um dýratalningar o.fl., og hugsanlega fleiri stofnanir sem gætu nýtt sér þjónustu flugfélags á Ísafirði.

Rök

Á allra síðustu árum hefur Íslandsflug annast sjúkraflugþjónustu fyrir Vestfirðinga. Greiðsla ríkisins til félagsins nemur ríflega 30 milljónum króna á ári samkvæmt samningi við heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti. Ber félaginu að hafa flugvél staðsetta á Ísafirði frá 1. október til loka apríl, en á öðrum árstímum er engin flugþjónusta og sjúkraflugi þá sinnt frá Reykjavík. Í dag skilar því sáralítt hluti af peningum sem ætlaðir eru í flugþjónustu á Vestfjörðum, sér inn á svæðið.

Í tæpan áratug hefur ekkert flugfélag haft aðsetur á Ísafirði, þrátt fyrir að Flugfélagið Ernir hafi verið í rekstri í aldarfjórðung þar á undan, þegar mun minna fé var varið til sjúkraflugþjónustu en í dag. Flugfélag Íslands hefur um árabíl notað Ísafjörð sem höfn í tengslum við flutninga á fólki og vörum til austurstrandar Grænlands, en þangað er innan við einnar klukkustundar flug. Þessu svæði mætti þjóna mun meira frá Ísafirði en gert er og jafnvel bjóða ferðafólki á Vestfjörðum í stuttar útsýnisferðir til Grænlands. Gjögri og Bildudal er sinnt með ríkisstyrktu flugi frá Reykjavík. Með því að efla Ísafjörð sem þjónustukjarna við þessa staði mætti efla Vestfirði sem heild og væntanlega auka þjónustuna við þessa staði, þótt það kostaði lengri ferðatíma til Reykjavíkur. Ferðatími gæti áfram verið vel innan þriggja klst.

Ábyrgð á framkvæmd

Heilbrigðisráðuneyti og samgönguráðuneyti í tengslum við útboð ríkisins á sjúkra- og áætlunarflugi árið 2005.

Aðrir þátttakendur

Flugfélög, sveitarfélög á Vestfjörðum, Grænlenka heimastjórnin.

Tímaáætlun

2005 – 2006.

Kostnaðaráætlun

Enginn umfram það sem þegar er áætlað til ríkisstyrkja í flugi á Íslandi og Grænlandi, en tillagan gerir ráð fyrir að meiri og betri þjónusta fáiast fyrir sama fé. Kostnaðurinn kemur þannig í ljós eftir næsta útboð, en útboðsgögn þyrftu að gera ráð fyrir þeim möguleika að efla Ísafjörð sem þjónustukjarna í flugi á Vestfjörðum.

24. Átakið „Heilsuþærinn Bolungarvík á nýrri öld“ – fjárhagslegur grundvöllur

Tillaga

Tryggja fjármagn við framkvæmd, eftirfylgd og mat á heilsueflingar- og þróunarverkefninu *Heilsuþærinn Bolungarvík – á nýrri öld*, sem er verkefni sem sniðið er að stefnu og markmiðum samstarfsverkefnis Landlæknisembættisins og heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins „Heilsuefling hefst hjá þér“.

Markmið

Efla verkefnið *Bolungarvík – heilsuþær á nýrri öld* sem er sjálfstætt heilsueflingarverkefni. Markmið, leiðir og framkvæmdir verkefnisins grundvallast á stefnu og áætlun Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) í Evrópu, er hefur þróað leiðir, áætlanir og aðgerðir á sviði heilsueflingar í verkefninu „Health Cities“ frá 1986. Meginmarkmið þeirrar áætlunar er að breyta viðhorfum, skilningi og ákvarðanatöku einstaklinga, sveitarfélaga, stofnana og stjórnvalda á sviði heilbrigðismála.

Markmið tillögunnar er að geta unnið að eftirfylgd og mati á ákveðnum verkefnum innan heilsueflingarátaksins, eins og Heilsuleikskólinn Glaðheimar og Heilsuefling á vinnustað og einnig að nýjum markmiðum og verkefnum eins og Heilsuskóli í tengslum við Grunnskóla Bolungarvíkur og fleiri verkefnum. Einnig er markmiðið að ljúka fræðilegri skýrslu um heilsueflingarátakið, gera árangursmat, styrkja sambönd við erlenda heilsuþæi og kynna verkefnið út á við. Verkefnið gæti aukið fjölbreytni í atvinnulífi í Bolungarvík og fjölgað störfum og hægt er að nýta betur það húsnæði á svæðinu sem ekki er í notkun.

Rök

Verkefnisstjórn heilsueflingarátaksins hefur markmið og leiðir heilsueflingar að leiðarljósi í allri sinni vinnu, greinir þarfir, endurskoðar viðfangsefni, metur árangur og forgangsraðar viðfangsefnum og hefur þetta verklag skilað árangri fyrir verkefnið í heild. Heilsuefling hvað þessa þætti snertir felst í átaksverkefni, fræðslu, styrkingu og hvatningu í formi fjölbreyttra viðburða og námskeiða. Áhersla hefur verið lögð á samvinnu við ýmsa aðila, sveitarfélög, skóla, fyrirtæki, einstaklinga og félagasamtök og hefur markmiðið verið að sanna gildi heilsuþæjarverkefnisins og að það geti einnig nýst á öðrum stöðum. Landlæknisembættið er gæðaeftirlitsaðili með verkefninu en það hefur staðið frá því að undirbúningur hófst í maí 1999. Verkefnið hefur verið fjármagnað með styrkjum og frjálsum framlögum en síðustu ár hefur verkefnið fengið fjármagn á fjárlögum.

Stefnt er að því að efla verkefnið og auka möguleika svæðisins til nýsköpunar og aukinnar þjónustu m.a með því að bæta við úrræðum og þjónustu í tengslum við markmið Heilbrigðisáætlunar til 2010. Þetta kom m.a fram á sameiginlegri ráðstefnu verkefnisstjórnar og bæjaryfirvalda í Bolungarvík í nóvember 2004 um stefnumótun, markmið og leiðir í verkefninu. Einnig er stefnt að nánari samvinnu við ráðuneyti og stofnanir sem tengjast málum á sviði lýðheilsu og heilsueflingar og samstarfi við íþróttahreyfinguna, samtök sveitarfélaga og fleiri. Umhverfi og aðstæður í Bolungarvík og nágrenni eru talin vera góður kostur fyrir þetta verkefni, bæði vegna smæðar og þeirrar þjónustu sem fyrir hendi er.

Ábyrgð á framkvæmd

Bolungarvíkurkaupstaður, verkefnisstjórn átaksins *Heilsuþærinn Bolungarvík*.

Aðrir þátttakendur

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur, Lýðheilsustöð, Landlæknisembættið, stofnanir og félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar.

Tímaáætlun

2005 -

Kostnaðaráætlun

Verkefnisstjórn heilsueflingarátaksins fékk 1 milljón króna á fjárlögum ársins 2005 en hefur ekkert tryggt fjármagn eftir það. Lagt er fram í tillögu að fá fjármagn til að ráða framkvæmdastjóra í heila stöðu til að sinna þeim verkefnum sem fyrir liggja eins og fræðilegri úttekt á verkefninu, eftirfylgd og mati og einnig að vinna að nýjum verkefnum í samráði við verkefnisstjórn. Áætlaður kostnaður við stöðugildi er um 7- 8 milljónir á ári en áfram verður leitað eftir frjálsum framlögum og styrkjum til að fjármagna verkefnið.

25. Landsmiðstöð og stjórnstöð heimahjúkrunar á Ísafirði

Tillaga

Sett verði upp stjórnstöð heimahjúkrunar á Ísafirði í samvinnu við Heilbrigðisstofnunina í Ísafjarðarbæ, Fjarlækningastofnun Íslands og fyrirtæki sem starfa á þessu sviði (s.s. MedcareFlögu, TeleMedlce og Margmiðlun hf). Í stjórnstöðinni verði öll móttökutæki fyrir þær mælingar sem gerðar verða og viðbragðakerfi. Þessi stjórnstöð gæti einnig tekið að sér hluta af vaktþjónustu fyrir ýmsar deildir sjúkrahúsa s.s. öldrunar- og hjúkrunardeildir, ásamt dvalarheimilum aldraðra. Einnig yrði beint samband við lögreglu, slökkvilið, veitustofnanir og e.t.v. nágranna.

Markmið

Að bæta þjónustu við aldraða og öryrkja sem búa í heimahúsum og spara þar með kostnað í heilbrigðiskerfinu. Einnig að spara í rekstri sjúkrahúsa og dvalarheimila. Hér er um tilraunaverkefni að ræða sem gæti orðið fyrirmynd að slíkri þjónustu annars staðar. Þetta gæti einnig styrkt Fjarlækningastofnun Íslands, sem er þriggja ára gömul stofnun staðsett á Ísafirði, en vinnur að verkefnum á landsvísu. Lausnir á sviði fjarhjúkrunar, fjargeðlækninga og vinna við rafræna heilsufarsdagbók er meðal verkefna stofnunarinnar. Starfsemi stofnunarinnar hefur verið í lágmarki undanfarin ár.

Rök

Það er nokkuð ljóst að aldurssamsetning þjóðarinnar hefur mikið breyst á undanförunum árum og það eru alltaf fleiri og fleiri sem ná því að verða 75 ára og eldri. Talið er að það þurfi breyttar áherslur í þessum málaflokki. Ísafjarðarbær hefur þá sérstöðu, að öll þjónusta er samankomin á litlu svæði, sem auðveldar samstarf til muna. Þróun einfaldra leiða til samskipta er sérstaklega áriðandi í litlum samfélögum þar sem stofnanir eru fáliðaðar og lítt sérhæfðar. Þarna væri kjörið tækifæri að þróa ákveðið samskiptaform til að tryggja samskipti á milli einstaklinga sem þyrftu á stuðningi að halda.

Heildræn sýn á þessum málaflokki er nauðsynleg og er talið að þetta þróunarverkefni geti leitt m.a til þess að tryggja það að aldraðir geti búið sem lengst á sínu heimili í því öryggi sem þeim er nauðsynlegt. Á Ísafirði hefur Heilbrigðisstofnunin yfir að ráða góðu læknaði, hjúkrunarfræðingum sem og öðru fólki sem talið er frambærilegt til að leggja þessum málum lið. Við verkefnið skapast tækifæri til að þróa nýjar leiðir í þessum málaflokki sem gæti bæði skapað stofnuninni sérstöðu og sparað ríkinu heilmikinn útgjaldakostnað.

Ábyrgð á framkvæmd

Fjarlækningastofnun Íslands, Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.

Aðrir þátttakendur

Heilbrigðis- og tryggingaráðneyti.

Tímaáætlun

2005 – 2007.

Kostnaðaráætlun

Áætlaður kostnaður 9 milljónir króna.

26. *Gagnvirk miðlun upplýsinga í fjölmenningslegu samfélagi*

Tillaga

Allar stofnanir í Ísafjarðarbæ tengist sameiginlega einni heimsíðu, þar sem verksvið hvernar stofnunar, samspil stofnana og málsmeðferð yrði gerð aðgengileg með samræmdum upplýsingum og öll helstu eyðublöð og leiðbeiningar með þeim yrði einnig þar að finna.

Markmið

Að á vefnum verði gagnvirk, stöðluð fyrirspurnarblöð á nokkrum tungumálum. Þá er fyrirhugað að allir samstarfsaðilar geri orðalista og samskiptablöð sem yrðu þróuð í samstarfi við innflytjendur og þá aðila sem hafa með höndum bein samskipti við innflytjendur fyrir stofnun sína eða fyrirtæki. Samskiptablöðunum er ætlað að leysa erfiðleika í samskiptum þegar um einfalda hluti er að ræða s.s. hvar tekið sé við umsókn um leikskólapláss, eða hver sé ódýrasta og öruggasta leiðin til að senda fjármagn á milli landa.

Rök

Ísafjarðarbær hefur þá sérstöðu, að öll stjórnvíslan er samankomin á litlu svæði, sem auðveldar samstarf til muna. Þróun einfaldra leiða til samskipta er sérstaklega áriðandi í litlum samfélögum þar sem stofnanir eru fáliðaðar og lítt sérhæfðar.

Sú skipan að hver einstaklingur innan stofnunar hafi vítt starfssvið, eykur möguleika á heildarsýn og skapar því enn meiri möguleika á því að vel takist til með verkefnið sem er ætlað að gefa innflytjendum heildstæða mynd af samfélaginu.

Um leið og verkefnið er alveg ný leið til að bæta þjónustu við innflytjendur er það um leið tilraunaverkefni um rafræna stjórnvíslnu og gefur mikilvægar upplýsingar um hvernig hægt er að gera stjórnvíslnu bæði aðgengilegri og skilvirkari fyrir alla. Af fyrri reynslu þykir ljóst að orðalistar eru mikilvægt tæki og hvetjandi fyrir fólk til að læra tungumálið.

Ábyrgð á framkvæmd

Fjölmenningssetrið á Ísafirði og opinberar þjónustustofnanir.

Aðrir þátttakendur

Heilbrigðis- og tryggingaráðneyti, félagsmálaráðuneyti.

Tímaáætlun

2005 – 2007.

Kostnaðaráætlun

Fyrir liggur fjárhagsáætlun upp á 5.250 þúsund krónur.

